



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Ákvörðun Póst- og  
fjarskiptastofnunar nr. 1/2009**

**varðandi viðmiðunartilboð Mílu ehf. fyrir  
opinn aðgang að heimtaugum**

Reykjavík, 19. febrúar 2009

## Efnisyfirlit

<b>1.0</b>	<b>Inngangur</b> .....	<b>3</b>
<b>2.0</b>	<b>Meginefni viðmiðunartilboðsins</b> .....	<b>12</b>
<b>2.1</b>	<b>Almennar athugasemdir fjarskiptafyrirtækja við viðmiðunartilboðið</b> .12	
<b>2.2</b>	<b>Almennar athugasemdir Mílu</b> .....	<b>12</b>
<b>2.3</b>	<b>Álit Póst- og fjarskiptastofnunar</b> .....	<b>12</b>
<b>3.0</b>	<b>Athugasemdir um einstök ákvæði viðmiðunartilboðsins og viðauka þess</b> 14	
<b>3.1</b>	<b>Gildistaka, gildistími og uppsögn samnings – Kafli 16</b> .....	<b>14</b>
3.1.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	15
3.1.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	17
<b>3.2</b>	<b>Tegundir aðgangs, yfirtaka heimtaugar og mánaðarverð fyrir heimtaugaleigu – Kaflar 1., 4. og 8. í viðauka 1a.</b> .....	<b>20</b>
3.2.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	21
3.2.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	23
<b>3.3</b>	<b>Uppsagnarfrestur heimtaugaleigu – Kafli 7 í viðauka 1a</b> .....	<b>25</b>
3.3.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	25
3.3.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	25
<b>3.4</b>	<b>Frestir til viðgerða – 6. tölul. kafla 2 í viðauka 1a</b> .....	<b>26</b>
3.4.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	26
3.4.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	27
<b>3.5</b>	<b>Frestir til staðfestingar umsókna og afhendingar heimtauga – Kafli 5.1 í viðauka 1a</b> .....	<b>28</b>
3.5.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	29
3.5.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	30
<b>3.6</b>	<b>Tilkynning um verðbreytingar – Kafli 8.6 í viðauka 1a</b> .....	<b>30</b>
3.6.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	31
3.6.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	31
<b>3.7</b>	<b>Afgreiðslufrestir vegna aðstöðuleigu – Kafli 3.2 í viðauka 1b</b> .....	<b>32</b>
3.7.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	32
3.7.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	32
<b>3.8</b>	<b>Aðgangur að heimtaug háður uppsögn fasts forvals – 4. tölul. 2. kafla viðauka 1a</b> .....	<b>33</b>
3.8.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	33
3.8.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	33
<b>3.9</b>	<b>Upplýsingar um nöfn og kennitölur notenda – 3. tölul. 1. mgr. 3. kafla viðauka 1a</b> .....	<b>34</b>
3.9.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	34
3.9.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	35
<b>3.10</b>	<b>Upplýsingagjöf úr línubókhaldi</b> .....	<b>35</b>
3.10.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	35
3.10.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	35
<b>3.11</b>	<b>Tilvísanir í vottorð framleiðenda fjarskiptabúnaðar og tæknilega hæfni – Kaflar 2.1 og 2.12</b> .....	<b>36</b>
3.11.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	36
3.11.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar .....	36
<b>3.12</b>	<b>Öryggisreglur og kostnaður vegna fylgdar leigutaka í símsstöðvum – Kafli 2.12 í viðauka 1b</b> .....	<b>36</b>
3.12.1	Athugasemdir hagsmunaaðila .....	38

3.12.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar.....	39
<b>3.13</b>	<b>Fjölbreyttari hýsingarkostir – Kafli 4.2.....</b>	<b>39</b>
3.13.1	Athugasemdir hagsmunaaðila.....	39
3.13.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar.....	39
<b>3.14</b>	<b>Tryggingar vegna aðstöðuleigu – Kafli 3.3 í viðauka 1b.....</b>	<b>40</b>
3.14.1	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar.....	40
<b>3.15</b>	<b>Kostnaður af veitingu og viðhaldi aðgangs að heimtaug – 2. mgr. 2. kafla</b>	<b>41</b>
3.15.1	Athugasemdir hagsmunaaðila.....	41
3.15.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar.....	41
<b>3.16</b>	<b>Verðhækkanir í samræmi við byggingarvísitölu – Kaflar 4.2, 4.5 og 4.6 í viðauka 1b.....</b>	<b>42</b>
3.16.1	Athugasemdir hagsmunaaðila.....	43
3.16.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar.....	44
<b>3.17</b>	<b>Umsjónarálag – Kaflar 4.3 og 4.4 í viðauka 1b.....</b>	<b>46</b>
3.17.1	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar.....	46
<b>3.18</b>	<b>Stofnkostnaður varðandi aðstöðuleigu – Kafli 4.3 í viðauka 1b.....</b>	<b>47</b>
3.18.1	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar.....	47
<b>3.19</b>	<b>Kostnaður vegna breytinga á húsnæði Mílu – 10. tölul. 2. kafla viðauka 1a</b>	<b>47</b>
3.19.1	Athugasemdir hagsmunaaðila.....	48
3.19.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar.....	48
<b>3.20</b>	<b>Stofngjöld og flutningsgjöld – Kaflar 8.1-8.4 viðauka 1a.....</b>	<b>49</b>
3.20.1	Athugasemdir hagsmunaaðila.....	49
3.20.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar.....	49
<b>3.21</b>	<b>Gjaldtaka fyrir útskiptingu og mælingar á línunum og flutnings lína af fjölsíma – Kaflar 8.1–8.5 viðauka 1a.....</b>	<b>50</b>
3.21.1	Athugasemdir hagsmunaaðila.....	50
3.21.2	Álit Póst- og fjarskiptastofnunar.....	51
<b>4.0</b>	<b>Gjald fyrir skráningu auðkenna á heimtaug í tengslum við netsímaþjónustu (VoIP) – Kafli 4, 5. mgr. 8. kafla og kafli 8.2 í viðauka 1a.....</b>	<b>52</b>
<b>4.1</b>	<b>Athugasemdir hagsmunaaðila.....</b>	<b>53</b>
	Bréf Símans til PFS, dags. 21. júní 2006.....	53
	Bréf PFS til Símans, dags. 12. júlí 2006.....	53
	Bréf Símans, dags. 30. ágúst 2006.....	53
	Bréf IP-fjarskipta (Hive) til PFS, dags. 10. nóvember 2006.....	54
	Bréf PFS til IP-fjarskipta (Hive), dags. 23. Nóvember 2006.....	55
	Bréf Símans til PFS, dags. 14. febrúar 2007.....	57
	Bréf Mílu til PFS, dags. 20. apríl 2007.....	57
	Bréf PFS til Mílu, dags. 25. september 2007.....	57
	Bréf Mílu til PFS, dags. 16. desember 2008.....	58
<b>4.2</b>	<b>Álit Póst- og fjarskiptastofnunar.....</b>	<b>58</b>

# 1.0 Inngangur

*Heimtaug* er heiti notað um símalínu sem tengir nettengipunkt hjá notanda við tengigrind símsstöðvar eða sambærilegan búnað. Heimtaugar eru í flestum tilvikum tveggja víra koparlínur sem þjóna hver fyrir sig einum viðskiptavini. Upphaflega voru koparheimtaugar fyrst og fremst notaðar fyrir aðgang að talsímaþjónustu og síðar einnig fyrir gagnaflutningsþjónustu með upphringimótöldum um talsímalínu eða með ISDN tengingu. Með tilkomu xDSL tækni opnaðist möguleiki á að skipta heimtauginni milli tveggja þjónustuveitenda þar sem annar veitir talsímaþjónustu og hinn gagnaflutningsþjónustu, þ.e. *skiptur aðgangur* að heimtaug.

Míla ehf. (áður Síminn hf.) er eigandi allra koparheimtauga sem eru í boði á heildsölumarkaði koparheimtauga. Í kjölfar setningar fjarskiptalaga nr. 107/1999, sem innihéldu ákvæði um skyldu fyrirtækis með umtalsverða markaðshlutdeild til að veita aðgang að heimtaugum, náðist samkomulag í lok árs 2000 milli fjarskiptafyrirtækja um aðgang að heimtaugum Símans. Á árinu 2002 var reglugerð ESB frá árinu 2000 um sundurgreindan aðgang að heimtaugum innleidd hér á landi. Í maí 2003 leit dagsins ljós fyrsta viðmiðunartilboð Símans fyrir opinn aðgang að heimtaugum (RUO). Verð fyrir heimtaugaleigu voru byggð á kostnaðargreiningu sem fram fór á árinu 2002.

Síminn tilkynnti PFS um nýtt viðmiðunartilboð í febrúar 2005 sem tók gildi 1. apríl s.á. PFS tók ofangreindar breytingar til skoðunar í samræmi við 1. mgr. 34. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003. Á haustmánuðum árið 2005 áttu sér stað töluverð bréfaskipti á milli PFS og Símans varðandi ofangreint viðmiðunartilboð. Með tölvupósti PFS til Símans, dags. 9. ágúst 2006, var félaginu tilkynnt um að umrædd skoðun yrði felld niður en í því fælist ekki að fallist yrði á sjónarmið Símans í málinu. Heppilegra þætti að skoða efnisatriði málsins í tengslum við yfirstandandi markaðsgreiningu á heildsölumarkaði fyrir aðgang að koparheimtaugum (M11).

Nokkur ágreiningsmál varðandi aðgang að heimtaugum sem vörðuðu viðmiðunartilboðin frá 2003 og 2005 hafa komið til kasta Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) á síðustu árum. Þar má helstar nefna eftirfarandi þrjár ákvarðanir:

- **Ákvörðun frá 23. júlí 2004 (Árbæjarstöð)**  
Síminn bar fyrir sig plássleysi í símsstöð sinni í Árbæ. Símanum var gert skylt að tryggja að Vodafone gæti tekið inn nýja viðskiptavini sem þörfuðust tenginga gegnum stöðina eins lengi og með sama fyrirvara og Síminn gæti tekið inn nýja viðskiptavini. Kröfu Símans um að Vodafone tæki þátt í kostnaði vegna viðbyggingar við Árbæjarstöð var vísað frá.
- **Ákvörðun frá 15. apríl 2005 (ADSL þjónustuflutningur)**  
Símanum var gert skylt að afgreiða tiltekna beiðni sem Vodafone sendi heildsölu fyrirtækisins og vörðuðu flutning úr ADSL þjónustu Símans yfir í ADSL þjónustu Vodafone þar sem skrifleg samþykki áskrifenda lágu ekki fyrir. Afgreiðsla umræddra pantana skyldi fara fram í samræmi við viðmiðunartilboð (RUO) Símans. Ekki var fallist á það með Símanum að um væri að ræða þjónustuflutning á smásölustigi. Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála staðfesti umrædda ákvörðun með úrskurði nr. 3/2005.

- **Ákvörðun frá 14. nóvember 2006 (Magnafsláttur af stofngjaldi)**  
Símanum var gert skylt að veita Hive afslátt af stofngjaldi heimtauga í samræmi við gildandi viðmiðunartilboð (RUO) í þeim tilvikum sem fleiri en ein beiðni bárust sama daginn um tengingu heimtaugar í sömu símsstöð.

Í febrúar 2006 tilkynnti Síminn PFS um minniháttar breytingar á viðmiðunartilboði fyrir opinn aðgang að heimtaugum.

Með bréfi Símans til PFS, dags. 21. febrúar 2007, var tilkynnt að heildsala Símans hefði gefið út nýtt viðmiðunartilboð (RUO) sem taka skyldi gildi 1. apríl 2007. Í frétt á heimasíðu Símans kom fram að breytingar frá gildandi viðmiðunartilboði væri að mestu smávægilegar orðalagsbreytingar.

Með bréfi, dags. 26. mars 2007, óskaði PFS eftir rökstuddri greinargerð frá Símanum um allar breytingar sem til stæði að gera frá gildandi viðmiðunartilboði. Svar Mílu ehf. barst með bréfi, dags. 20. apríl 2007, en þá hafði Míla formlega tekið við réttindum og skyldum heildsölu Símans varðandi heimtaugaleigu.

Með bréfi, dags. 26. júlí 2007, óskaði PFS eftir umsögnum frá fjarskiptafyrirtækjum um efni hins nýja viðmiðunartilboðs. Athugasemdir bárust frá tveimur fjarskiptafyrirtækjum, Og fjarskiptum ehf. (Vodafone), dags. 14. ágúst 2007 og IP-fjarskiptum ehf. (þá Hive), dags. 18. ágúst 2007.

Með bréfi PFS til Mílu, dags. 25. september 2007, veitti stofnunin félaginu tækifæri til að tjá sig um framkomnar athugasemdir. Þá var félaginu tilkynnt að PFS hefði í hyggju að sameina mál sem verið hefði til meðferðar hjá stofnuninni og tengdist kvörtun Hive, dags. 18. desember 2006, vegna sérstaks VoIP gjalds, því máli sem hér væri til umfjöllunar. Svar Mílu barst með bréfi, dags. 19. október 2007.

Þann 21. desember 2007 tók PFS ákvörðun nr. 26/2007 þar sem Míla var útnefnd með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir aðgang að koparheimtaugum (M11) og viðeigandi kvaðir voru lagðar á fyrirtækið. Félaginu var gert að veita aðgang að koparheimtaugum og tengdri aðstöðu, gæta jafnræðis og gagnsæis, framkvæma bókhaldslegan aðskilnað, færa kostnaðarbókhald og sæta eftirliti með gjaldskrá. Gjaldskrá Mílu skyldi byggja á kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Míla skyldi innan sex mánaða frá töku ákvörðunar leggja nýtt viðmiðunartilboð um heimtaugaleigu og kostnaðarlíkan fyrir PFS til samþykktar.

Míla tilkynnti PFS um nýtt viðmiðunartilboð um aðgang að heimtaug með bréfi, dags. 14. júlí 2008. Viðmiðunartilboðið er dagsett 11. júlí s.á. Meðfylgjandi var kostnaðarlíkan er varðaði hin mánaðarlegu heimtaugaleiguverð sem Míla kvað hafa verið í vinnslu síðastliðna sex mánuði. Kostnaðargreining varðandi stofngjöld, önnur aukagjöld, hýsingargjöld og önnur gjöld fyrir aðstöðuleigu hefur enn ekki verið afhent PFS en er væntanleg í mars 2009. Yfirferð kostnaðargreiningar Mílu varðandi heimtaugina stendur nú yfir hjá PFS. Sérstakt mál var stofnað um kostnaðargreininguna og kemur ágreiningur um verð fyrir heimtaugaleigu og tengda aðstöðu því ekki við sögu í þessu máli, að öðru leyti en því að leyst verður úr ágreiningsmáli er varðar hið sérstaka VoIP gjald í 4. kafla, auk kafla 3.15 - 3.21 sem fjalla um málefni er tengjast ýmsum tegundum gjaldtöku af hálfu Mílu.

Með bréfi PFS til Mílu, dags. 17. júlí 2008, var félaginu tilkynnt að þar sem í desember 2007 hefðu aðeins sex mánuðir verið í að Míla skyldi afhenda PFS nýtt viðmiðunartilboð hefði stofnunin ákveðið að bíða með yfirferð á breytingunum á viðmiðunartilboðinu frá 1. apríl 2007 og að skera úr um hið sérstaka VoIP gjald. Því hefði PFS ákveðið að sameina ofangreind mál nýju máli sem stofnað hefði verið vegna yfirferðar á hinu nýja viðmiðunartilboði. Í þessu nýja máli myndi PFS taka til skoðunar þær breytingar sem Míla hefði tilkynnt með viðmiðunartilboðunum frá apríl 2007 og júlí 2008, hið sérstaka VoIP gjald og önnur atriði sem markaðsaðilar hafa gert athugasemdir við eða PFS telur að eigin frumkvæði að betur megi fara í samræmi við ákvörðun PFS nr. 26/2007 og viðeigandi ákvæði fjarskiptalaga og reglugerða.

Í ofangreindu bréfi óskaði PFS ennfremur eftir því að Míla léti stofnuninni í té rökstudda greinargerð um allar þær breytingar sem gerðar hefðu verið frá því viðmiðunartilboði sem Míla tilkynnti um í apríl 2007. Sérstaklega var tekið fram að ekki bæri að gera grein fyrir eða rökstyðja verðbreytingar enda yrði fjallað um þær í sérstöku máli (kostnaðargreining) sem ekki færi í umsagnarferli.

Svar Mílu barst með bréfi, dags. 14. ágúst 2008. Fram kom að Míla hefði þegar svarað athugasemdum markaðsaðila vegna viðmiðunartilboðsins frá apríl 2007 og vísaðist til þess. Í hinu nýja viðmiðunartilboði væri komið til móts við margar athugasemdir markaðsaðila, auk þess sem sum atriðin sem athugasemdir hefðu verið gerðar við hefðu verið leyst með ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11). Að öðru leyti vísaði Míla til meðfylgjandi greinargerðar vegna breytinga á viðmiðunartilboðinu. Aðeins væru gerðar breytingar við viðmiðunartilboðið sjálft og viðauka 1a (grunnþjónusta) og 1b (aðstöðuleiga) en ekki aðra viðauka sem fjalla um tækniskilmála og tækniröfur. Að lokum kom fram að verð væru ekki birt á þessu stigi þar sem þau hefðu ekki verið samþykkt af hálfu PFS.

Með bréfum, dags. 25. ágúst 2008, óskaði PFS eftir umsögnum frá markaðsaðilum um hið uppfærða viðmiðunartilboð Mílu um opinn aðgang að heimtaugum. Athugasemdir bárust frá tveimur fjarskiptafyrirtækjum, Vodafone, dags. 26. september 2008 og TSC, dags. 15. október 2008.

Með bréfi PFS til Mílu, dags. 2. desember 2008, veitti stofnunin félaginu tækifæri á að tjá sig um framkomnar athugasemdir. Svar Mílu barst með bréfi, dags. 16. desember 2008.

Verður nú gerð nánari grein fyrir þeim athugasemdum sem bárust eftir því sem ástæða er til sem og þeim skýringum sem fengust hjá Mílu. Til hægðarauka verður umfjöllun skipt niður á eftirfarandi hátt:

*Í fyrsta lagi* verður gerð grein fyrir almennum athugasemdum fyrirtækjanna um viðmiðunartilboðið og gerð grein fyrir sjónarmiðum PFS. *Í öðru lagi* verður gerð grein fyrir þeim athugasemdum sem bárust varðandi einstaka liði viðmiðunartilboðsins, skýringar Mílu sem og sjónarmið PFS. *Í þriðja lagi* verður fjallað um hið sérstaka VoIP gjald.

## 1.1. Heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar

### 1.1.1. Fjarskiptalög nr. 107/1999, sbr. lög nr. 145/2001

Í 20. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti var í fyrsta sinn kveðið á um aðgang að heimtaugum. Þar sagði að þegar fjarskiptafyrirtæki gæti ekki tengst einstökum notendum sem væru tengdir fjarskiptaneti rekstrarleyfishafa með umtalsverða markaðshlutdeild vegna eðlis eða umfangs fjárfestingar í heimtaug gæti Póst- og fjarskiptastofnun ákveðið að fjarskiptafyrirtæki fengi beinan aðgang að einstökum notendum.

Í athugasemdum með frumvarpinu kom m.a. fram að í aðgangi að heimtaug fælist að fjarskiptafyrirtæki ættu lögvarinn rétt til að leigja aðgang að heimtaug af markaðsráðandi fyrirtæki. Vegna áratuga einkaréttar símastjórna í Evrópu á fjarskiptum væri almennt aðeins eitt fjarskiptanet sem næði til allra notenda. Þar af leiðandi þyrftu ný fjarskiptafyrirtæki að fjárfesta verulega í eigin netum ætluðu þau að ná til notenda almennt. Aðgangur að heimtaug væri því mikilvægur til að örva samkeppni á almennum notendamarkaði um allt land. Stafaði það af því að kostnaður við lagningu heimtaugar til venjulegs notanda væri mun hærri en sem næmi þeirri notkun sem fram færi til venjulegra heimilisnota.

Með 2. gr. laga nr. 145/2001 var 20. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti breytt. Var nú kveðið á um almenna skyldu markaðsráðandi fyrirtækis til að veita aðgang að heimtaugum samkvæmt fyrirfram ákveðnu viðmiðunartilboði sem væri eins konar heildsöluverðskrá fyrir veitta þjónustu. Áðurgildandi lög kváðu á um að PFS gæti ákveðið slíkan aðgang við nánar tilgreind skilyrði. Í frumvarpsathugasemdum kom fram að markmið frumvarpsins væri m.a. að tryggja aðgang að heimtaugum. Með frumvarpinu væri stefnt að innleiðingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2001 í íslenskan landsrétt til samræmis við kröfur sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið. Í ákvörðuninni hefði falist að fella bæri í EES-rétt reglugerð ESB nr. 2887/2000 um sundurgreindan aðgang að heimtaugum í notendakerfum sem tekið hefði gildi á aðildarríkjum ESB hinn 1. janúar 2001.

Þá kom fram í frumvarpinu að í 3. gr. reglugerðar ESB nr. 2887/2000 væri að finna kjarna aðgangsskyldu að heimtaug sem gilda myndu á öllu EES-svæðinu. Í 1. mgr. 3. gr. væri kveðið á um skyldu rekstrarleyfishafa til þess að gera aðgang að heimtaug og viðeigandi aðstöðu að hluta viðmiðunartilboðs. Í gildandi fjarskiptalögum væri þegar gert ráð fyrir því að rekstrarleyfishafar gæfu út viðmiðunartilboð og fæli samþykkt sameiginlegu EES-nefndarinnar í sér að lágmarkskröfur um innihald slíks tilboðs hefðu verið auknar svo heimtaugarleiga félli þar undir. Hér væri um að ræða lágmark þannig að unnt væri að gera kröfu um að viðmiðunartilboð innihéldi frekari upptalningu en fram kæmi í viðauka ef það er í samræmi við eftirspurn á markaði (markaðspörf). Tekið væri skýrt fram að viðmiðunartilboðið þyrfti að vera nægjanlega sundurgreint þannig að kaupendur þjónustunnar þyrftu ekki að greiða fyrir annað en það sem þeir hefðu þörf fyrir. Þá ætti að lýsa þeim netþáttum og skilmálum sem um væri að ræða, m.a. verði þjónustunnar.

Ennfremur kom fram að skylda Símans til að veita aðgang að heimtaug sinni hafi samkvæmt fjarskiptalögum nr. 107/1999 orðið virk 1. október 2000. Vegna fyrirhugaðrar gildistöku heimtaugarákvæðis fjarskiptalaga hefði PFS stofnað

vinnuhóp í ágúst 2000 með þátttöku fjarskiptafyrirtækja sem hagsmuna höfðu að gæta. Vinnuhópurinn hefði náð samkomulagi um verklag fyrir heimtaugaleigu í janúar 2001. Samkvæmt verklagsreglunum gætu fjarskiptafyrirtæki sem ekki ættu hagkvæman kost á eigin heimtaugum leigt þær af Símanum annaðhvort til að veita talsímabjónustu eða gagnaflutningsþjónustu eins og ADSL. Jafnframt væri í reglunum gert ráð fyrir því að Síminn leigði fjarskiptafyrirtækjum aðstöðu fyrir símabúnað þeirra í símstöðvum þar sem því yrði við komið en að öðrum kosti kæmu fjarskiptafyrirtækin sér fyrir í nágrenni símstöðvar. Af þessu öllu leiddi að símnotendur gætu nú pantað talsímabjónustu og/eða ADSL gagnaflutningsþjónustu hjá fleiri en einu fyrirtæki.

### **1.1.2. Reglugerð nr. 199/2002 um sundurgreindan aðgang að heimtaugum**

Reglugerð nr. 199/2002 frá 8. mars 2002 um sundurgreindan aðgang að heimtaugum var sett samkvæmt 20. gr. fjarskiptalaga nr. 107/1999. Þar kemur fram í 1. gr. að reglugerð ESB nr. 2887/2000 skyldi gilda hér á landi um aðgang að heimtaugum fyrirtækja með umtalsverða markaðshlutdeild. Tilgangur reglugerðarinnar er að herða á samkeppni og hvetja til tækninýjunga á heimtaugamarkaðinum með því að setja samræmd skilyrði fyrir sundurgreindan aðgang að heimtauginni til að ala á samkeppni í framboði fjarskiptaþjónustu. Ákvæði er um viðmiðunartilboð aðila með umtalsverðan markaðsstyrk sem skal ná til heimtauga og aðstöðu sem þeim tengjast (RUO).

Í viðauka með reglugerðinni er að finna skrá yfir þau atriði sem að lágmarki skulu vera í viðmiðunartilboði. Þar segir:

#### **A. Skilyrði fyrir sundurgreindum aðgangi að heimtaugum**

1. *Hlutar netsins sem aðgangur er boðinn að og ná einkum til eftirfarandi þátta:*
  - a) *aðgangur að heimtaugum,*
  - b) *aðgangur að heimtaugum með tíðnisvið sem ekki er fyrir raddflutning ef um sameiginleg afnot að heimtaugum er að ræða.*
2. *Upplýsingar um staðsetningu stöðva með efnislegum aðgangi (takmarka má aðgang að þessum upplýsingum við hagsmunaðila til að tryggja almannaoöryggi) og hvar heimtaugar eru tiltækar í tilteknum hlutum aðgangsnettsins.*
3. *Tæknileg skilyrði tengd aðgangi og notkun heimtaugar, þar með taldir tæknilegir eiginleikar samtvinnuðu víranna í heimtaugunum.*
4. *Málsmeðferð, að því er varðar pantanir og veitingu, og notkunartakmarkanir.*

#### **B. Hýsingarþjónusta**

1. *Upplýsingar um stöðvar tilkynnta rekstraraðilans (takmarka má aðgang að þessum upplýsingum við hagsmunaðila til að tryggja almannaoöryggi).*
2. *Valkostir um hýsingu á stöðvum sem tilgreindar eru í 1. lið (þar með talin efnisleg hýsing (e. physical collocation) og, þar sem við á, nágrennishýsing (e. distant collocation) og sýndarhýsing (e. virtual collocation)).*
3. *Eiginleikar búnaðar; takmarkanir, ef einhverjar eru, á búnaði sem hægt er að hafa í hýsingu.*
4. *Öryggisatriði; tilkynntir rekstraraðilar gera ráðstafanir til að tryggja öryggi staða sinna.*
5. *Aðgangsskilyrði fyrir starfsmenn rekstraraðila sem eiga í samkeppni.*
6. *Öryggisstaðlar,*
7. *Reglur fyrir úthlutun rýmis þar sem rými fyrir hýsingu er takmarkað.*
8. *Skilyrði fyrir réttthafa til að skoða staði, þar sem efnisleg hýsing er fyrir hendi, eða staði þar sem beiðni um hýsingu hefur verið synjað vegna skorts á rými.*



### C. Upplýsingakerfi

Skilyrði fyrir aðgangi að rekstrarstuðningskerfum tilkynnts rekstraraðila, upplýsingarkerfum eða gagnagrunnum fyrir forpantanir, veitingar, pantanir, beiðnir um viðhald og viðgerðir og gerð reikninga.

### D. Skilyrði fyrir veitingu

1. Frestur til að svara beiðnum um veitingu þjónustu og aðstöðu; samkomulag um þjónustustig, lagfæringar vegna bilana, aðferðir til að fara aftur á venjulegt þjónustustig og færðbreytur um gæði þjónustunnar.
2. Stöðluð samningsskilyrði, þar með talið, eftir því sem við á, bætur veittar ef afgreiðslufresturinn er ekki virtur.
3. Verð eða verðlagningarreglur fyrir hvern þátt, aðgerð og búnað sem skráð er hér að framan.

### 1.1.3. Fjarskiptalög nr. 81/2003

Ákvæði 34. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 er efnislega samhljóða ákvæði 20. gr. fjarskiptalaga nr. 107/1999, sbr. 2. gr. laga nr. 145/2001. Ákvæðið hljóðar svo:

#### 34. gr.

„Fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk í almennum fastasímanetum og talsímabjónustu skulu verða við öllum réttmætum og sanngjörnum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um aðgang að heimitaugum og aðstöðu er slíkur aðgangi tengist. **Gjöld fyrir aðgang og aðstöðu skulu byggjast á kostnaði, þ.m.t. edlilegri arðsemi af bundnu fjármagni.** Fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk skulu birta viðmiðunartilboð um aðgang að heimitaugum og tengdri aðstöðu. **Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist breytinga á viðmiðunartilboði, þ.m.t. verði.** Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að setja reglur um hvert skuli vera efni viðmiðunartilboðs.

Beiðnum um aðgang að heimitaugum skal aðeins hafnað á grundvelli hlutlægra viðmiðana, nauðsynjar þess að viðhalda heildstæði neta eða af tæknilegum ástæðum. Náist ekki samkomulag um aðgang getur aðili vísað málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerð um sundurgreindan aðgang að heimitaugum.“

Lög nr. 81/2003 öðluðust gildi hinn 25. júlí 2003. Í ákvæði II til bráðabirgða með lögnum kom fram að öllum kvöðum sem í gildi væru á fjarskiptafyrirtæki varðandi aðgang og samtengingu skyldi viðhaldið þangað til endurskoðun kvaðanna hefði farið fram að lokinni markaðsgreiningu.

Samkvæmt 16. gr. laganna skal skilgreina þjónustumarkaði og landfræðilega markaði í samræmi við meginreglur samkeppnisréttar og skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum. Sá markaður sem hér skiptir máli er heildsölumarkaður fyrir aðgang að koparheimtaugum (M11).

Markaðsgreiningu á ofangreindum markaði lauk með ákvörðun PFS nr. 26/2007 frá 21. desember 2007 þar sem Míla var útnefnt fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði og viðeigandi kvaðir voru lagðar á félagið. Fram til þess tíma giltu ákvæði fjarskiptalaga nr. 107/1999 með síðari breytingum og síðar fjarskiptalög nr. 81/2003 ásamt reglugerð nr. 199/2002 um sundurgreindan aðgang að heimitaugum. Fjarskiptalög nr. 81/2003 og reglugerð nr. 199/2002 gilda ennþá til fyllingar ákvörðun PFS nr. 26/2007.

### 1.1.4. Ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11)

Ákvörðun PFS nr. 26/2007 var tekin í kjölfar markaðsgreiningar á heildsölumarkaði fyrir aðgang að koparheimtaugum (markaður 11). PFS skilgreindi landfræðilegan

markað sem landið allt. Vöru- og þjónustumarkaðinn var skilgreindur í samræmi við tilmæli ESA en um var að ræða 1) heimtaugar á koparlínupari, 2) heimtaugargreinar og 3) skiptan aðgang. Ekki var talið að kapalkefni, ljósleiðaranet eða þráðlaus aðgangskerfi væri staðgönguþjónusta koparheimtauga og tilheyrðu því ekki viðkomandi markaði. Smásöluþjónusta sem reiddi sig á aðgang að heimtaug væri t.d. leigulínur, talsímaþjónusta, gagnaflutningur með upphringimótöldum, samnetþjónusta (ISDN) og bandbreiður gagnaflutningur, þ.m.t. internet. Nánast öll íbúðarhúsnæði og fyrirtæki í landinu væru tengd koparheimtaugakerfi Mílu og væri Míla eigandi allra heimtauga sem í boði væru á heildsölumarkaði koparheimtauga.

Í ofangreindri markaðsgreiningu var því lýst hvernig Síminn (nú Míla) hafi vegna einkaréttar í fjarskiptum setið í áratugi eitt fyrirtækja að uppbyggingu og rekstri koparheimtauga. Sú staða hefði ekki breyst mikið þrátt fyrir afnám einkaréttarins í ársbyrjun 1998. Þar sem Míla væri með 100% markaðshlutdeild, töluverðar aðgangshindranir væru á viðkomandi markaði og samkeppnin ekki virk hefði Míla verið útnefnt sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði.

Þar sem samkeppnin hefði ekki reynst virk á viðkomandi markaði og Míla væri í þeirri stöðu að getað hagað sér óhád samkeppni, viðskiptavinum og almennum notendum, lagði PFS viðeigandi kvaðir á Mílu, að teknu tilliti til eðlis þeirra skilgreindu samkeppnisvandamála sem greind höfðu verið á viðkomandi markaði, með það fyrir augum að efla samkeppni og standa vörð um hagsmuni notenda. Eftirtaldar kvaðir voru lagðar á Mílu: 1) aðgangur, 2) jafnræði, 3) gagnsæi, 4) bókhaldslegur aðskilnaður, 5) eftirlit með gjaldskrá og 6) kostnaðarbókhald. Við mat PFS á áhrifum umræddra kvaða hefði komið fram að þær væru í heildina litið byrði fyrir félagið en væru þó í samræmi við meðalhóf. Kvaðirnar væru að mörgu leyti í líkingu við þær kvaðir sem gilt höfðu á viðkomandi markaði, en bætt væri við atriðum sem reynslan hefði sýnt að upp á vantaði, lýst væri nánar innihaldi hvernar kvaðar og leitast væri við að gera þær gagnsærri og markvissari en þær kvaðir sem gilt höfðu fram að þessu.

Þar sem mál það sem hér er til meðferðar varðar yfirferð á viðmiðunartilboði fyrir opinn aðgang að heimtaug (RUO) verður samhengisins vegna gerð grein fyrir helstu skyldum Mílu varðandi kvöð um aðgang, jafnræði, gagnsæi og eftirlit með gjaldskrá hér að neðan.

### **Kvöð um aðgang**

Með heimild í 28. gr. og 34. gr. fjarskiptalaga lagði PFS þá kvöð á Mílu að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að heimtaugum í formi koparlína og tengdri þjónustu á heildsölustigi, hvort sem um væri að ræða fullan eða skiptan aðgang. En aðgangskvöðin ein og sér myndi ekki breyta yfirburðarstöðu Mílu á viðkomandi heildsölumarkaði. Kvöðin væri hins vegar nauðsynleg til þess að önnur fjarskiptafyrirtæki gætu veitt Símanum samkeppni um þjónustu á koparheimtaugum.

Sanngjörn beiðni um fullan eða skiptan aðgang að koparheimtaug væri beiðni um heimtaug sem ekki yrði í annarri notkun á þeim degi sem ný notkun væri ráðgerð. Hafa bæri í huga rétt hvers notanda til alþjónustu um nettengipunkt svo og nauðsyn þess að varðveita heildstæði netsins. Mílu væri einungis heimilt að takmarka aðgang að og notkun á heimtaugum á grundvelli grunnkrafna er varða rekstraröryggi fjarskiptanetsins í neyðartilfellum, samstæði þess og í rökstuddum tilvikum

rekstrarsamhæfni þjónustukerfa og vernd gagna. Míla skyldi verða við umsóknnum fjarskiptafyrirtækja um efri tíðnihluta koparheimtauga fyrir gagnaflutning jafnvel þó að neðri tíðnihlutinn væri ekki í notkun fyrir talsímaþjónustu. Kvaðir um aðgang fjarskiptafyrirtækja að koparheimtaugum skyldu einnig gilda fyrir hluta heimtauga, þ.e. frá tengiskáp í götu inn í byggingu notenda. Kvöð um aðgang var lögð á Mílu í öllum neðangreindum undirflokkum:

- *Fullur aðgangur* að neðra og efra tíðnisviði heimtaugarinnar.
- *Skiptur aðgangur* þar sem eitt fjarskiptafyrirtæki leigir neðri tíðnihlutann fyrir talsíma og annað efri tíðnihlutann fyrir gagnaflutning.
- *Strípaður talsími*, þ.e. heimtaugin eingöngu notuð fyrir talsíma.
- *Strípað xDSL*, þ.e. heimtaugin eingöngu notuð fyrir gagnaflutning.

Míla skyldi verða við öllum sanngjörnum beiðnum um samhýsingu búnaðar sem tengist koparlínunum og tengdri þjónustu. Skylda til að bjóða samnýtingu eða samhýsingu væri lögð á félagið varðandi þá aðstöðu sem fyrirtækið hefði yfir að ráða, þ.m.t. í byggingum og annarri aðstöðu. Gjöld fyrir aðgang skyldu vera byggð á sögulegum kostnaði eða öðrum aðferðum sem PFS mælti fyrir um hverju sinni. Míla skyldi heimila öðrum fjarskiptafyrirtækjum að setja nýja koparstrengi í rör félagsins sem ekki væru fullnýtt. Skylda til samhýsingar og samnýtingar næði til beiðna sem væru sanngjarnar og hefðu ekki í för með sér mikla aukningu á fjárhagslegri byrði. Sanngjörn beiðni um samhýsingu væri beiðni um laust rými í húsnæði Mílu en undir slíka skilgreiningu gæti einnig fallið beiðni sem hefði í för með sér stækkun eða nýbyggingu húsnæðis. Ef skylda til samnýtingar eða samhýsingar krefðist breytingar eða stækkunar skyldi Míla koma til móts við eðlilegar og sanngjarnar beiðnir. Næðist ekki samkomulag milli aðila um aðgang til samnýtingar eða samhýsingar gæti PFS ákveðið eðlileg og sanngjörn verð og skilyrði fyrir aðganginum.

Þá skyldi Míla veita aðgang að stoðkerfum og upplýsingum sem nauðsynlegar væru til þess að koparheimtaugar nýttust fyrir þann tilgang sem þær væru leigðar fyrir. Slíkur aðgangur gæti m.a. verið: 1) rekstrarstuðningur, 2) gagnagrunnur til að afla upplýsinga áður en pantað er, 3) afhending, 4) pantanir, 5) viðhald, 6) bilanaafgreiðsla og 7) reikningagerð.

Ennfremur kom fram að Míla skyldi afgreiða umsóknir um aðgang að koparheimtaugum og tengdri aðstöðu eins fljótt og auðið væri. Mílu væri óheimilt að veita deildum sínum eða tengdum fyrirtækjum forgang í afgreiðslu á kostnað annarra fjarskiptafyrirtækja. Synjun á aðgangi skyldi vera send með rafrænum hætti og innihalda rökstuðning fyrir ákvörðuninni. Rökstuðningurinn yrði að innihalda allar upplýsingar sem þyrfti til að hægt yrði að leggja mat á réttmæti synjunarinnar. Umsækjendur um aðgang skyldu hafa aðgang að afgreiðslukerfi Mílu til jafns við fyrirtæki innan Símasamstæðunnar í þeim tilgangi að getað fylgst með stöðu umsókna sinna og fengið upplýsingar um viðhald og viðgerðir heimtauga og um reikningagerð.

Að lokum kom fram að aðgangur sem Síminn og síðar Míla hefðu veitt öðrum fjarskiptafyrirtækjum mætti ekki draga til baka nema með samþykki PFS. Míla skyldi tryggja að sú þjónusta, sem væri fyrir hendi, stæði áfram til boða í hæfilegan tíma og að einungis væri heimilt að fella niður þjónustu að höfðu samráði við hlutadeigandi notendur og með samþykki PFS. Ef þjónusta yrði lögð niður skyldi tilkynna

hlutaðeigandi fjarskiptafyrirtækjum um fyrirhugaðar breytingar eins fljótt og unnt væri og eigi síðar en 6 mánuðum fyrir áætlaða breytingu.

### **Kvöð um jafnræði**

Með heimild í 30. gr. fjarskiptalaga lagði PFS þá kvöð á Mílu að gæta jafnræðis varðandi leigu koparheimtauga. Míla skyldi veita öllum leigjendum, þ.m.t. eigin deildum og tengdum fyrirtækjum, þjónustu með sömu skilmálum, afgreiðsluhraða, verðum, gæðum og framboði. Þær upplýsingar sem Míla öðlaðist frá öðru fyrirtæki við gerð samninga um aðgang eða að loknum samningum skyldu eingöngu notast í þeim tilgangi sem þær voru veittar og skyldu á öllum stigum meðhöndlaðar sem trúnaðarmál. Óheimilt væri að veita upplýsingarnar öðrum, þ.á.m. öðrum deildum fyrirtækisins, tengdum fyrirtækjum eða samstarfsaðilum.

### **Kvöð um gagnsæi**

Með heimild í 29. gr. fjarskiptalaga lagði PFS kvöð á Mílu um að viðhafa gagnsæi við leigu koparheimtauga. Míla skyldi birta opinberlega upplýsingar sem vörðuðu aðgang að koparheimtaugum, t.d. um bókhald fyrir heimtaugarnar, tæknilýsingar, einkenni neta, skilmála og skilyrði fyrir afhendingu og notkun ásamt gjaldskrá. Míla skyldi viðhalda og uppfæra eftir þörfum viðmiðunartilboð fyrir leigu koparheimtauga í heildsölu (RUO). Viðmiðunartilboðið skyldi vera sundurliðað í samræmi við viðauka við reglugerð nr. 199/2002 um sundurgreindan aðgang að heimtaugum. Viðmiðunartilboð og breytingar á því skyldi leggja fyrir PFS til samþykktar fyrir birtingu. Uppfært viðmiðunartilboð skyldi lagt fyrir PFS eigi síðar en sex mánuðum eftir birtingu ákvörðunar þessarar, þ.e. eigi síðar en 21. júní 2008. Þá skyldi Míla heimila öðrum fjarskiptafyrirtækjum opin aðgang að tæknisniðflötum, samskiptareglum eða annarri tækni sem tryggði gagnvirka þjónustu.

### **Kvöð um eftirlit með gjaldskrá**

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga lagði PFS þá kvöð á Mílu að ákveða gjaldskrá fyrir leigu á koparheimtaugum og tengda aðstöðu á grundvelli kostnaðar (þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni) og að sæta eftirliti PFS með gjaldskránni. Sundurliðun á leigu fyrir aðgang skyldi vera sem hér segir:

- Mánaðarlegt grunnverð sem ávallt mætti krefjast óháð notkun heimtaugarinnar.
- Mánaðarlegt aukagjald fyrir skiptan aðgang, þ.e. fyrir aðgang að efri hluta tíðnisviðs heimtaugarinnar með xDSL eða samsvarandi tækni.
- Gjöld fyrir hýsingu og aðgang að aðstöðu sem tengdist aðgangi að koparheimtaugum.

Þegar aðgangur skiptist á milli tveggja fjarskiptafyrirtækja skyldi sá greiða grunnverðið sem hefði aðgang að neðra tíðnisviðinu en hinn greiddi aukagjaldið. Þegar um strípað xDSL væri að ræða, þ.e. talsímabandið væri ekki í notkun, bæri leigjanda efra tíðnisviðsins að greiða grunnverðið engu að síður auk aukagjalds fyrir efra tíðnisviðið. Þá kom fram að allar breytingar á gjaldskrá Mílu vegna heimtaugarleigu þyrfti að tilkynna til PFS og myndu þær ekki öðlast gildi nema með samþykki PFS.

## 2.0 Meginefni viðmiðunartilboðsins

### 2.1 Almennar athugasemdir fjarskiptafyrirtækja við viðmiðunartilboðið

#### *Um VDSL þjónustu*

Í bréfi TSC ehf., dags. 15. október 2008, kom fram að félagið gerði ekki efnislegar athugasemdir við þær breytingar sem Míla hygðist gera á viðmiðunartilboðinu. Engu að síður vildi félagið vekja athygli á því að Míla hygðist bæta VDSL þjónustu við vöruframboð sitt. Það væri merkilegt í ljósi þess að þegar TSC var að hefja starfsemi og hafði fjárfest í tækjabúnaði sem gat notað koparheimtaugar með mun afkastameiri hætti en áður þekktist (VDSL) hefði Síminn (nú Míla) sett sig mjög harkalega upp á móti þeim fyrirtætlunum og tekist að koma í veg fyrir væntanlega markaðsherferð.

#### *Um kostnaðartengda gjaldskrá*

Í bréfi Vodafone, dags. 26. september 2008, benti félagið á að samkvæmt ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11) ætti Míla að ákveða gjaldskrá fyrir leigu á heimtaugum og tengda aðstöðu á grundvelli kostnaðar. Þá væri lögð á Mílu sú kvöð að gera kostnaðarlíkan fyrir heimtaugar sem sýndi hvernig kostnaðarliðir væru heimfærðir á mismunandi kostnaðarbera og staði. Bæri Mílu að ljúka gerð kostnaðarlíkansins eigi síðar en 6 mánuðum eftir birtingu ákvörðunarinnar. Nú væru liðnir 9 mánuðir frá því að umrædd ákvörðun hefði verið birt. Að mati Vodafone væri mikilvægt að þessari kvöð yrði framfylgt án tafar og skoraði félagið á PFS að sjá til þess.

### 2.2 Almennar athugasemdir Mílu

Í svarbréfi Mílu, dags. 16. desember 2008, kom fram að athugasemdir TSC ehf. vörðuðu ekki viðmiðunartilboðið efnislega og myndi Míla því ekki gera athugasemdir við þær í sambandi við það mál sem hér væri til umfjöllunar.

### 2.3 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

#### *Um VDSL þjónustu*

PFS tekur undir það með Mílu að athugasemd TSC ehf. varðandi þá breytingu á viðmiðunartilboðinu að bjóða upp á VDSL tengingar á heimtaugum varði viðmiðunartilboðið ekki efnislega. PFS mun því ekki fjalla frekar um þá athugasemd að öðru leyti en því að minna Mílu á að samkvæmt jafnræðiskvöð þeirri sem hvílir á félaginu samkvæmt ákvörðun PFS nr. 26/2007 skal félagið gæta jafnræðis varðandi leigu koparheimtauga. Míla má því ekki mismuna tengdum og ótengdum fyrirtækjum á nokkurn hátt, t.d. varðandi upplýsingagiöf um þróun þjónustuframboðs á koparheimtaugum. Eðlilegt er því að Míla kynni slíkar hugmyndir sínar öllum aðilum á sama tíma með rúmunum fyrirvara svo öll fyrirtæki standi jafnfætis varðandi framboð þjónustu þegar nýjungin stendur fjarskiptafyrirtækjum til boða.

### *Um kostnaðartengda gjaldskrá*

Sérstakt mál er til meðferðar hjá PFS varðandi yfirferð á kostnaðarlíkani og kostnaðartengdum verðum fyrir heimtaugar og tengda aðstöðu. Það mál tengist því máli sem hér er til umfjöllunar með óbeinum hætti enda eru slík verð hluti af því viðmiðunartilboði um opinn aðgang að heimtaugum sem hér er til umfjöllunar. Ljóst er þó að ný verð taka ekki gildi fyrr en þau hafa verið samþykkt af PFS.

Þann 14. júlí 2008 barst PFS kostnaðargreining Mílu fyrir heimtaugar. Með bréfi, dags. 12. september 2008, óskaði PFS eftir nánari skýringum á forsendum kostnaðargreiningarinnar. Með bréfi, dags. 8. desember 2008, barst svar Mílu en þar voru gerðar töluverðar leiðréttingar á kostnaðargreiningunni frá 14. júlí. Svar Mílu náði þó ekki til allra spurninga PFS og boðaði Míla að þau svör yrðu send fljótlega. Með bréfi, dags. 22. desember s.l., óskaði PFS eftir frekari skýringum á forsendum kostnaðargreiningarinnar auk ítrekunar um svör við spurningum sem ekki var svarað í bréfi Mílu þann 8. desember 2008. Svör bárust frá Mílu með bréfi, dags. 15. janúar s.l., þar sem Míla óskaði eftir rökstuðningi PFS vegna beiðni stofnunarinnar frá 12. september s.l. um að fá afhent virðisrýrnunarpróf sem unnið var í tengslum við gerð ársreiknings Mílu fyrir árið 2007.

Með bréfi, dags. 29. janúar s.l. óskaði PFS eftir kostnaðargreiningu á stofngjöldum, öðrum aukagjöldum og hýsingargjöldum þar sem umræddir liðir voru ekki kostnaðargreindir í upphaflegri kostnaðargreiningu Mílu frá 14. júlí 2008 þrátt fyrir skýr fyrirsmáli þar um í ákvörðun PFS nr. 26/2007. Míla kostnaðargreindi því aðeins mánaðargjöld heimtaugaleigu, þ.e. mánaðarleg grunnverð og mánaðarlegt aukagjald fyrir skiptan aðgang.

Ljóst er að verð fyrir heimtaugaleigu og tengda aðstöðu er gríðarlega mikilvæg fyrir þróun samkeppni á fjölmörgum fjarskiptamörkuðum. Því þarf að tryggja að kostnaðargreining á þeim markaði sé eins vönduð og unnt er. Við val PFS á aðferð við ákvörðun verðs fyrir heimtaugar lagði stofnunin áherslu á að aðferðin gæfi kost á að niðurstaða fengist á tiltölulega skömmum tíma en leiddi þó til niðurstöðu sem væri eðlileg og sanngjörn á báða bóga og verðlagningar sem ekki væri langt umfram raunverulegan kostnað, en tryggði Mílu jafnframt eðlilegan arð af fjárfestingum.

Í ákvörðun PFS nr. 26/2007 kemur m.a. fram að verð fyrir heimtaugaleigu á Íslandi hafi verið með þeim hæstu í evrópskum samanburði á árinu 2007. Þar kom einnig fram að þrátt fyrir að notkun sögulegs kostnaðar til þess að ákvarða aðgangsgjöld fyrir koparheimtaugar hefði ekki skilað þeim árangri sem vonast hefði verið eftir taldi PFS ekki tímabært að kveða á um aðrar aðferðir að svo stöddu. PFS taldi að hátt verð hér á landi væri ekki endilega afleiðing notkunar sögulegs kostnaðar og taldi að hægt yrði að ná fullnægjandi árangri ef leitast yrði við að gera kostnaðargreininguna vandaðri og markvissari en áður. Jafnframt kvaðst PFS ætla sér að nota heimild 4. mgr. 32. gr. fjarskiptalaga og taka mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem teldist rekin á hagkvæman hátt. Þá myndi PFS jafnframt meta út frá niðurstöðu kostnaðargreiningar hvort hentugra þyki að styðjast við LRIC aðferð frekar en að byggja á sögulegum kostnaði ef sú aðferð reynist ófullnægjandi grunnur að mati PFS.

Ljóst er af forsendum ákvörðunar PFS nr. 26/2007 og athugasemdum Vodafone að vonir stóðu til þess að kostnaðargreining á koparheimtaugum myndi leiða til verðlækkunar. Þá er ljóst að vonir PFS til skjótrar málsmeðferðar umræddrar

kostnaðargreiningar hafa ekki ræst, m.a. vegna þeirra löngu svarfresta sem Míla hefur tekið sér til að svara fyrirspurnum PFS um forsendur kostnaðargreiningarinnar og synjun um afhendingu tiltekinna upplýsinga. Nú er rúmt ár liðið frá birtingu ofangreindrar ákvörðunar og rúmt hálf tveimur árum frá því að Míla skilaði frumkostnaðargreiningu sinni. PFS hyggst á næstu vikum leggja mikla áherslu á að hraða yfirferð kostnaðargreiningar Mílu. Verði niðurstaða kostnaðargreiningarinnar óásættanlegar að mati PFS, miðað við þær forsendur sem Míla hefur byggt á, og málið dregst á langinn hyggst PFS styðjast við 4. mgr. 32. gr. fjarskiptalaga og taka mið af rekstri sambærilegrar þjónustu sem telst rekin á hagkvæman hátt í Evrópu.

### **3.0 Athugasemdir um einstök ákvæði viðmiðunartilboðsins og viðauka þess**

Hér á eftir verður fjallað um þá skilmála viðmiðunartilboðsins sem gerðar hafa verið athugasemdir við af hálfu markaðsaðila, auk þeirra skilmála sem PFS tók til skoðunar að eigin frumkvæði. Með öðrum orðum skoðast þeir skilmálar sem ekki er vikið sérstaklega að samþykktir af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar að svo stöddu. PFS áskilur sér þó rétt til að endurskoða þá afstöðu síðar ef ástæða þykir til. Til hægðarauka verða viðkomandi ákvæði viðmiðunartilboðsins og viðauka hans tilgreind í upphafi umfjöllunar:

#### **3.1 Gildistaka, gildistími og uppsögn samnings – Kafli 16**

Í fyrsta viðmiðunartilboði Símans fyrir opinn aðgang að heimtaugum frá maí 2003 var eftirfarandi ákvæði um gildistöku, gildistíma og uppsögn samnings:

*„Samningurinn tekur gildi við undirskrift og er ótímabundinn. Leigutaki getur sagt upp samningi þessum með 6 mánaða fyrirvara, nema riftunarástæður eigi við.“*

Breyting var gerð á ofangreindu ákvæði í viðmiðunartilboði Símans frá febrúar 2005. Hljóðaði ákvæðið svo:

*„Samningurinn tekur gildi við undirskrift og er ótímabundinn.*

*Samningsaðilar geta sagt upp samningi þessum með eins mánaðar fyrirvara.*

*Nú segir leigusali samningnum upp, sbr. 2. mgr., og skal hann þá samhliða uppsögn birta leigutaka nýtt viðmiðunartilboð um opinn aðgang að heimtaugum.*

*Við gildistöku nýs viðmiðunartilboðs fellur eldra viðmiðunartilboð úr gildi.“*

Breyting var enn gerð á ofangreindu ákvæði í viðmiðunartilboði Mílu frá apríl 2007. Hljóðaði ákvæðið svo:

*„Gildandi viðmiðunartilboð hverju sinni skal vera samningur á milli leigusala og leigutaka sem hafa undirritað samning um opinn aðgang að heimtaugum.*

*Samningsaðilar geta sagt upp samningi þessum með eins mánaðar fyrirvara.*

*Nú segir leigusali samningnum upp, sbr. 2. mgr., og skal hann þá samhliða uppsögn birta leigutaka nýtt viðmiðunartilboð um opinn aðgang að heimtaugum.*

*Við gildistöku nýs viðmiðunartilboðs fellur eldra viðmiðunartilboð úr gildi.“*

Ofangreint ákvæði var svo samhljóða í viðmiðunartilboðinu frá júlí 2008. Með bréfi Mílu til PFS, dags. 14. ágúst 2008, lagði Míla til breytingar á ákvæði 16. kafla þannig að það skyldi hljóða svo:

#### **„16.1 Nýr viðsemjandi**

*Þegar um er að ræða viðsemjendur sem ekki hafa þegar undirritað samning um aðgang að heimtaug við Mílu tekur tilboðið gildi við undirskrift beggja aðila undir samning þennan.*

#### **16.2 Samningur um aðgang að heimtaug er í gildi**

*Þegar í gildi er samningur um aðgang að heimtaug milli Mílu og leigutaka leysir nýtt viðmiðunartilboð um aðgang að heimtaug hinn fyrri af hólmi, án sérstakrar undirskriftar, þegar uppsagnarfrestur skv. gr. 16.4 er liðinn eða frestur vegna breytinga á viðmiðunartilboði skv. 16.3 er liðinn.*

#### **16.3 Breytingar á samningi**

*Nýtt viðmiðunartilboð skal birt til kynningar að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Á þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samningur milli Mílu og leigutaka.*

*Við gildistöku nýs viðmiðunartilboðs skal skýra eldri samninga um heimtaug með hliðsjón af hinum breyttu ákvæðum viðmiðunartilboðsins. Að jafnaði er ekki litið svo á að til þurfi að koma sérstök undirskrift Mílu og leigutaka vegna breytingar á efni samnings um aðgang að heimtaug, í hvert sinn sem viðmiðunartilboði er breytt.*

*Míla birtir „viðmiðunartilboð um aðgang að heimtaug“ á vef sínum, þar sem fram koma áformaðar breytingar á efni samnings um aðgang að heimtaug.“*

#### **16.4 Uppsögn**

*Hvor aðili um sig getur sagt samningnum upp með skriflegum hætti með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðarmót.*

*Nú segir Míla upp samningi og skal Míla þá samhliða birta nýjan samning um aðgang að heimtaug sem tekur gildi um leið og hinn eldri fellur úr gildi.“*

### **3.1.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Í skriflegri greinargerð Símans til PFS sem fram kom í bréfi, dags. 20. apríl 2007, kom fram að setningin „*Samningurinn tekur gildi við undirskrift og er ótímabundinn*“ í kafla 16 falli brott. Þá bætist eftirfarandi setning við umræddan kafla: „*Gildandi viðmiðunartilboð hverju sinni skal vera samningur á milli leigusala og leigutaka um opinn aðgang að heimtaug.*“

Í bréfi Vodafone til PFS, dags. 14. ágúst 2007, kom fram að félagið væri á þeirri skoðun að Mílu hefði verið óheimilt að birta nýtt viðmiðunartilboð um opinn aðgang að heimtaugum þann 1. apríl 2007, þar sem samþykki PFS hefði ekki legið fyrir. Var þetta sjónarmið rökstutt með þeim hætti að samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í fjarskiptalögum nr. 81/2003 skyldi öllum kvöðum sem í gildi væru á fjarskiptafyrirtækjum varðandi aðgang og samtengingu viðhaldið þar til endurskoðun kvaðanna hefði farið fram að lokinni markaðsgreiningu. Þar á meðal væru skyldur samkvæmt 20. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti og reglugerð nr. 199/2002 um sundurgreindan aðgang að heimtaugum varðandi birtingu viðmiðunartilboðs, kostnaðartengingu verða, eftirlit PFS með gjaldskrá og heimildir stofnunarinnar til að gera breytingar á viðmiðunartilboði, þ.m.t. verði. Þar sem ákvörðun um markað 11 lægi ekki fyrir yrði að telja í samræmi við ofangreint ákvæði til bráðabirgða að ofangreindar skyldur hvíldu á Mílu. Í ljósi þess mætti álykta svo að Mílu hefði verið skylt að bera allar breytingar á viðmiðunartilboði undir PFS til samþykkis áður en þær gætu öðlast gildi.



Í bréfi Mílu til PFS, dags. 19. október 2007, kom fram að félagið mótmælti þeim skilningi Vodafone að Mílu hefði verið óheimilt að birta nýtt viðmiðunartilboð um opinn aðgang að heimtaugum þann 1. apríl 2007 þar sem fyrirfram samþykki PFS hefði ekki legið fyrir. Vísað væri til ákvörðunar PFS nr. 13/2007. Samkvæmt þeirri ákvörðun hefði það verið niðurstaða PFS að birta skyldi nýtt viðmiðunartilboð um samtengingu talsímaneta (RIO) til kynningar að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tæki viðmiðunartilboðið gildi sem samtengingarsamningur milli Símans og viðsemjanda hans. Gætu viðsemjendur Símans ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tæki samtengingarsamningur aðeins gildi varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stæði um. Gæti hvor aðili um sig skotið ágreiningi um efni samtengingarsamnings/viðmiðunartilboðs til úrlausnar PFS. Við gildistöku nýs viðmiðunartilboðs skyldi skýra eldri samtengingarsamninga með hliðsjón af hinum breyttu ákvæðum viðmiðunartilboðsins. Að jafnaði væri ekki litið svo á að til þyrfti að koma sérstök undirskrift milli Símans og viðsemjanda vegna breytinga á efni samtengingarsamninga í hvert sinn sem viðmiðunartilboði væri breytt.

Míla teldi að þessi framkvæmd gæti einnig átt við um viðmiðunartilboð vegna opins aðgangs að heimtaugum (RUO). Í því samhengi gæti Míla fallist á að viðmiðunartilboðið sem tilkynnt hefði verið í febrúar 2007 tæki gildi 1. maí 2007 að því er varðaði þá þætti sem ekki væri ágreiningur um af hálfu viðsemjanda. Míla legði því til að 16. kafli viðmiðunartilboðsins yrði breytt þannig að það hljóðaði svo:

*„Nýtt viðmiðunartilboð skal birta til kynningar að minnsta kosti þremur mánuðum fyrir gildistöku þess. Að þeim tíma liðnum tekur viðmiðunartilboðið gildi sem samningur um opinn aðgang að heimtaug milli Mílu og viðsemjanda hans. Geti viðsemjendur Mílu ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tekur samningurinn aðeins gildi varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stendur um. Getur hvor aðili um sig skotið ágreiningi um efni samnings/viðmiðunartilboðs til úrlausnar Póst- og fjarskiptastofnunar. Við gildistöku nýs viðmiðunartilboðs skal skýra eldri samninga með hliðsjón af hinum breyttu ákvæðum viðmiðunartilboðsins. Að jafnaði er ekki litið svo á að til þyrfti að koma sérstök undirskrift milli Mílu og viðsemjanda vegna breytingar á efni samninga um opinn aðgang að heimtaug, í hvert sinn sem viðmiðunartilboði er breytt.*

*Samningsaðilar geta sagt upp samningi með 3ja mánaða fyrirvara.“*

Í bréfi Mílu til PFS, dags. 14. ágúst 2008, kom fram að breyting væri lögð til á kafla 16 um gildistöku, gildistíma og uppsögn samnings. Að sögn Mílu hefði ákvæði þetta verið fært til samræmis við ákvörðun PFS nr. 13/2007 (RIO) og væri því breytt frá viðmiðunartilboðinu, dags. 11. júlí 2008. Míla teldi að ofangreint mál er varðaði viðmiðunartilboð vegna samtengisamninga sé fordæmisgefandi um framkvæmd viðmiðunartilboða almennt. Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11) kæmi fram að viðmiðunartilboð og breytingar á því skyldu lagðar fyrir PFS til samþykktar. Að mati Mílu væri eðlilegt að málsmeðferð vegna breytinga á viðmiðunartilboði tæki ekki lengri tíma en 3 mánuði og væri frestur til gildistöku samningsákvæðisins því miðaður við 3 mánuði. Í samræmi við það væri einnig miðað við að gagnkvæmur uppsagnarfrestur á samningnum sé 3 mánuðir. Hins vegar væri hægt að segja upp einstökum heimtaugum með mánaðarfyrirvara, sbr. breytingar á viðauka 1a.

Í bréfi Vodafone til PFS, dags. 26. september 2008, kom fram að Vodafone legði til viðbætur við kafla 16.3 (breytingar á samningi) sem væri samhljóða samskonar ákvæði í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta (RIO). Viðbótin kvæði á um að gætu viðsemjendur Mílu ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tæki samningur um aðgang að heimtaug aðeins gildi varðandi þá

þætti sem enginn ágreiningur stæði um. Gæti hvor aðili um sig skotið ágreiningi um efni samnings/viðmiðunartilboðs til úrlausnar PFS.

Í bréfi Mílu til PFS, dags. 16. desember 2008, kom fram varðandi þá athugasemd Vodafone, að yrði ágreiningur um tiltekinn þátt viðmiðunartilboðs skyldi samningur eingöngu taka gildi að því er varðaði óumdeild atriði, væri ljóst að slíkt ákvæði gæti leitt til ójafnræðis milli samningsaðila Mílu. Í raun væri þetta óþarft ákvæði þar sem Míla þyrfti að leita eftir samþykki PFS á viðmiðunartilboði og breytingum á því og hagsmunaaðilar fengju tækifæri til að tjá sig áður en tilboðið tæki gildi.

### 3.1.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

#### *Viðmiðunartilboð Mílu frá apríl 2007*

Eins og að framan greinir var Vodafone á þeirri skoðun að Mílu hefði verið óheimilt að birta nýtt viðmiðunartilboð um opinn aðgang að heimtaugum þann 1. apríl 2007, þar sem samþykki PFS hefði ekki legið fyrir. Var þetta sjónarmið rökstutt með þeim hætti að samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II í fjarskiptalögum nr. 81/2003 skyldi öllum kvöðum sem í gildi væru á fjarskiptafyrirtækjum varðandi aðgang og samtengingu viðhaldið þar til endurskoðun kvaðanna hefði farið fram að lokinni markaðsgreiningu.

Ákvæði 34. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 fjallar um aðgang að heimtaugum og er efnislega samhljóða ákvæði 20. gr. fjarskiptalaga nr. 107/1999, sbr. 2. gr. laga nr. 145/2001. Ákvæði 1. mgr. 34. gr. hljóðar svo að svo miklu leyti sem hér skiptir máli:

*„Fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk ... skulu verða við öllum réttmætum og sanngjörnum beiðnum fjarskiptafyrirtækja um aðgang að heimtaugum og aðstöðu er slíkum aðgangi tengist. ... Fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk skulu birta viðmiðunartilboð um aðgang að heimtaugum og tengdri aðstöðu. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist breytinga á viðmiðunartilboði, þ.m.t. verði. ...“*

Í ákvæði II til bráðabirgða með lögum nr. 81/2003 kom fram að öllum kvöðum sem í gildi væru á fjarskiptafyrirtæki varðandi aðgang og samtengingu skyldi viðhaldið þangað til endurskoðun kvaðanna hefði farið fram að lokinni markaðsgreiningu.

Eins og fram kemur í 1. mgr. 34. gr. fjarskiptalaga skulu fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk birta viðmiðunartilboð um aðgang að heimtaugum og tengdri aðstöðu. Það gerði Síminn fyrst árið 2003 (í gildistíð fjarskiptalaga nr. 107/1999) og aftur á árinu 2005. Þá segir í lagaákvæðinu að PFS geti krafist breytinga á viðmiðunartilboði. Síminn tilkynnti í febrúar 2007 um nýtt viðmiðunartilboð sem skyldi öðlast gildi 1. maí s.á. Þegar hér var komið sögu var PFS langt komin með markaðsgreiningu á heildsölumarkaði fyrir aðgang að koparheimtaugum (M11). PFS tók hið nýtilkynnta viðmiðunartilboð til meðferðar og sendi það í umsögn til hagsmunaaðila. Umsagnir bárust á haustmánuðum 2007 og var yfirferð ekki lokið þegar ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11) leit dagsins ljós 21. desember 2007.

Með ákvörðun nr. 26/2007 var Míla útnefnt sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á ofangreindum markaði og viðeigandi kvaðir voru lagðar á fyrirtækið. Meðal kvaða var að Míla skyldi innan sex mánaða frá töku ákvörðunar leggja nýtt viðmiðunartilboð um heimtaugaleigu og kostnaðarlíkan fyrir PFS til samþykktar. Míla tilkynnti PFS um nýtt viðmiðunartilboð um aðgang að heimtaug með bréfi, dags. 14.

júlí 2008. Með bréfi PFS til Mílu, dags. 17. júlí 2008, var félaginu tilkynnt að þar sem í desember 2007 hefðu aðeins sex mánuðir verið í það að Míla skyldi afhenda PFS nýtt viðmiðunartilboð hefði stofnunin ákveðið að bíða með yfirferð á breytingunum á viðmiðunartilboðinu frá 1. apríl 2007. Því hefði PFS ákveðið að sameina ofangreind mál nýju máli sem stofnað hefði verið vegna yfirferðar á viðmiðunartilboðinu frá 11. júlí 2008. Þær breytingar sem gerðar voru á viðmiðunartilboðinu í apríl 2007 yrðu því teknar til skoðunar í hinu nýja máli.

PFS fellst ekki á það sjónarmið Vodafone að Mílu hafi verið óheimilt að birta nýtt viðmiðunartilboð um opinn aðgang að heimtaugum þann 1. apríl 2007. Í raun var um að ræða óverulegar breytingar á fyrra viðmiðunartilboði. Samkvæmt skýru orðalagi 1. mgr. 34. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 getur PFS krafist breytinga á viðmiðunartilboði. Ljóst er að PFS hefur í raun verið með umrætt viðmiðunartilboð til skoðunar frá febrúar 2007 ásamt viðmiðunartilboðinu frá júlí 2008. Fram til þessa hefur PFS hvorki samþykkt þær breytingar sem gerðar voru með umræddum viðmiðunartilboðum né krafist breytinga á þeim fyrr en í máli því sem hér er til umfjöllunar. Verður fjallað um einstakar breytingar á viðmiðunartilboðunum hér að aftan og mælt fyrir um breytingar á einstökum ákvæðum í viðeigandi undirköflum.

#### *Gildistaka, gildistími og uppsögn samnings*

Í bréfi Mílu til PFS, dags. 14. ágúst 2008, kom fram að breyting væri lögð til á 16. kafla. Að sögn Mílu hefði ákvæðið verið fært til samræmis við ákvörðun PFS nr. 13/2007 (RIO) og væri því breytt frá viðmiðunartilboðinu frá júlí 2008. Míla teldi að ofangreint mál væri fordæmisgefandi um framkvæmd viðmiðunartilboða almennt. Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11) kæmi fram að viðmiðunartilboð og breytingar á því skyldu lagðar fyrir PFS til samþykktar. Að mati Mílu væri eðlilegt að málsmeðferð vegna breytinga á viðmiðunartilboði tæki ekki lengri tíma en 3 mánuði og væri frestur til gildistöku samningsákvæðisins því miðaður við þann tíma. Í samræmi við það væri einnig miðað við að gagnkvæmur uppsagnarfrestur á samningnum sé 3 mánuðir.

Vodafone lagði til viðbætur við kafla 16.3 (breytingar á samningi) sem væri samhljóða samskonar ákvæði í viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta (RIO). Viðbótin kvæði á um að gætu viðsemjendur Mílu ekki fellt sig við alla þætti nýs viðmiðunartilboðs tæki samningur um aðgang að heimtaug aðeins gildi varðandi þá þætti sem enginn ágreiningur stæði um. Gæti hvor aðili um sig skotið ágreiningi um efni samnings/viðmiðunartilboðs til úrlausnar PFS. Míla taldi ljóst að slíkt ákvæði gæti leitt til ójafnræðis milli samningsaðila Mílu. Í raun væri þetta óþarft ákvæði þar sem Míla þyrfti að leita eftir samþykki PFS á viðmiðunartilboði og breytingum á því og hagsmunaaðilar fengju tækifæri til að tjá sig áður en tilboðið tæki gildi.

PFS er ekki sammála Mílu um að ákvörðun PFS nr. 13/2007 (RIO) sem fjallar um viðmiðunartilboð Símans um samtengingu talsímaneta sé fordæmisgefandi að öllu leyti um framkvæmd viðmiðunartilboða almennt. Í fyrsta lagi voru aðstæður í því máli ólíkar máli því sem hér er til umfjöllunar á þann hátt að markaðsgreiningar lágu ekki fyrir á samtengingarmörkuðum í talsímaneti (M8-10). Því hafði PFS ekki lagt þær kvaðir á Símann að ný viðmiðunartilboð öðluðust ekki gildi fyrr en með samþykki stofnunarinnar eins og reyndin er í máli þessu.

Í öðru lagi er sá lagagrundvöllur sem málin hvíla á ólíkur. Um samtengingu neta er fjallað í 24. gr. fjarskiptalaga. Þar er kveðið á um rétt og skyldu fjarskiptafyrirtækja sem starfrækja almenn fjarskiptanet eða almenna fjarskiptaþjónustu til að semja um samtengingu neta og þjónustu. Þarna ríkir því samningafrelsi að því marki sem viðmiðunartilboð um samtengingu takmarkar ekki svigrúm aðila og gæta verður að jafnræði á milli fjarskiptafyrirtækja. Ljóst er að tilteknaðar viðræður þurfa að fara fram á milli þeirra aðila sem samtengjast. Þessi sjónarmið eiga ekki eins vel við varðandi aðgang að heimtaugum. Þar gildir ákvæði 34. gr. fjarskiptalaga sem leggur skyldur á fjarskiptafyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk að verða við öllum réttmætum og sanngjörnum beiðnum annarra fjarskiptafyrirtækja um aðgang að heimtaugum og tengdri aðstöðu. Þarna er því ekki gert ráð fyrir viðamiklum samningaviðræðum heldur eiga fjarskiptafyrirtæki rétt á aðgangi að heimtaugum Mílu með nánar tilteknum skilyrðum og kjörum sem kveðið er á um í viðmiðunartilboði. Því spila sjónarmið um samspil viðmiðunartilboðs og samninga um heimtaugaleigu í því máli sem hér er til umfjöllunar ekki eins stórt hlutverk og sjónarmið um samspil viðmiðunartilboðs og samtengisamninga í fyrrgreindri ákvörðun.

PFS er einnig ósammála því mati Mílu að eðlilegt sé að málsmeðferð vegna breytinga á viðmiðunartilboði taki ekki lengri tíma en 3 mánuði og að frestur til gildistöku samningsákvæðisins sé því miðaður við þann tíma. Samkvæmt gagnsæiskvöð þeirri sem PFS lagði á Mílu á viðkomandi markaði tekur viðmiðunartilboð ekki gildi fyrr en samþykki PFS liggur fyrir eftir ítarlega málsmeðferð þar sem hagsmunadilum og Mílu er gefinn kostur á umsögnum og andmælum. Því geta hugmyndir Mílu um hæfilegan málsmeðferðartíma ekki haggð hinni skýlausu kvöð. Margt getur orðið til að mál sem þessi dragist á langinn. Málsmeðferðartími getur farið eftir eðli og umfangi breytinga á viðmiðunartilboði, gæðum skýringa og rökstuðnings fyrir fyrirhuguðum breytingum, umfangi og eðli athugasemda markaðsaðila og forgangsröðun og vinnuálagi hjá PFS og Mílu. Síðast en ekki síst getur vinna við kostnaðargreiningar sem eru grundvöllur verða í viðmiðunartilboðum tekið langan tíma eins og dæmin sanna.

Þykir því ekki varhugavert að fallast á það fyrirkomulag að gildandi viðmiðunartilboð um aðgang að heimtaugum sem leigusali og leigutaki hafa undirritað sé í raun samningur á milli aðila. PFS telur því rétt að breyta ákvæðum kafla 16.2 til samræmis við það. Þá telur PFS rétt að það sé fyrirvari í því ákvæði um hugsanlegar breytingar úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála eða dómstóla á samþykktu viðmiðunartilboði PFS.

Hins vegar verður tilvísun til þriggja mánaða uppsagnarfrests felld brott þar sem PFS fellst ekki á þriggja mánaða hámarkstíma til að samþykkja nýtt viðmiðunartilboð eða breytingar á því. Að mati PFS er þriggja mánaða uppsagnarfrestur samnings um aðgang að heimtaugum óþarflega langur í garð leigutaka, enda á leigutaki ekki að þurfa að kaupa þjónustu sem hann hefur ekki þörf fyrir. Míla hefur ekki fært rök fyrir því hvers vegna uppsagnarfresturinn ætti að vera lengri en einn mánuður. Þar sem uppsagnarfrestur einstakra leigulína er aðeins einn mánuður, sbr. kafla 3.3 hér að aftan, er vandséð hvers vegna lengri uppsagnarfrestur ætti að vera á samningnum í heild, enda gæti leigutaki sagt upp öllum heimtaugunum í einu og því verið laus allra mála eftir einn mánuð. Því telur PFS rétt að breyta uppsagnarfrestinum í einn mánuð miðað við mánaðarmót. Er það í samræmi við viðmiðunartilboð Símans og Mílu um heimtaugaleigu frá 2005, apríl 2007 og júlí 2008, áður en Míla lagði til með bréfi,

dags. 14. ágúst 2008, að lengja frestinn í 3 mánuði í samræmi við eðlilegan málsmeðferðartíma hjá PFS að mati Mílu. PFS hefur eins og áður segir hafnað slíkum hámarks málsmeðferðartíma.

Þá telur PFS að ákvæði um uppsögn samnings um aðgang að heimtaugum ætti aðeins að standa leigutaka til boða en ekki Mílu. Míla er sá aðili sem er með umtalsverðan markaðsstyrk á viðkomandi markaði og kvaðir hafa verið lagðar á. Önnur fjarskiptafyrirtæki eiga rétt á umræddum aðgangi með þeim skilyrðum og á þeim kjörum sem kveðið er á um í gildandi viðmiðunartilboði. Því verður ekki séð að þær aðstæður geti skapast að Míla geti sagt upp slíkum samningi. Míla getur hins vegar rift samningi vegna vanefnda leigutaka í samræmi við 8. kafla viðmiðunartilboðsins. Riftunarástæður sem leigusali getur beitt eru m.a. verulegar vanefndir leigutaka, greiðslustöðvun eða gjaldþrotaskipti leigutaka, óviðráðanleg atvik, uppsetning og/eða notkun leigutaka á búnaði sem ekki fullnægir tækniskilmálum. Jafnframt getur Míla lagt breytingar á viðmiðunartilboði fyrir PFS til samþykktar hvenær sem er telji félagið að einhver ákvæði þess þurfi breytingar við.

Að ofangreindu virtu leggur PFS til að ákvæði 16. kafla, sem ber yfirskriftina „Gildistaka, gildistími og uppsögn samnings“ hljóði svo:

#### **16.1 Gildistaka og gildistími - nýr viðsemjandi**

*Þegar um er að ræða viðsemjendur sem ekki hafa þegar undirritað samning um aðgang að heimtaug við Mílu tekur tilboðið gildi við undirskrift beggja aðila undir samning þennan. Samningur er ótímabundinn en getur tekið breytingum í samræmi við grein 16.2.*

#### **16.2 Breytingar á samningi vegna nýs viðmiðunartilboðs**

*Þegar í gildi er samningur um aðgang að heimtaug milli Mílu og leigutaka leysir nýtt viðmiðunartilboð um aðgang að heimtaug, sem samþykkt hefur verið af Póst- og fjarskiptastofnun, hinn fyrri af hólmi, án sérstakrar undirskriftar, með fyrirvara um hugsanlegar breytingar af hálfu úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála eða dómstóla.“*

#### **16.3 Uppsögn samnings**

*Leigutaki getur sagt samningnum upp með skriflegum hætti með eins mánaðar fyrirvara miðað við mánaðarmót.“*

### **3.2 Tegundir aðgangs, yfirtaka heimtaugar og mánaðarverð fyrir heimtaugaleigu – Kaflar 1., 4. og 8. í viðauka 1a.**

Í fyrsta viðmiðunartilboði Símans fyrir opinn aðgang að heimtaugum frá maí 2003 kom fram í 1. kafla viðauka 1a (Vörulýsing) að í boði væri tvenns konar aðgangur að heimtaug. *Skiptur aðgangur* sem takmarkaðist við efri hluta tíðnibandsins (gagnaflutningur) og *fullur aðgangur* sem veitti aðgang að öllu tíðnisviði heimtaugarinnar. Hélt þetta óbreytt í viðmiðunartilboðunum frá 2005 og 2007. Ákvæði 1. kafla var breytt í viðmiðunartilboði Mílu frá júlí 2008. Þar sagði:

*„Í boði er tvenns konar aðgangur að heimtaug:*

- *Grunnaðgangur: Aðgangur að koparheimtauginni ásamt aðgangi að neðri hluta tíðnibandsins.*

- *Skiptur aðgangur að heimtaug: Með því er átt við aðgang sem takmarkast við efri hluta tíðnisbandsins.*
- *Fullur aðgangur: Með því er átt við efri og neðri hluta tíðnisbandsins.*

*Grunnaðgangur, skiptur aðgangur, eða fullur aðgangur getur verið að allri heimtauginni eða að hluta hennar (heimtaugarhluti/subloop).“*

Með viðmiðunartilboði Mílu frá júlí 2008 bættist eftirfarandi nýmæli um yfirtöku á heimtaug í viðauka 1a og varð 4. kafli:

*„Verði notkun á neðri hluta tíðnisviðsins hætt (t.d. þegar talsímanúmeri er breytt yfir í VoIP númer yfir efra tíðnisviðið), þarf leigutaki að efra tíðnisviðinu að taka yfir fullan aðgang að heimtauginni.“*

Verðskráin í 7. kafla í viðauka 1a í fyrsta viðmiðunartilboði Símans frá 2003 var þannig uppbyggð að mánaðargjald heimtaugar án gagnaflutnings nam 825 kr., hlutdeild efri hluta tíðnisviðsins í skiptum aðgangi nam 272 kr. og fullur aðgangur nam samtölu þessara fjárhæða eða 1.097 kr. Samkvæmt þessu var ekki greitt fullt gjald nema efra tíðnisviðið væri einnig notað. Verðuppbyggingin hefur haldist óbreyttur í síðari viðmiðunartilboðum en fjárhæðir hækkað nokkuð.

### **3.2.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Síminn tilkynnti PFS um nýtt viðmiðunartilboð í febrúar 2005. Ákvæði 7. kafla viðauka 1a (Verðskrá) var breytt á þann veg að ljóst væri að ávallt skyldi greitt grunnverð fyrir aðgang að heimtaug (862 kr.). Jafnframt að veitandi gagnaflutningsþjónustu á efra tíðnisviði skyldi greiða grunnverð í þeim tilvikum sem enginn talsímaþjónusta var veitt á neðra tíðnisviðinu, ásamt aukagjaldi fyrir efra tíðnisvið (285 kr.), samtals 1.147 kr. Skipti þá ekki máli hvort enginn leigði neðra tíðnisviðið þegar veitandi gagnaflutningsþjónustu og/eða netsímaþjónustu tæki við efri hluta heimtaugar eða neðri hluta tíðnisviðs væri sagt upp á leigutímanum (yfirtaka á heimtaug).

PFS tók ofangreindar breytingar til skoðunar í samræmi við 34. gr. fjarskiptalaga. Á haustmánuðum árið 2005 áttu sér stað töluverð bréfaskipti á milli PFS og Símans varðandi ofangreint viðmiðunartilboð. Með tölvupósti PFS til Símans, dags. 9. ágúst 2006, var félaginu tilkynnt um að umrædd skoðun yrði felld niður en í því fælist ekki að fallist væri á sjónarmið Símans í málinu. Heppilegra þætti að skoða efnisatriði málsins í tengslum við yfirstandandi markaðsgreiningu á heildsölumarkaði fyrir aðgang að kóparheimtaugum (M11).

Síminn tilkynnti nýtt viðmiðunartilboð í febrúar 2007. Með bréfi Mílu til PFS, dags. 20. apríl 2007, var fjallað stuttlega um yfirtöku á heimtaug. Þar sagði að yrði notkun á neðra tíðnisviði hætt, t.d. þegar talsímanúmeri væri breytt yfir í VoIP númer í efra tíðnisviði, þyrfti leigutaki efra tíðnisviðsins að taka *fullan aðgang* að heimtauginni. Umsóknir skyldu vera skriflegar eða rafrænar og reiknaðist stofngjald að nýju. Með bréfi, dags. 14. ágúst 2007, gerði Vodafone athugasemdir við þessa framkvæmd. Hún væri í engu samræmi við markmið fjarskiptatilskipana ESB sem innleiddar hefðu verið í fjarskiptalög. Auk þess stangaðist slíkt á við þær skyldur sem PFS hygðist leggja á Mílu samkvæmt drögum að markaðsgreiningu á markaði 11.

Í bréfi, dags. 19. október 2007, benti Míla á að þótt leigutaki ákvæði að hætta notkun neðra tíðnisviðsins væri það samt sem áður grundvöllur þess að hægt væri að veita

þjónustu á efra tíðnisviði. Halda yrði línunni við í heild til þess að unnt væri að nýta efra tíðnisviðið og væri kostnaður við heimtaugina því engu minni. Eitt af mikilvægustu markmiðum fjarskiptatilskipana ESB væri að stuðla að uppbyggingu og fjárfestingu í fjarskiptanetum. Það væri í beinni andstöðu við það markmið ef fjarskiptafyrirtæki fengi ekki eðlilega arðsemi af fjárfestingu sinni enda hryndi þá grundvöllur þess að fjarskiptafyrirtæki byggði upp og héldi við fjarskiptanetum sínum. Jafnframt mætti benda á að ákvörðun um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði 11 hefði ekki tekið gildi. Færi svo að hún tæki gildi með þeirri kvöð á Mílu að veita skyldi skiptan aðgang ætti eftir að reikna út hvað sá aðgangur ætti að kosta.

Þann 21. desember 2007 tók PFS ákvörðun nr. 26/2007 þar sem Míla ehf. var útnefnt sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á markaði 11 og viðeigandi kvaðir voru lagðar á fyrirtækið. Meðal annars skyldi Míla leggja nýtt viðmiðunartilboð um heimtaugaleigu fyrir PFS til samþykktar innan sex mánaða frá töku ákvörðunarinnar. Míla tilkynnti PFS um nýtt viðmiðunartilboð um aðgang að heimtaug með bréfi, dags. 14. júlí 2008.

Í bréfi Mílu, dags. 14. ágúst 2008, kom fram að í hinu nýja viðmiðunartilboði væri komið til móts við margar athugasemdir markaðsaðila og úr öðrum athugasemdum hefði verið leyst með ákvörðun PFS nr. 26/2007 (markaður 11). Einkum athugasemd um að tekið væri gjald fyrir fullan aðgang að heimtaug þótt aðeins efra tíðnisviðið væri notað. Í ofangreindri ákvörðun væri gert ráð fyrir að taka skyldi grunnverð fyrir heimtaug óháð notkun hennar auk gjalds fyrir notkun á efra tíðnisviði. Þá hefði verið bætt við ákvæði um nýja tegund aðgangs, þ.e. *grunnadgangi*, auk skipts og fulls aðgangs. Þá kom fram í bréfi Mílu að breyting væri gerð á 8. kafla (Verðskrá). Kafli 8.1 nefnist nú „Grunnverð fyrir aðgang að heimtaug“ í stað „Verð fyrir aðgang að neðra tíðnisviði heimtaugar“. Breytingin stafaði af breytingum á starfsumhverfi Mílu og því væri nauðsynlegt að bæta og breyta orðalagi í verðskrárkaflanum.

Í bréfi, dags. 26. september 2008, gerði Vodafone athugasemdir við skilyrði varðandi yfirtöku á heimtaug. Athugasemdir væru gerðar við það fyrirkomulag að yrði notkun á neðra tíðnisviði hætt þyrfti leigutaki að efra tíðnisviðinu að auki að greiða grunngjald fyrir heimtaugina. Slíkt skilyrði væri ekki í samræmi við fjarskiptalög né ákvörðun PFS nr. 26/2007. Að mati Vodafone væri því óheimilt að leggja þá kvöð á leigutaka að greiða fullan aðgang að heimtauginni þegar hann þyrfti aðeins að nota annað tíðnisviðið.

Í bréfi, dags. 16. desember 2008, benti Míla á að þótt leigutaki tæki ákvörðun um að hætta notkun neðra tíðnisviðsins eða tæki á leigu heimtaug þar sem neðra tíðnisviðið væri ekki í notkun af öðru fjarskiptafyrirtæki yrði neðra tíðnisviðið samt sem áður grundvöllur þess að hægt yrði að veita þjónustu á efra tíðnisviði. Halda yrði línunni í heild við til þess að unnt væri að nýta efra tíðnisviðið. Kostnaðurinn við heimtaugina væri engu minni þótt notkun á neðra tíðnisviðinu yrði hætt. Jafnframt var bent á að í ákvörðun PFS nr. 26/2007 (markaður 11) væri gert ráð fyrir því að fyrirtæki greiddi grunngjald fyrir þann aukakostnað sem hlytist af bandvíðri notkun á heimtauginni. Ástæða þess að kostnaður við heimtaug væri talinn hærri við hækkun tíðni væri sú að þau sambönd sem hér um ræddi væru viðkvæmari fyrir alls kyns vandamálum.

### 3.2.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Með ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11) lagði PFS þá kvöð á Mílu að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að heimtaugum í formi koparlína og tengdri þjónustu á heildsölustigi, hvort sem um væri að ræða fullan eða skiptan aðgang. Míla skyldi verða við umsóknum fjarskiptafyrirtækja um efri tíðnihluta koparheimtauga fyrir gagnaflutning jafnvel þó að neðri tíðnihlutinn væri ekki í notkun fyrir talsímabjónustu. Kvöð um aðgang var lögð á Mílu í öllum neðangreindum undirflokkum:

- *Fullur aðgangur* að neðra og efra tíðnisviði heimtaugarinnar.
- *Skiptur aðgangur* þar sem eitt fjarskiptafyrirtæki leigir neðri tíðnihlutann fyrir talsíma og annað efri tíðnihlutann fyrir gagnaflutning.
- *Strípaður talsími*, þ.e. heimtaugin er eingöngu notuð fyrir talsíma.
- *Strípað xDSL*, þ.e. heimtaugin er eingöngu notuð fyrir gagnaflutning.

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga lagði PFS þá kvöð á Mílu að ákveða gjaldskrá fyrir leigu á koparheimtaugum og tengda aðstöðu á grundvelli kostnaðar (þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni) og að sæta eftirliti PFS með gjaldskránni. Sundurliðun á leigu fyrir aðgang skyldi vera sem hér segir:

- Mánaðarlegt *grunnverð* sem ávallt mætti krefjast óháð notkun heimtaugarinnar.
- Mánaðarlegt *aukagjald* fyrir skiptan aðgang, þ.e. fyrir aðgang að efri hluta tíðnisviðs heimtaugarinnar með xDSL eða samsvarandi tækni.
- Gjöld fyrir hýsingu og aðgang að aðstöðu sem tengdist aðgangi að koparheimtaugum.

Þá kom fram að þegar aðgangur skiptist á milli tveggja fjarskiptafyrirtækja skyldi sá greiða grunnverðið sem aðgang hefur að neðra tíðnisviðinu en hinn greiddi aukagjaldið. Þegar um strípað xDSL væri að ræða, þ.e. talsímabandið væri ekki í notkun, bæri leigjanda efra tíðnisviðsins að greiða grunnverðið engu að síður auk aukagjalds fyrir efra tíðnisviðið.

Með ofangreindri ákvörðun PFS var leyst úr því ágreiningsefni sem Vodafone ber hér upp. Ákvörðunin var ekki kærð til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála og gildir hún því að minnsta kosti þar til umrædd markaðsgreining verður endurskoðuð. IP-fjarskipti ehf. (Hive) gerði einnig athugasemdir við þetta atriði í tengslum við ofangreinda markaðsgreiningu. Á bls. 11 í viðauka B með ofangreindri ákvörðun komst PFS svo að orði:

*„Það fyrirkomulag sem PFS lýsir í frumdrögunum varðandi grunnjald og aukagjald fyrir skiptan aðgang hefur tíðkast undanfarin ár hér á landi. PFS taldi ekki hafa komið fram rök sem kalla á umbyltingu á þessari skiptingu. PFS telur að færa megi rök fyrir einhverjum kostnaðarauka af því að nota heimtaugina fyrir háhraðatengingar m.a. vegna þess að gera þarf meiri kröfur til ástands heimtauga sem notaðar eru á þann hátt heldur en heimtauga sem einungis eru notaðar fyrir hefðbundna talsímabjónustu. PFS hyggst hins vegar skoða það nánar hversu hár slíkur kostnaður getur verið þegar kemur að eftirfylgni kvaðar um eftirlit með gjaldskrá. PFS telur ennfremur að það sé ekki til framdráttar fyrir fyrirtæki sem vilja komast inn á xDSL markaðinn að tekin verði upp jöfn kostnaðarskipting milli efra og neðra tíðnisviðs heimtaugar.“*



Að öllu ofangreindu virtu er þeirri kröfu Vodafone hafnað að Mílu sé óheimilt að innheimta gjald fyrir fullan aðgang að heimtauginni þegar leigutaki þarf aðeins að nota efra tíðnisviðið.

Síminn (nú Míla) tilkynnti nýtt viðmiðunartilboð í febrúar 2007. Með bréfi Mílu til PFS, dags. 20. apríl 2007, var fjallað stuttlega um yfirtöku á heimtaug. Þar sagði að yrði notkun á neðra tíðnisviði hætt, t.d. þegar talsímanúmeri væri breytt yfir í VoIP númer í efra tíðnisviði, þyrfti leigutaki efra tíðnisviðsins að taka *fullan aðgang* að heimtauginni. Umsóknir skyldu vera skriflegar eða rafrænar og reiknaðist stofngjald að nýju. Eftirfarandi ákvæði, sem fyrst var bætt inn í viðmiðunartilboð Mílu frá apríl 2007, er að finna í 5. mgr. 8. kafla viðauka 1a við viðmiðunartilboð Mílu um opinn aðgang að heimtaugum frá 11. júlí 2008.

*„Nú hættir leigutaki að leigja skiptan aðgang að neðra tíðnisviði heimtaugar og skal leigutaki að efra tíðnisviði heimtaugar þá greiða leiguverð fyrir fullan aðgang að heimtaug skv. töflu 8.2. Einnig fellur til gjald skv. töflu 8.2 (Yfirtaka á heimtaug), vegna breytingar á skráningu í upplýsingakerfum.“*

Umrætt gjald sem vísað er til hér að ofan er gjald vegna yfirtöku á heimtaug vegna breytingar í VoIP að fjárhæð 1.060 kr. Fjallað verður um lögmæti þessa gjalds í kafla 4 hér að aftan.

Ljóst er að þær þrjár tegundir aðgangs sem fram koma í 1. kafla viðauka 1a (Vörulýsing) og getið er um hér að framan eru ekki að fullu í samræmi við þær fjórar tegundir aðgangs sem kveðið er á um í aðgangskvaðakafla ákvörðunar PFS nr. 26/2007, þ.e. 1) fullur aðgangur, 2) skiptur aðgangur, 3) strípaður aðgangur og 4) strípað xDSL. Því skal Míla breyta umræddum 1. kafla viðaukans í samræmi við neðangreint. Kaflinn sem skal áfram bera heitið „Vörulýsing“ skal hljóða svo:

*„Í boði er ferns konar aðgangur að heimtaug:*

- *Fullur aðgangur að neðra og efra tíðnisviði heimtaugarinnar.*
- *Skiptur aðgangur þar sem eitt fjarskiptafyrirtæki leigir neðri tíðnihlutann fyrir talsíma og annað efri tíðnihlutann fyrir gagnaflutning.*
- *Strípaður talsími, þ.e. heimtaugin er eingöngu notuð fyrir talsíma.*
- *Strípað xDSL, þ.e. heimtaugin er eingöngu notuð fyrir gagnaflutning.*

*Fullur aðgangur, skiptur aðgangur, strípaður talsími og strípað xDSL getur verið að allri heimtauginni eða að hluta hennar (heimaugarhluti/subloop).“*

PFS fer fram á ofangreinda breytingu þar sem Míla virðist hafa blandað saman umræddum fjórþættum aðgangi og verði fyrir aðgang. Í umræddri ákvörðun kom fram að þegar aðgangur skiptist á milli tveggja fjarskiptafyrirtækja skyldi sá greiða grunnverðið sem aðgang hefur að neðra tíðnisviðinu en hinn greiðir aukagjaldið. Þegar um strípað xDSL væri að ræða bæri leigjanda efra tíðnisviðsins að greiða grunnverðið engu að síður auk aukagjalds fyrir efra tíðnisviðið. Umrætt verðfyrirkomulag gerir það ekki að verkum að leigjandi strípaðs xDSL leigi fullan aðgang þrátt fyrir að hann þurfi að greiða fyrir ígildi slíks aðgangs.

Af ofangreindu leiðir einnig að ákvæði 4. kafla viðauka 1a um yfirtöku heimtaugar sem var nýmæli í viðmiðunartilboðinu frá júlí 2008 skal falla brott þar sem það er ekki í samræmi við ofangreinda ákvörðun PFS að leigutaki að efra tíðnisviðinu beri

að taka yfir fullan aðgang að heimtauginni verði notkun á neðri hluta tíðnisviðsins hætt (t.d. þegar talsímanúmeri er breytt yfir í VoIP númer yfir efra tíðnisvið). Míla skal því fella 4. kafla viðaukans brott og uppfæra önnur kaflanúmer til samræmis við þá breytingu.

### **3.3 Uppsagnarfrestur heimtaugaleigu – Kafli 7 í viðauka 1a**

Í fyrsta viðmiðunartilboði Símans fyrir opinn aðgang að heimtaugum frá maí 2003 var eftirfarandi ákvæði um uppsögn heimtaugaleigu í 6. kafla viðauka 1a:

*„Uppsögn á heimtaugaleigu skal tilkynnt leigusala skriflega eða á rafrænu formi með minnst 2 mánaða fyrirvara. Leiga á heimtaug verður ekki framseld þriðja aðila.“*

Breyting var gerð á ofangreindu ákvæði í viðmiðunartilboði Símans frá febrúar 2005 og var uppsagnarfrestur lengdur í þrjú mánuði. Hljóðaði ákvæðið svo:

*„Uppsögn á heimtaugaleigu skal tilkynnt leigusala skriflega eða á rafrænu formi með minnst 3 mánaða fyrirvara. Leiga á heimtaug verður ekki framseld til þriðja aðila.“*

Ákvæðið var svo óbreytt með viðmiðunartilboðum Mílu frá 1. apríl 2007 og 11. júlí 2008.

#### **3.3.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Í bréfi Vodafone til PFS, dags. 14. ágúst 2007, sem sent var í tengslum við viðmiðunartilboð Mílu frá apríl 2007 kom fram að félagið teldi þriggja mánaða uppsagnarfrest á heimtaugaleigu of langan og á engan hátt nauðsynlegan.

Í bréfi Mílu til PFS, dags. 19. október 2007, kom fram að félagið gæti fallist á að þar sem umræddum þriggja mánaða fyrirvara hefði ekki verið haldið til streitu í framkvæmd skyldi ákvæðið hljóða svo að uppsagnarfrestur væri einn mánuður og skyldi miða uppsögn við næstu mánaðamót frá því uppsögn var send með skriflegum hætti eða á rafrænu formi.

#### **3.3.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar.**

Eins og fram kemur hér að ofan var uppsagnarfrestur heimtaugaleigu tveir mánuðir samkvæmt fyrsta viðmiðunartilboðinu um opinn aðgang að heimtaugum frá 2003. Síminn lengdi umræddan frest í viðmiðunartilboðunum frá 2005 og 2007 í þrjú mánuði. Póst- og fjarskiptastofnun hefur aldrei lagt blessun sína á þá breytingu. Í athugasemdum Vodafone frá 14. ágúst 2007 kom fram það mat félagsins að umræddur þriggja mánaða frestur væri of langur og á engan hátt nauðsynlegur. Þetta féllst Míla á í bréfi sínu, dags. 19. október 2007, þar sem þessum langa fresti hefði ekki verið haldið til streitu í framkvæmd. Því skyldi uppsagnarfrestur vera einn mánuður og skyldi miða uppsögn við næstu mánaðamót frá því uppsögn er send.

Þrátt fyrir ofangreinda afstöðu Mílu er ennþá að finna þriggja mánaða uppsagnarfrest á heimtaugum í 7. kafla viðauka 1a viðmiðunartilboðs félagsins frá 11. júlí 2008. Míla hafði áður fallist á eins mánaðar uppsagnarfrest heimtauga og hefur félagið ekki rökstutt nauðsyn þriggja mánaða uppsagnarfrest eða skýrt umrædda breytingu á afstöðu sinni frá bréfi félagsins, dags. 19. október 2007. PFS telur eðlilegt að umræddur uppsagnarfrestur á heimtaugaleigu sé einn mánuður í samræmi við

sambærilegan uppsagnarfrest á samningi um opinn aðgang að heimtaugum, sbr. kafla 3.1 hér að ofan.

Að ofangreindu virtu leggur PFS til að ákvæði 7. kafla viðauka 1a (sem verður 6. kafli), sem ber yfirskriftina „Uppsögn“ hljóði svo:

*„Uppsögn á heimtaugaleigu skal tilkynnt leigusala skriflega eða á rafærnu formi með minnst eins mánaðar fyrirvara miðað við mánaðarmót. Leiga á heimtaug verður ekki framseld þriðja aðila“*

### **3.4 Frestir til viðgerða – 6. tölul. kafla 2 í viðauka 1a**

Í fyrsta viðmiðunartilboði Símans fyrir opinn aðgang að heimtaugum frá maí 2003 var eftirfarandi ákvæði um viðgerð á stökum línunum í 7. tölul. 2. kafla viðauka 1a:

*„Hefja skal viðgerð vegna bilunar á stakri línu ekki síðar en sólarhring eftir að hún hefur verið tilkynnt.“*

Ákvæðið var óbreytt í 6. tölul. 2. kafla viðmiðunartilboðs Símans frá febrúar 2005. Breyting var gerð á ákvæðinu með viðmiðunartilboði Mílu frá apríl 2007. Hljóðaði ákvæðið svo:

*„Brugðist skal við bilun á stakri línu ekki síðar en næsta virka vinnudag eftir að hún hefur verið tilkynnt og skal viðgerð lokið í síðasta lagi 10 dögum eftir tilkynnta bilun.“*

Ákvæðið var svo óbreytt með viðmiðunartilboði Mílu frá 11. júlí 2008.

#### **3.4.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Með bréfi Mílu til PFS, dags. 20. apríl 2007, kom fram að ákvæði um viðbrögð við bilun á línu væri breytt. Áður hefði verið kveðið á um að „hefja“ skyldi viðgerð vegna bilunar á stakri línu ekki síðar en sólarhring eftir að hún væri tilkynnt. Nú væri miðað við að „brugðist“ skyldi við bilun ekki síðar en „næsta virka vinnudag“ eftir að hún hefði verið tilkynnt. Eftirfarandi orðum hefði einnig verið bætt við ofangreinda setningu: *„og skal viðgerð lokið í síðasta lagi 10 dögum eftir tilkynnta bilun.“* Umræddur 10 daga frestur ætti fyrst og fremst við um svæði sem lengst væru frá bækistöðvum félagsins á landsbyggðinni. Væri miðað við að þessum markmiðum yrði náð í 95% tilvika ef ekki væri þörf á jarðvinnu eða meiriháttar útskiptingu á búnaði. Á öðrum svæðum væru þessi tímamörk styttri.

Fram kom í bréfi Vodafone, dags. 14. ágúst 2007, að ekki væri ásættanlegt að viðgerð á línu gæti tekið allt að 10 dögum. Það væri of langur tími gagnvart viðskiptavinum. Skýringar Mílu væru ófullnægjandi varðandi þessa breytingu og m.a. þyrfti að koma fram með skýrum hætti hverjar hinar umræddu bækistöðvar væru.

Fram kom í bréfi Mílu, dags. 19. október 2007, að athugasemdir Vodafone séu að mati Mílu á misskilningi byggðar. Viðgerð á línunum væri í 95% tilvika lokið innan sólarhrings frá því bilun hefði verið tilkynnt. Það væri aðeins í undantekningartilvikum að viðgerð tæki lengri tíma og gæti þá til dæmis verið um að ræða staði sem væru langt frá mönnum bækistöðvum Mílu. Viðgerð á línu tæki að

jafnaði mun skemmri tíma. Hér væri þó verið að setja ýrstru tímamörk á erfiðustu tilvikin.

Í bréfi Vodafone, dags. 26. september 2008, kom fram að félagið ítrekaði fyrri athugasemdir sínar um að það sé á engan hátt ásættanlegt að viðgerð geti að jafnaði tekið svo langan tíma en telja yrði að 10 dagar séu of langur tími gagnvart viðskiptavinum. Að mati Vodafone ættu 5 dagar að vera nægur tími nema í algjörum undantekningartilvikum. Í ljósi þess ætti ákvæðið að vera orðað með þeim hætti að tryggt sé að Míla hefði ekki í öllum tilvikum möguleika á að draga viðgerð í allt að 10 daga.

Í bréfi Mílu, dags. 16. desember 2008, kom fram að ítrekað væri að viðgerð hjá Mílu tæki ekki að jafnaði 10 daga og orðalag tölulíðarins benti ekki til þess að svo væri, sbr. fyrri athugasemdir. Hins vegar væri eingöngu verið að setja viðmiðunarmörk sem væru aðeins nýtt þegar nauðsyn bæri til vegna aðstæðna. Hér vægust einnig á sjónarmið um kostnað og flýtimeðferð. Ljóst væri að ef Míla ætti í öllum tilvikum að ljúka viðgerð innan 5 daga þá yrði að hækka verðið.

### 3.4.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Í fyrsta viðmiðunartilboði Símans fyrir opinn aðgang að heimtaugaleigu frá 2003 kom fram að viðgerð vegna bilunar á stakri línu skuli hafin eigi síðar en sólarhring eftir að hún er tilkynnt. Ekki var kveðið á um tímamörk fram að lokum viðgerðar. Með viðmiðunartilboði Mílu frá apríl 2007 er ákvæðinu síðan breytt með þeim hætti að kveðið er á um að brugðist skuli við bilun eigi síðar en næsta virka vinnudag eftir tilkynningu um bilun og að viðgerð skuli lokið í síðasta lagi 10 dögum eftir tilkynnta bilun. Vodafone hefur ítrekað gert athugasemdir við þessa breytingu Mílu og hefur PFS ekki tekið afstöðu til hennar fram til þessa.

PFS telur til bóta að kveðið sé á um ýrstru tímamörk viðgerðar á stökum línnum eins og Míla hefur gert í þessu tilviki. Eins og fram kemur í skýringum Mílu lýkur viðgerð á línnum í 95% tilvika innan sólarhrings frá því bilun er tilkynnt. Það væri aðeins í undantekningartilvikum að viðgerð tæki lengri tíma og gæti þá til dæmis verið um að ræða staði sem væru langt frá mönnum bækistöðvum Mílu. Viðgerð á línu tæki að jafnaði mun skemmri tíma og væri hér um að ræða ýrstru tímamörk á erfiðustu tilvikin.

Þar sem ofangreindar upplýsingar frá Mílu gefa til kynna að 95% viðgerða sé lokið innan sólarhrings er mikilvægt að sú framkvæmd skíni í gegn í ákvæðinu sjálfu. Sú breyting sem Míla leggur til, að hefja skuli viðgerð næsta virka vinnudag eftir tilkynningu um bilun, samræmist ekki ofangreindri framkvæmd. Yrði fallist á hana gætu einfaldar viðgerðir tafist yfir helgi eða hátíðar. Til dæmis myndi viðgerð sem tilkynnt er á föstudagsmorgni geta tafist fram á mánudag eða þriðjudag. Slíkt gæti hæglega leitt til þess að umræddur 95% viðgerðarárangur myndi skerðast. Slíkt gengi í berhöggi við þá þróun sem hefur verið á evrópskri fjarskiptaframkvæmd og fjarskiptaregluverki í átt að styttri frestum varðandi hin ýmsu atriði, t.d. varðandi númeraflutning o.fl. PFS fellst því ekki á þá breytingu. Þá telur PFS óþarft að kveða sérstaklega á um hvenær hefja skuli viðgerð en leggja meiri áherslu á tímamörk viðgerðarloka.

PFS getur í sjálfu sér fallist á það 10 daga viðgerðartímamark sem Míla leggur til að gildi varðandi ýtrustu undantekningartilvik. Þessi frestur er t.d. styttri en sá 14 daga frestur um hámarkstíma til viðgerða í talsímanetinu sem mælt er fyrir um í núgildandi reglum PFS um lágmarkskröfur fyrir alþjónustu. PFS hyggst endurskoða þær reglur á yfirstandandi ári. Mikilvægt er að almenna reglan um eins sólarhrings viðgerðartímamörk nái til a.m.k. 95% tilvika eins og verið hefur. PFS leggur því til að það hlutfall verði orðað í ákvæðinu. PFS mun fylgjast með því með gagnaöflun að Míla uppfylli þessi gæðaviðmið um hámarkstíma til viðgerða stakra lína. Mikilvægt er þó að Míla taki sér ekki fleiri daga til viðgerða en þörf er á þar sem mikilvæg þjónusta, m.a. alþjónusta, er veitt á heimtaugum. Langvinnt fjarskiptaröf getur verið mjög bagalegt og jafnvel skaðlegt fyrir notendur.

Að ofangreindu virtu leggur PFS til að ákvæði 6. tölul. 2. kafla viðauka 1a hljóði svo:

*„Almennt skal ljúka viðgerð vegna bilunar á stakri línu innan sólarhrings frá því að hún er tilkynnt. Í erfiðustu undantekningartilvikum, t.d. á stöðum sem eru langt frá mönnum bækistöðvum Mílu, skal viðgerð lokið eigi síðar en 10 dögum eftir tilkynnta bilun. Að minnsta kosti 95% viðgerða skal lokið innan sólarhrings frá tilkynntri bilun.“*

### **3.5 Frestir til staðfestingar umsókna og afhendingar heimtauga – Kafli 5.1 í viðauka 1a**

Í fyrsta viðmiðunartilboði Símans fyrir opinn aðgang að heimtaugum frá maí 2003 var eftirfarandi ákvæði um staðfestingu og afgreiðslu umsókna um heimtaugaleigu í kafla 4.1 í viðauka 1a:

*„Innan þriggja vinnudaga frá því að umsækjandi hefur veitt allar upplýsingar og gefið skýringar á vafaatriðum skal leigusali staðfesta móttöku umsóknarinnar og að upplýsingar séu fullnægjandi.*

*Innan 10 vinnudaga frá því að umsókn berst skal leigusali tilkynna umsækjanda hvenær hægt verður að tengjast heimtauginni. Afhenda skal heimtaug eigi síðar en 20 dögum eftir móttöku fullnægjandi umsóknar. Leigusali skal upplýsa umsækjanda um að heimtaug sé tilbúin til notkunar. Sjái leigusali sér ekki fært að afhenda aðgang að heimtaug innan þessa tíma skal hann gefa umsækjanda viðhlítandi skýringar á drættinum. Leigusala er heimilt að áskilja mest 1 mánaða lágmarksleigu fyrir aðgang að heimtaug.“*

Ákvæðið var hliðstætt í kafla 4.2 í viðmiðunartilboði Símans frá febrúar 2005 að því viðbættu í lok 2. mgr. sagði að leigusali skyldi gæta jafnræðis milli allra leigutaka hvað afgreiðslu umsókna varðaði. Hljóðaði ákvæðið því svo:

*„Innan þriggja vinnudaga frá því að umsækjandi hefur veitt allar upplýsingar og gefið skýringar á vafaatriðum skal leigusali staðfesta móttöku umsóknarinnar og að upplýsingar séu fullnægjandi.*

*Innan 10 vinnudaga frá því að umsókn berst skal leigusali tilkynna umsækjanda hvenær hægt verður að tengjast heimtauginni. Afhenda skal heimtaug eigi síðar en 20 dögum eftir móttöku fullnægjandi umsóknar. Leigusali skal upplýsa umsækjanda um að heimtaug sé tilbúin til notkunar. Sjái leigusali sér ekki fært að afhenda aðgang að heimtaug innan þessa tíma skal hann gefa umsækjanda viðhlítandi skýringar á drættinum. Leigusala er heimilt að áskilja mest 1 mánaða lágmarksleigu fyrir aðgang að heimtaug. Leigusali skal gæta jafnræðis, milli allra leigutaka hvað afgreiðslu umsókna varðar.“*

Breytingar voru gerðar á ákvæðinu í viðmiðunartilboði Mílu frá apríl 2007. Í fyrsta lagi var frestur Mílu til að tilkynna umsækjanda hvenær hægt verður að tengjast heimtauginni frá því að umsókn berst er stytur úr 10 vinnudögum í 3 vinnudaga. Í

öðru lagi hefur orðinu „fullnægjandi“ verið bætt framan við orðið „umsókn“ varðandi ofangreindan tímafrestr. Í þriðja lagi var bætt við fyrirvara um að Mílu bæri einungis að afhenda heimtaug eigi síðar en 20 dögum eftir móttöku fullnægjandi umsóknar „þar sem koparheimtaug er til staðar“. Í fjórða lagi var fellt niður skilyrðið um að Míla skyldi gefa umsækjanda viðhlítandi skýringar ef félagið sæi sér ekki fært að afhenda heimtaug innan 20 daga frá móttöku fullnægjandi umsóknar. Ákvæðið hljóðaði því svo:

*„Innan þriggja vinnudaga frá því að umsækjandi hefur veitt allar upplýsingar og gefið skýringar á vafaatriðum skal leigusali staðfesta móttöku umsóknarinnar og að upplýsingar séu fullnægjandi.“*

*Innan þriggja vinnudaga frá því að fullnægjandi umsókn berst skal leigusali tilkynna umsækjanda hvenær hægt verður að tengjast heimtauginni. Afhenda skal heimtaug eigi síðar en 20 dögum eftir móttöku fullnægjandi umsóknar. Þetta á þó einungis við þar sem koparheimtaug er til staðar. Leigusali skal upplýsa umsækjanda um að heimtaug sé tilbúin til notkunar. Leigusala er heimilt að áskilja mest eins mánaðar lágmarksleigu fyrir aðgang að heimtataug. Leigusali skal gæta jafnræðis, milli allra leigutaka hvað afgreiðslu umsókna varðar.“*

Ákvæðið var svo óbreytt í viðmiðunartilboði Mílu frá 11. júlí 2008.

### **3.5.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Í bréfi Vodafone, dags. 14. ágúst 2007, kom fram að í viðmiðunartilboði Mílu frá apríl 2007 væri gert ráð fyrir að afhending á heimtaug skyldi fara fram eigi síðar en 20 dögum eftir móttöku fullnægjandi umsóknar í þeim tilvikum þar sem koparheimtaug væri til staðar. Þetta væri allt of langur afgreiðslufrestur og í engu samræmi við það sem eðlilegt er í nútímaþjórðfélagi. Slíkur afgreiðslufrestur ætti að hámarki að vera 5-7 virkir dagar.

Í bréfi Mílu, dags. 19. október 2007, kom fram að Vodafone hefði gert athugasemdir við að afhending á heimtaug skyldi fara fram eigi síðar en 20 dögum eftir móttöku fullnægjandi umsóknar. Míla gæti fallist á að rétt væri að hafa þetta eigi síðar en 10 virka daga, þar sem afhending á fyrirliggjandi heimtaug tæki mun skemmri tíma en umrædda 20 daga.

Í bréfi Mílu, dags. 14. ágúst 2008, sem sent var í kjölfar nýja viðmiðunartilboðsins frá 11. júlí 2008, kom fram að breyting væri lögð til á kafla 5.1 (Staðfesting og afgreiðsla umsóknar) í viðauka 1a. Breytingin fæli í sér að afhenda bæri fyrirliggjandi heimtaug eigi síðar en 10 dögum eftir móttöku fullnægjandi umsóknar í stað 20 daga eins og fram kæmi í drögum að viðmiðunartilboði frá 11. júlí 2008. Væri þetta til að koma til móts við athugasemdir sem fram hefðu komið við viðmiðunartilboð, dags. 1. apríl 2007. Samkvæmt tillögu Mílu skyldi ákvæðið því hljóða svo:

*„Innan þriggja vinnudaga frá því að umsækjandi hefur veitt allar upplýsingar og gefið skýringar á vafaatriðum skal leigusali staðfesta móttöku umsóknarinnar og að upplýsingar séu fullnægjandi.“*

*Innan þriggja vinnudaga frá því að fullnægjandi umsókn berst skal leigusali tilkynna umsækjanda hvenær hægt verður að tengjast heimtauginni. Afhenda skal heimtaug eigi síðar en 10 dögum eftir móttöku fullnægjandi umsóknar. Þetta á þó einungis við þar sem koparheimtaug er til staðar. Leigusali skal upplýsa umsækjanda um að heimtaug sé tilbúin til notkunar. Leigusala er heimilt að áskilja mest eins mánaðar lágmarksleigu fyrir aðgang að heimtataug. Leigusali skal gæta jafnræðis, milli allra leigutaka hvað afgreiðslu umsókna varðar.“*

Í bréfi Vodafone, dags. 26. september 2008, kom fram að félagið teldi að sá þriggja daga tímafrestrur sem Míla ætti að hafa til að staðfesta móttöku umsóknar og tíu daga

frestur til að afhenda heimtaug væri of langur og í engu samræmi við það sem eðlilegt væri í nútímaþjófélagi. Vodafone legði til tvo vinnudaga til að staðfesta móttöku og að hámarki sjö daga til að afgreiða umsókn.

Í bréfi Mílu, dags. 16. desember 2008, kom fram að Míla hefði þegar fallist á að stytta frest úr fyrri viðmiðunartilboði úr 20 dögum í 10 samanber fyrri svör félagsins. Þar sem ljóst væri að afgreiðsla Mílu á fyrirbyggjandi heimtaug væri í langflestum tilvikum undir 10 dögum gæti Míla fallist á að stytta staðfestingu móttöku umsóknar í 2 vinnudaga og afhendingu fyrirbyggjandi heimtaugar í 7 virka daga.

### 3.5.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Eins og fram kemur hér að ofan hefur Míla fallist á að stytta frest til staðfestingar móttöku umsóknar í 2 vinnudaga eins og Vodafone hafði farið fram á og frest til afhendingar fyrirbyggjandi heimtaugar í 7 virka daga, en Vodafone hafði farið fram á styttingu í 5-7 virka daga. Míla segir að þessi tímamörk séu í samræmi við gildandi framkvæmd. Þessar tillögur Mílu stytta fresti verulega miðað við áðurgildandi fresti. PFS telur að svo stöddu að fallast megi á þá fresti sem Míla leggur til í bréfi sínu frá 16. desember 2008. Þróun fjarskiptalöggjafar í Evrópu hefur verið í átt að mun styttri frestum en áður voru taldir hæfilegir, m.a. vegna þess að langir frestir geta verið samkeppnishamlandi.

Að ofangreindu virtu leggur PFS til að ákvæði kafla 5.1 (sem verður kafli 4.1) viðauka 1a hljóði svo:

*„Innan tveggja vinnudaga frá því að umsækjandi hefur veitt allar upplýsingar og gefið skýringar á vafaatriðum skal leigusali staðfesta móttöku umsóknarinnar og að upplýsingar séu fullnægjandi.*

*Innan þriggja vinnudaga frá því að fullnægjandi umsókn berst skal leigusali tilkynna umsækjanda hvenær hægt verður að tengjast heimtauginni. Afhenda skal heimtaug eigi síðar en sjö vinnudögum eftir móttöku fullnægjandi umsóknar. Þetta á þó einungis við þar sem koparheimtaug er til staðar. Leigusali skal upplýsa umsækjanda um að heimtaug sé tilbúin til notkunar. Leigusala er heimilt að áskilja mest eins mánaðar lágmarksleigu fyrir aðgang að heimtataug. Leigusali skal gæta jafnræðis, milli allra leigutaka hvað afgreiðslu umsókna varðar.“*

## 3.6 Tilkynning um verðbreytingar – Kafli 8.6 í viðauka 1a

Í fyrsta viðmiðunartilboði Símans fyrir opinn aðgang að heimtaugum frá maí 2003 var ekkert ákvæði um tilkynningar um verðbreytingar. Í viðmiðunartilboðinu frá 2005 var eftirfarandi ákvæði bætt við varðandi tilkynningu um verðbreytingar í kafla 7.1.5 í viðauka 1a:

*„Leigusali skal tilkynna leigutaka um verðbreytingar með a.m.k. 30 daga fyrirvara.“*

Ákvæðið var óbreytt í viðmiðunartilboðum Mílu frá 1. apríl 2007 (kafli 7.6) og 11. júlí 2008 (kafli 8.6).

### 3.6.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Pegar Síminn tilkynnti PFS um nýtt viðmiðunartilboð í febrúar 2005 kom fram að sett væri inn heimild fyrir leigusala að tilkynna leigutaka um verðskrárbreytingar með 30 daga fyrirvara. Ekki fylgdu nánari skýringar eða rökstuðningur varðandi umrædda breytingu.

### 3.6.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Ofangreint ákvæði um tilkynningu um verðbreytingar er að finna í viðauka 1a með viðmiðunartilboði um opinn aðgang fyrir heimtaugaleigu. Samskonar ákvæði er ekki að finna í verðskrárkafla viðauka 1b sem fjallar um aðstöðuleigu (hýsingu). Þær verðbreytingar sem átt geta við varðandi umrætt ákvæði í kafla 8.6 eru meðal annars mánaðargjöld fyrir aðgang að heimtaug (fullur aðgang, skiptur aðgangur o.s.frv.), stofngjöld og önnur einskiptisgjöld sem tengjast aðgangi að heimtaug.

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga lagði PFS þá kvöð á Mílu að ákveða gjaldskrá fyrir leigu á koparheimtaugum og tengda aðstöðu á grundvelli kostnaðar (þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni) og að sæta eftirliti PFS með gjaldskránni. Sundurliðun á leigu fyrir aðgang skyldi vera sem hér segir:

- Mánaðarlegt *grunnverð* sem ávallt mætti krefjast óháð notkun heimtaugarinnar.
- Mánaðarlegt *aukagjald* fyrir skiptan aðgang, þ.e. fyrir aðgang að efri hluta tíðnisviðs heimtaugarinnar með xDSL eða samsvarandi tækni.
- Gjöld fyrir hýsingu og aðgang að aðstöðu sem tengdist aðgangi að koparheimtaugum.

PFS telur ljóst að mánaðargjöld fyrir aðgang að heimtaug falla undir fyrstu tvo liðina hér að ofan og stofngjöld og önnur einskiptisgjöld falli undir seinasta liðinn hér að ofan, þ.e. gjöld fyrir „aðgang að aðstöðu sem tengist aðgangi að heimtaugum.“

Þar sem gjöld þau sem um er fjallað í 8. kafla viðmiðunartilboðs Mílu frá júlí 2008 skulu byggjast á kostnaði þarf að kostnaðargreina heimtaugina í heild til að finna út verð fyrir sérhverja þjónustu. PFS þarf að samþykkja þá kostnaðargreiningu en vinna stendur yfir af hálfu Mílu og PFS þarf að lútandi. Því er ljóst að Míla getur ekki breytt gjöldum sínum samkvæmt umræddum verðskrárkafla fyrr en PFS hefur samþykkt kostnaðargreiningu Mílu eða ákvarðað verð með öðrum hætti, t.d. með verðsamanburði.

Að ofangreindu virtu telur PFS að ákvæði kafla 8.6 um tilkynningu um verðbreytingar skuli orðaðar með þeim hætti að leigusali skuli tilkynna leigutaka um verðbreytingar með a.m.k. mánaðar fyrirvara miðað við mánaðamót *frá því Póst- og fjarskiptastofnun hefur samþykkt ný verð*. Þannig skulu t.d. verðbreytingar sem tilkynnt er um einhvern tímann í janúar ekki taka gildi fyrr en 1. mars. Mikilvægt er að leigutakar eigi kost á slíkum fyrirvara varðandi verðbreytingar svo þeir hafi möguleika á að breyta gjaldskránni sínum áður en ný gjaldskrá leigusala tekur gildi gagnvart þeim.

PFS leggur því til að ákvæði kafla 8.6 í viðauka 1a (sem verður kafli 7.6) orðist svo:



„Leigusali skal tilkynna leigutaka um verðbreytingar með a.m.k. mánaðar fyrirvara miðað við mánaðamót frá því Póst- og fjarskiptastofnun hefur samþykkt ný verð.“

### **3.7 Afgreiðslufrestir vegna aðstöðuleigu – Kafli 3.2 í viðauka 1b**

Í fyrsta viðmiðunartilboði Símans fyrir opinn aðgang að heimtaugum frá maí 2003 var eftirfarandi ákvæði um afgreiðslu umsóknar um hýsingu (aðstöðuleigu) í kafla 3.2 í viðauka 1b:

„Leigusali skal svara innan 2 vikna frá því að umsókn berst frá leigusala, og búið er að semja um kostnað við yfirferð umsóknar og leggja fram tilskyldar tryggingar, hvort nægilegt húsnæði sé til að uppfylla tilteknar óskir um hýsingu. Í því tilfalli að óskað er eftir hýsingu í símstöð á svæði þar sem ekki er fastur starfsmaður hefur leigusali 3 vikur til að svara umsókn um hýsingu.“

Ákvæðið var óbreytt í viðmiðunartilboðunum frá 2005 og 2007. Breyting var gerð á ákvæðinu með viðmiðunartilboði Mílu frá júlí 2008. Nú er talað um aðstöðuleigu í stað hýsingar. Hljóðar ákvæðið svo:

„Leigusali skal svara innan 2 vikna frá því að umsókn berst frá leigusala, og búið er að semja um kostnað við yfirferð umsóknar og leggja fram tilskyldar tryggingar, hvort nægilegt húsnæði sé til að uppfylla tilteknar óskir um aðstöðuleigu.  
Í því tilfalli að óskað er eftir aðstöðuleigu í símstöð á svæði þar sem ekki er fastur starfsmaður hefur leigusali 3 vikur til að svara umsókn um aðstöðuleigu.“

#### **3.7.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Í bréfi Vodafone, dags. 26. september 2008, kom fram að Vodafone legði til að afgreiðslutími umsóknar um aðstöðuleigu yrði stytur úr þeim tveimur vikum og þremur vikum sem kveðið væri á um. Að mati Vodafone ætti leigusali að svara innan viku frá því að umsókn bærst frá leigutaka og í þeim tilfellum sem óskað væri eftir hýsingu í símstöð á svæði þar sem ekki væri fastur starfsmaður ætti leigusali að hafa 2 vikur til að svara umsókn um aðstöðuleigu.

Í bréfi Mílu, dags. 16. desember 2008, kom fram að Míla væri tilbúin að fallast á að stytta umsókn í fyrra tilvikinu þannig að umsókn væri *að jafnaði* svarað innan viku og þar sem um væri að ræða svæði þar sem ekki væri fastur starfsmaður væri *að jafnaði* svarað innan tveggja vikna.

#### **3.7.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

Eins og fram kemur hér að ofan hefur Míla fallist á að stytta svarfrest varðandi aðstöðuleigu úr tveimur vikum í eina á svæðum þar sem fastur starfsmaður er fyrir hendi og úr þremur vikum í tvær vikur á svæðum þar sem ekki er fastur starfsmaður. Míla bætir að vísu við orðunum „að jafnaði“ sem ekki var áður. PFS telur að slíkt orðalag sé varasamt þar sem það leiði til þess að ógagnsæi geti aukist og gefið Mílu tækifæri til að vísa einhliða í slíkt orðalag. PFS telur einnig að hugmyndir Vodafone um styttingu umræddra tímafresta séu hóflegir. Styttri frestir eru einnig í samræmi við þróun fjarskiptalöggjafar í Evrópu. PFS hyggst því fallast á tillögu Vodafone, sem er í samræmi við tillögu Mílu að undanskildum orðunum „að jafnaði.“

Að ofangreindu virtu leggur PFS til að ákvæði kafla 3.2 viðauka 1b hljóði svo:

„Leigusali skal svara innan viku frá því að umsókn berst frá leigusala, og búið er að semja um kostnað við yfirferð umsóknar og leggja fram tilskyldar tryggingar, hvort nægilegt húsnæði sé til að uppfylla tilteknar óskir um aðstöðuleigu.

Í því tilfalli að óskað er eftir aðstöðuleigu í símstöð á svæði þar sem ekki er fastur starfsmaður hefur leigusali 2 vikur til að svara umsókn um aðstöðuleigu.“

PFS minnir Mílu á ákvörðun frá 23. júlí 2004 (Árbæjarstöð). Síminn bar fyrir sig plássleysi í símstöð sinni í Árbæ. Símanum var gert skylt að tryggja að Og fjarskipti ehf. (Vodafone) gæti tekið inn nýja viðskiptavini sem þörfuðust tenginga gegnum Árbæjarstöð, eins lengi og með sama fyrirvara og Síminn gæti tekið inn nýja viðskiptavini. Sömu sjónarmið eiga nú við varðandi samskipti Mílu og Símans annars vegar og Mílu og annarra fjarskiptafyrirtækja hins vegar.

### **3.8 Aðgangur að heimtaug háður uppsögn fasts forvals – 4. tölul. 2. kafla viðauka 1a**

Í fyrsta viðmiðunartilboði Símans fyrir opinn aðgang að heimtaugum frá maí 2003 var kveðið á um eftirfarandi skilmála í 5. tölul. 2. kafla viðauka 1a:

„Fullur aðgangur að heimtaug er ekki mögulegur þar sem fast forval er í boði á viðkomandi heimtaug. Þetta kemur ekki í veg fyrir að samfara uppsögn á föstu forvali komi þöntun á aðgangi að heimtaug.“

Ákvæðið var óbreytt í 4. tölul. 2. kafla viðmiðunartilboðs Símans frá febrúar 2005. Breyting var gerð á ákvæðinu með viðmiðunartilboði Mílu frá apríl 2007. Hljóðaði ákvæðið svo í 4. tölul. 2. kafla:

„Sé ákveðið fjarskiptafyrirtæki að veita þjónustuna fast forval á tiltekinni heimtaug, er ekki hægt að veita öðru fjarskiptafyrirtæki fullan aðgang að þeirri heimtaug, nema fasta forvalinu sé sagt upp fyrst.“

Ákvæðið var svo óbreytt í viðmiðunartilboði Mílu frá 11. júlí 2008.

#### **3.8.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Í bréfi Vodafone, dags. 26. september 2008, benti félagið á að Míla væri ekki að veita fast forval og að sjálfsögðu væri ekki hægt að veita fullan aðgang ef annað fyrirtæki væri að kaupa aðgang að öðru eða báðum tíðniböndunum. Í ljósi þess teldi Vodafone að ákvæði 4. tölul. 2. kafla ætti að vera orðað með eftirfarandi hætti:

„Sé ákveðið fjarskiptafyrirtæki að veita þjónustu á tiltekinni heimtaug, er ekki hægt að veita öðru fjarskiptafyrirtæki fullan aðgang að þeirri heimtaug.“

Í bréfi Mílu, dags. 16. desember 2008, kom fram að félagið gæti fallist á breytingartillögu Vodafone varðandi þetta atriði.

#### **3.8.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

Eins og fram kemur hér að ofan gerir Míla ekki athugasemdir við breytingartillögu Vodafone. PFS er sammála því að breytingin sé til bóta.

Að ofangreindu virtu leggur PFS til að ákvæði 4. tölul. 2. kafla viðauka 1a hljóði svo:

„Sé ákveðið fjarskiptafyrirtæki að veita þjónustu á tiltekinni heimtaug, er ekki hægt að veita öðru fjarskiptafyrirtæki fullan aðgang að þeirri heimtaug.“

### **3.9 Upplýsingar um nöfn og kennitölur notenda – 3. tölul. 1. mgr. 3. kafla viðauka 1a**

Í fyrsta viðmiðunartilboði Símans fyrir opinn aðgang að heimtaugum frá maí 2003 var ákvæði í 3. kafla viðauka 1a sem fjallaði um þær upplýsingar sem fylgja skyldu umsókn um aðgang að heimtaug. Ákvæði 2. tölul. 1. mgr. kaflans hljóðaði svo:

„Nafn notanda, heimilisfang, kennitölu og símanúmer (ef við á).“

Ákvæðið var óbreytt í viðmiðunartilboðinu frá 2005. Breyting var gerð á ákvæðinu með viðmiðunartilboði Mílu frá apríl 2007. Hljóðaði ákvæðið svo:

„Nafn notanda, heimilisfang, íbúðarnúmer og kennitala.“

Ákvæðið var svo óbreytt í viðmiðunartilboði Mílu frá 11. júlí 2008.

#### **3.9.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Í bréfi Vodafone, dags. 14. ágúst 2007, kom fram að félagið teldi óeðlilegt að sú krafa væri gerð að umsókn um aðgang að heimtaug skyldi innihalda upplýsingar um nafn notanda og kennitölu. Slík upplýsingagjöf stangaðist á við rétt fyrirtækja til viðskiptaleyndar gagnvart þriðja aðila. Auk þess væri fullnægjandi að veita upplýsingar um auðkenni á heimtaug (símanúmer eða leigulínunúmer) til að hægt væri að veita aðganginn.

Í bréfi Mílu, dags. 19. október 2007, kom fram að Míla teldi að hér væri um ófrávíkjanlegt skilyrði að ræða til þess að hægt væri að skrá notanda rétt en þetta væri grundvallaratriði við bilanaleit. Vegna skráningar á línu í svonefnt NMS kerfi þar sem símanúmer væru alltaf tengd kennitölu væri þetta grundvallaratriði. Míla benti á að fyrirtækið væri bundið trúnaðarskyldu við alla sína viðskiptavini, sbr. 10. gr. viðmiðunartilboðsins.

Í bréfi Vodafone, dags. 26. september 2008, ítrekaði félagið athugasemdir sínar sem fram komu í bréfi félagsins, dags. 14. ágúst 2007.

Í bréfi Mílu, dags. 16. desember 2008, kom fram að það væri mat félagsins að um mikilvægt skilyrði væri að ræða til þess að hægt væri að skrá notanda rétt auk þess sem það væri mjög mikilvægt við bilanaleit. Skilyrðið væri sett til að auka hagræði og þar með hraða við upptengingar á línunum og bilanagreiningu. Míla hefði einnig lagt áherslu á að fyrirtækið væri bundið trúnaði, sbr. 10. gr. í viðmiðunartilboði félagsins. Míla gæti hins vegar skilið sjónarmið Vodafone hvað þetta varðaði. Reynslan af samskiptagátt milli fyrirtækjanna sem tekin hefði verið upp fyrir u.þ.b. ári síðan hefði verið mjög góð að mati Mílu og í því ljósi gæti Míla fallist á að breyta skilyrðum við skráningar. Míla myndi því ekki gera þá kröfu að fjarskiptafyrirtæki veittu aðrar upplýsingar en kennitölu fjarskiptafyrirtækis sem heimtaugin væri skráð á og nafn tengiliðs hjá fjarskiptafyrirtækinu. Hins vegar benti Míla á að þetta gæti haft áhrif á upptengingartíma og bilanagreiningu. Augljóslega þyrfti Míla að fá upplýsingar er

nægðu til þess að unnt væri að veita þá þjónustu. Míla áskildi sér einnig rétt til hæfilegs tíma til að koma þessum nýja ferli á til að aðlaga ferla og skráningarkerfi.

### **3.9.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

Í 10. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga segir að notkun kennitölu sé heimil eigi hún sér málefnalegan tilgang og sé nauðsynleg til að tryggja örugga persónugreiningu. Í frumvarpsathugasemdum kom fram að kröfunni um málefnalegan tilgang yrði ekki fullnægt nema önnur auðkenni, svo sem nafn, heimilisfang eða viðskiptanúmer séu ófullnægjandi. PFS telur að hafa verði þetta ákvæði í huga við úrlausnarefni þetta.

Eins og fram kom hér að ofan hefur Míla fallist á að breyta skilyrðum við skráningar í tengslum við heimtaugaleigu. Míla kvaðst ekki ætla að gera aðrar kröfur en að leigutakar heimtaugar veittu upplýsingar um kennitölu sína og nafn tengiliðs og upplýsingar sem nægðu til þess að unnt væri að veita umbeðna þjónustu. Míla áskildi sér einnig rétt til hæfilegs tíma til að koma þessum nýja ferli á þar sem aðlaga þyrfti ferla og skráningarkerfi.

PFS telur óæskilegt að nöfn og kennitölur endanotenda séu grundvöllur skráningar í viðskiptum milli fjarskiptafyrirtækja ef slíkar upplýsingar eru ekki beinlínis nauðsynlegar. Míla heldur því ekki fram að slíkar upplýsingar séu nauðsynlegar í því tilviki sem hér um ræðir. PFS tekur því undir ofangreindar athugasemdir Vodafone og leggur til að upplýsingar um nöfn og kennitölur endanotenda verði ekki veittar í umsóknum um aðgang að heimtaugum. PFS telur þó rétt að veita Mílu hæfilegan frest til aðlögunar ferla og skráningarkerfa. Hæfilegur frestur að mati PFS er til 1. september 2009.

Að ofangreindu virtu leggur PFS til að ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 3. kafla viðauka 1a hljóði svo:

*„Heimilisfang og íbúðarnúmer endanotanda.“*

## **3.10 Upplýsingagjöf úr línubókhaldi**

Neðangreint nýmæli var bætt við 2. kafla viðauka 1a í viðmiðunartilboðinu frá 11. júlí 2008:

*„Míla veitir aðgang að upplýsingum úr línubókhaldi.“*

### **3.10.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Í bréfi Mílu, dags. 14. ágúst 2008, kom fram að nýjum tölulið (11. tölul.) hefði verið bætt við kafla 2 í viðauka 1a er fjallar um „Skilmála“. Þar segir nú að Míla skuli veita aðgang að upplýsingum úr línubókhaldi. Væri þessu ákvæði bætt við að beiðni PFS í tölvupósti dags., 10. júlí 2008, og væri í samræmi við ákvörðun PFS nr. 26/2007.

### **3.10.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

PFS telur að ákvæði þetta sé í samræmi við ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11) og fellst á útfærslu þess.

### **3.11 Tilvísanir í vottorð framleiðenda fjarskiptabúnaðar og tæknilega hæfni – Kaflar 2.1 og 2.12**

Ákvæði 1. og 2. mgr. kafla 2.1. í viðauka 1b er varðar almennar kröfur í tengslum við aðstöðuleigu (hýsingu) hljóðar svo:

*„Nú óskar leigutaki eftir aðstöðu í símsstöð eða tæknirými/tækjahúsi leigusala til uppsetningar á búnaði og skal þá leigutaki áður en slíkur aðgangur er veittur framvísa vottorði frá framleiðanda búnaðarins eða viðurkenndri prófunarstöð um að hann uppfylli tækniskilmála samningsins og viðauka við hann.*

*Nú framvísar leigutaki ekki vottorði skv. 1. mgr. og getur leigusali þá hafnað aðgangi leigutaka að símsstöð.“*

Ákvæði 1. másl. 1. mgr. kafla 2.12 í viðauka 1b er varðar öryggisreglur og aðgengi að búnaði í tengslum við aðstöðuleigu (hýsingu) hljóðar svo:

*„Ef upp er settur fjarskiptabúnaður, sem kann að hafa áhrif á annan fjarskiptabúnað, er leigusala heimilt að krefjast þess að lögð séu fram gögn er staðfesti, að þeir sem eigi að sjá um viðhald og rekstur slíks búnaðar, hafi til að bera nauðsynlega tæknilega færni og uppfylli eðlilegar öryggisreglur.“*

#### **3.11.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Í bréfi Vodafone, dags. 26. september 2008, kom fram að félagið vildi benda á að 1. og 2. mgr. kafla 2.1 í viðauka 1a bæri endurtekning á því sem segði í 3. og 4. mgr. kafla 9.1 í viðmiðunartilboðinu. Það sama ætti við um 1. másl. 1. mgr. kafla 2.12 en þar væri um að ræða endurtekningu á því sem segði í 12. kafla viðmiðunartilboðsins.

Í bréfi Mílu, dags. 16. desember 2008, kom fram að Míla væri tilbúin til að endurskoða umræddar endurtekningar ef þörf krefði.

#### **3.11.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

PFS telur að ofangreindar endurtekningar séu til bóta fremur en hitt. Þær auka gagnsæi þar sem viðmiðunartilboðið hefur að geyma nokkra viðauka, t.d. viðauka 1b sem fjallar um aðstöðuleigu (hýsingu). Sá sem kynnir sér viðaukann um aðstöðuleigu rekst því á umrædd ákvæði og þarf ekki að bera ákvæði viðmiðunartilboðsins sjálfs við viðaukann hvað þetta varðar.

PFS leggur því til að umræddar endurtekningar haldi sér.

### **3.12 Öryggisreglur og kostnaður vegna fylgdar leigutaka í símsstöðvum – Kafli 2.12 í viðauka 1b**

Í kafla 2.11 í viðauka 1b í viðmiðunartilboði Símans frá 2003 var að finna neðangreint ákvæði um öryggisreglur og aðgengi að búnaði í tengslum við aðstöðuleigu (hýsingu):

*„Leigusala er heimilt að gera kröfu til þess að þeir starfsmenn leigutaka sem sinna búnaði í húsnæði leigusala skili inn ferilskrá ásamt sakaskrá. Leigutaki skal virða þá almennu reglu að starfsmaður leigusalans eða aðili sem leigusalinn ræður til verksins, fylgi starfsmönnum fyrirtækisins þegar þeir þurfa að sinna búnaði sem staðsettur er í sama rými og búnaður leigusalans. Gerður verður sérstakur samningur um aðgengi og fylgdarþjónustu og greiðir leigutaki kostnað sem hlýst af fylgdinni.*

*Í einstaka tilfellum, t.d. þar sem aðgangsstýrikerfi er fyrir hendi, getur leigutaki samið um aðgang að búnaði sínum án fylgdar.*

*Starfsmenn leigutaka skulu í öllum tilfellum uppfylla umgengnisreglur leigusalans, sjá meðfylgjandi skjal. Sé reglum þessum ekki fylgt getur það leitt til uppsagnar á ákvæðum samnings um aðgang að búnaði án fylgdar.“*

**Ofangreindar umgengnisreglur hljóðuðu svo:**

- 1. Landssími Íslands hf. (hér eftir nefndur eigandi) og leigjandi skulu ganga frá skriflegum samningi um hýsingu áður en framkvæmdir hefjast eða uppsetning búnaðar. Í samningi skal nánar kveðið á um öryggi, aðgengi og umgengni, til viðbótar þeim reglum sem fylgja hér að neðan.*
- 2. Leigjandi skal virða þá almennu reglu að fulltrúi eiganda fylgi starfsmönnum leigjanda þegar þeir þurfa að sinna búnaði sínum. Í einstaka tilfellum, t.d. þar sem aðgangsstýrikerfi er fyrir hendi, getur fjarskiptafyrirtæki samið um aðgang að búnaði sínum án fylgdar.*
- 3. Allar breytingar, sem leigutaki kann að þurfa að gera í húsnæðinu vegna uppsetningar eða rekstrar búnaðar, eru háðar samþykki eiganda. Leigutaki ber allan kostnað sem hlýst af slíkum breytingum.*
- 4. Eigandi og leigjandi skulu að jafnaði einu sinni á ári halda sameiginlegan fund um umgengni og öryggi búnaðar. Þar skulu aðilar koma á framfæri ábendingum sínum varðandi bættu umgengni í húsum, öryggi búnaðar og fyrirhugaðar framkvæmdir eða breytingar.*
- 5. Snyrtimennska skal ávallt höfð að leiðarljósi og skulu starfsmenn leigjanda taka með sér jafn óðum allt rusl og annað sem til fellur vegna framkvæmda eða eftirlits.*
- 6. Leigutaki skal gæta ýtrustu varúðar í umgengni þar sem búnaður annarra aðila er til staðar í húsunum.*

*Breytingar voru gerðar á ofangreindu ákvæði kafla 2.11 með kafla 2.12 í viðauka 1b í viðmiðunartilboði Símans frá 2005. Í stað setningarinnar „Leigusala er heimilt að gera kröfu til þess að þeir starfsmenn leigutaka sem sinna búnaði í húsnæði leigusala skili inn ferilskrá ásamt sakaskrá“ kom setningin „Ef upp er settur fjarskiptabúnaður, sem kann að hafa áhrif á fjarskiptabúnað gagnaðila, er honum heimilt að krefjast þess að lögð séu fram gögn er staðfesti, að þeir sem eigi að sjá um viðhald og rekstur slíks búnaðar, hafi til að bera nauðsynlega tæknilega færni og uppfylli eðlilegar öryggisreglur.“*

**Fylgiskjal B með viðmiðunartilboðinu frá 2005 var efnislega samhljóða umgengnisreglunum með viðmiðunartilboðinu frá 2003 sem reifaðar voru hér að ofan. Ákvæði kafla 2.12 viðmiðunartilboðsins frá 2005 hljóðaði þá svo:**

*„Ef upp er settur fjarskiptabúnaður, sem kann að hafa áhrif á fjarskiptabúnað gagnaðila, er honum heimilt að krefjast þess að lögð séu fram gögn er staðfesti, að þeir sem eigi að sjá um viðhald og rekstur slíks búnaðar, hafi til að bera nauðsynlega tæknilega færni og uppfylli eðlilegar öryggisreglur. Leigutaki skal virða þá almennu reglu að starfsmaður leigusalans eða aðili sem leigusalinn ræður til verksins, fylgi starfsmönnum fyrirtækisins þegar þeir þurfa að sinna búnaði sem staðsettur er í sama rými og búnaður leigusalans. Gerður verður sérstakur samningur um aðgengi og fylgdarþjónustu og greiðir leigutaki kostnað sem hlýst af fylgdinni.*

*Í einstaka tilfellum, t.d. þar sem aðgangsstýrikerfi er fyrir hendi, getur leigutaki samið um aðgang að búnaði sínum án fylgdar.*

*Starfsmenn leigutaka skulu í öllum tilfellum uppfylla umgengnisreglur leigusalans, sjá meðfylgjandi fylgiskjal B. Sé reglum þessum ekki fylgt getur það leitt til uppsagnar á ákvæðum samnings um aðgang að búnaði án fylgdar.“*

**Ákvæði kafla 2.12 var óbreytt í viðmiðunartilboðinu frá apríl 2007. Það sama á við um reglurnar í fylgiskjali B. Breytingar voru gerðar á ákvæði 2.12 í viðauka 1b með viðmiðunartilboði Mílu frá 11. júlí 2008 og hljóðaði ákvæðið svo eftir breytingar:**

„Ef upp er settur fjarskiptabúnaður, sem kann að hafa áhrif á annan fjarskiptabúnað, er leigusala heimilt að krefjast þess að lögð séu fram gögn er staðfesti, að þeir sem eigi að sjá um viðhald og rekstur slíks búnaðar, hafi til að bera nauðsynlega tæknilega færni og uppfylli eðlilegar öryggisreglur. Lyklar eru afhentir hjá Þjónustustýringu Mílu að Jörfa, Stórhöfða 22-30. Við afhendingu lykla skal leigutaki skrá þau hús sem verið er að heimsækja og áætlaðan skilatíma á lykli. Lyklar skulu einungis afhentir aðilum sem hafa verið samþykktir sem viðhalds- og upplýsingaraðilar hjá viðkomandi fjarskiptafyrirtæki.

Starfsmenn leigutaka skulu í öllum tilfellum uppfylla umgengnisreglur leigusalans, sjá meðfylgjandi fylgiskjal B. Sé reglum þessum ekki fylgt getur það leitt til uppsagnar á ákvæðum samnings um aðgang að búnaði án fylgdar.“

Samkvæmt ofangreindu féllu neðangreindar setningar brott: „**Leigutaki skal virða þá almennu reglu að starfsmaður leigusalans eða aðili sem leigusalinn ræður til verksins, fylgi starfsmönnum fyrirtækisins þegar þeir þurfa að sinna búnaði sem staðsettur er í sama rými og búnaður leigusalans. Gerður verður sérstakur samningur um aðgengi og fylgdarþjónustu og greiðir leigutaki kostnað sem hlýst af fylgdinni. Í einstaka tilfellum, t.d. þar sem aðgangsstýrikerfi er fyrir hendi, getur leigutaki samið um aðgang að búnaði sínum án fylgdar.**“

Í staðinn komu eftirfarandi setningar: „**Lyklar eru afhentir hjá Þjónustustýringu Mílu að Jörfa, Stórhöfða 22-30. Við afhendingu lykla skal leigutaki skrá þau hús sem verið er að heimsækja og áætlaðan skilatíma á lykli. Lyklar skulu einungis afhentir aðilum sem hafa verið samþykktir sem viðhalds- og upplýsingaraðilar hjá viðkomandi fjarskiptafyrirtæki.**“

Ofangreint Fylgiskjal B er nú orðið að Fylgiskjali A (Reglur um umgengni aðila í aðstöðuleigu í húsnæði Mílu ehf.). Regla sem áður var nr. 2 er fallin brott úr reglunum en hún hljóðaði svo: „**Leigjandi skal virða þá almennu reglu að fulltrúi eiganda fylgi starfsmönnum leigjanda þegar þeir þurfa að sinna búnaði sínum. Í einstaka tilfellum, t.d. þar sem aðgangsstýrikerfi er fyrir hendi, getur fjarskiptafyrirtæki samið um aðgang að búnaði sínum án fylgdar.**“ Reglunar hljóða nú svo:

1. Míla ehf. (hér eftir nefndur eigandi) og leigjandi skulu ganga frá skriflegum samningi um aðstöðuleigu áður en framkvæmdir hefjast eða uppsetning búnaðar. Í samningi skal nánar kveðið á um öryggi, aðgengi og umgengni, til viðbótar þeim reglum sem fylgja hér að neðan.
2. Allar breytingar, sem leigutaki kann að þurfa að gera í húsnæðinu vegna uppsetningar eða rekstrar búnaðar, eru háðar samþykki eiganda. Leigutaki ber allan kostnað sem hlýst af slíkum breytingum.
3. Eigandi og leigjandi skulu að jafnaði einu sinni á ári halda sameiginlegan fund um umgengni og öryggi búnaðar. Þar skulu aðilar koma á framfæri ábendingum sínum varðandi bættu umgengni í húsum, öryggi búnaðar og fyrirhugaðar framkvæmdir eða breytingar.
4. Snyrtimennska skal ávallt höfð að leiðarljósi og skulu starfsmenn leigjanda taka með sér jafn óðum allt rusl og annað sem til fellur vegna framkvæmda eða eftirlits.
5. Leigutaki skal gæta ýtrustu varúðar í umgengni þar sem búnaður annarra aðila er til staðar í húsunum.

### 3.12.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Í bréfi Mílu, dags. 14. ágúst 2008, kom fram að breyting hefði verið gerð á kafla 2.12 í viðauka 1b er varðandi öryggisreglur um aðgengi að búnaði í tengslum við aðstöðuleigu. Breytingin hefði verið gerð vegna nýrra vinnureglna sem settar hefðu verið í aðgangsmálum í aðstöðuleigu hjá Mílu, sbr. fylgiskjal B (Reglur um umgengni hýsingaraðila í húsnæði Mílu).

Pá hefði ákvæði um gjaldtöku vegna fylgdar leigutaka í símsstöðvum verið fellt brott. Ákvæði um slíkt hefði verið frá 2003 í viðmiðunartilboðum en það hefði hljóðað svo: „Leigutaki greiðir fyrir fylgd í símsstöðvum, samkvæmt nánari samningi við leigusala eða þann aðila sem leigusalinn ræður til verksins.“

### **3.12.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

PFS telur ofangreindar breytingar Mílu á öryggisreglum um umgengni að búnaði í símsstöðvum í tengslum við aðstöðuleigu (hýsingu) til bóta. Ekkert fjarskiptafyrirtæki hefur gert athugasemdir við umræddar breytingar. Sérstaklega er það til bóta að fella niður gjaldtökuákvæðið þar sem leigutaka var gert að greiða fyrir fylgd í símsstöðvum af hálfu leigusala. Slík gjaldtökuákvæði eru mjög ógagnsæ og í anda þess að fækka slíkum ógagnsæjum „aukagjöldum“. Það er almenn afstaða PFS að ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11) beri að skýra svo öll gjöld fyrir heimtaugaleigu og tengda þjónustu taki mið af kostnaði í kjölfar kostnaðargreiningar og að það sé í samræmi við gagnsæiskvöðina að hafa gjöldin eins fá og einföld og unnt er. PFS heimilar því umræddar breytingar.

## **3.13 Fjölbreyttari hýsingarkostir – Kafli 4.2**

Ákvæði kafla 4.2 í viðauka 1b fjallar um mánaðarlegt leiguverð fyrir aðstöðuleigu (hýsingu). Þar kemur fram að í boði séu tvær stærðir tækjaskápa, önnur að grunnfleti 60cm x 60cm og hin 80 cm x 80 cm. Umræddar tvær skápastærðir eru þær einu sem boðið hefur verið upp á allt frá fyrsta viðmiðunartilboðinu frá árinu 2003.

### **3.13.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Í bréfi Vodafone, dags. 26. september 2008, kom fram að félagið legði til að leigutaki gæti leigt smærri einingar en boðið hefði verið upp á í áðurgildandi viðmiðunartilboðum, t.a.m. svokallað U sem samsvarar 5cm eða hálfu skápa.

Í bréfi Mílu, dags. 16. desember 2008, kom fram að Míla væri til viðræðu um breytingar á skápastærðum en teldi að hafa þyrfti öryggisreglur í huga og benti á að þetta þyrfti ekki endilega að leiða til lægri kostnaðar. Míla teldi þó ekki rétt að breyta viðmiðunartilboðinu á þessu stigi.

### **3.13.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

PFS telur eðlilegt að aðstöðuleiguingar séu endurskoðaðar reglulega miðað við þarfir markaðarins og þróun í tækni. Taka verður undir það með Vodafone að aðeins tvær skápastærðir séu fremur takmarkað framboð á aðstöðuleigukostum. Helst virðist vanta minni einingar sem henta smærri fjarskiptafyrirtækjum enda er það meginregla í fjarskiptarétti að fjarskiptafyrirtæki eigi ekki að þurfa að greiða fyrir aðstöðu sem þau þurfa ekki á að halda. Illa nýtt skápláss verða að teljast til slíkrar óþarfa aðstöðu. Telja verður að það kerfi sem nú er við lýði henti betur stórum fjarskiptafyrirtækjum en smáum. Um er að ræða mánaðargjöld og geta of há mánaðargjöld dregið úr hagkvæmni í rekstri fjarskiptafyrirtækja.

Þar sem Míla segist til viðræðu um breytingar á skápastærðum telur PFS eðlilegt að Míla bjóði upp á minni einingar í aðstöðuleigu eigi síðar en 1. september 2009. Míla skal hafa samráð við PFS um þá tilhögun sem félagið hyggst viðhafa þar að lútandi.



Til að mynda gæti verið eðlilegra að miða skápastærðir við rúmmál fremur en flatarmál. PFS minnir á að aðstöðuleiga skal byggja á kostnaðartengdum verðum. Því verður að telja að einingar séu ódýrari þeim mun minni sem þær eru.

### **3.14 Tryggingar vegna aðstöðuleigu – Kafli 3.3 í viðauka 1b**

Í kafla 3.3 í viðauka 1b í viðmiðunartilboði Símans frá 2003 var að finna neðangreint ákvæði um tryggingar fyrir útlögðum kostnaði leigusala við yfirferð umsóknar um aðstöðuleigu:

*„Leigusala er heimilt að óska eftir bankatryggingu fyrir væntanlegum útlögðum kostnaði leigusala sem hlýst af hýsingunni. Skal tryggingin útbúin þannig að hún taki til alls kostnaðar við framkvæmdir vegna hýsingar.*

Ákvæðið var óbreytt í viðmiðunartilboðunum frá 2005, apríl 2007 og júlí 2008.

#### **3.14.1 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

PFS telur að ofangreint ákvæði um tryggingar geti virkað sem samkeppnishindrun gagnvart smærri fjarskiptafyrirtækjum ef því er beitt bókstaflega. Ákvæði um tryggingar getur verið málefnalegt undir vissum kringumstæðum. Því telur PFS eðlilegra að Míla þurfi að leita samþykkis PFS fyrir beitingu ákvæðisins. PFS metur það þá hverju sinni eftir eðli máls hvort beiðni um bankatryggingu sé málefnaleg eða hvort hún hamli eðlilegri og sanngjarnri beiðni um aðstöðuleigu.

Þá telur PFS að seinni málsliður kaflans sé full afdráttarlaus, þ.e. að tryggingin skuli útbúin þannig að hún taki til alls kostnaðar við framkvæmdir vegna aðstöðuleigu. Slíkt ákvæði takmarkar óneitanlega mat PFS á því hvort beiðni um tryggingu sé málefnaleg í hverju og einu tilviki. PFS leggur því til að seinni málsliðurinn verði felldur brott.

Ennfremur minnir PFS á að samkvæmt ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11) getur sanngjörn og eðlileg beiðni um samhýsingu (aðstöðuleigu) falið í sér tiltekna fjárhagslega byrði fyrir Mílu (t.d. stækkun eða nýbyggingu húsnæðis) án þess að hún sé bætt með öðru en aðstöðuleigugjaldinu. Öll gjaldtaka Mílu skal samkvæmt umræddri ákvörðun byggjast á kostnaðartengdum verðum. Því verður að telja að æskilegt sé að gjaldtaka sé að sem mestu leyti innifalin í leigugjaldi fyrir aðstöðuleigu en byggist ekki á ógagnsæjum ákvæðum um gjaldtöku gjaldskrár Mílu sem PFS hefur ekki samþykkt eða óljósra tilvísana til útlagðs kostnaðar.

Að ofangreindu virtu leggur PFS til að ákvæði kafla 3.3 í viðauka 1b, sem ber yfirskriftina „Tryggingar“ hljóði svo:

*„Leigusala er að fengnu samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar heimilt að óska bankatryggingar fyrir væntanlegum útlögðum kostnaði leigusala sem hlýst af aðstöðuleigunni og ekki er eðlilegt að sé innifalið í verði fyrir aðstöðuleigu að mati stofnunarinnar.“*

### **3.15 Kostnaður af veitingu og viðhaldi aðgangs að heimtaug – 2. mgr. 2. kafla**

Í fyrsta viðmiðunartilboði Símans fyrir opinn aðgang að heimtaugum frá maí 2003 var eftirfarandi ákvæði um kostnað af veitingu og viðhaldi aðgangs að heimtaug í 2. mgr. 2. kafla viðmiðunartilboðsins:

*„Kostnaður af veitingu og viðhaldi aðgangs að heimtaug skal borinn af þeim aðila sem óskar eftir aðgangi að heimtaug. Verðskrá fyrir hvern aðgang er hluti af Viðauka 1a.“*

Óveruleg breyting var gerð á ákvæðinu með viðmiðunartilboði Mílu frá 2005. Hljóðaði ákvæðið svo:

*„Kostnaður af veitingu og viðhaldi aðgangs að heimtaug skal borinn af leigutaka. Verðskrá fyrir hvern aðgang er hluti af Viðauka 1a.“*

Ákvæðið var svo óbreytt með viðmiðunartilboðum Mílu frá apríl 2007 og 11. júlí 2008.

#### **3.15.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Í bréfi Vodafone, dags. 26. september 2008, óskaði félagið eftir nánari skýringum frá Mílu á ákvæði 2. mgr. 2. kafla viðmiðunartilboðsins, þar sem segir að kostnaður af veitingu og viðhaldi aðgangs að heimtaug skuli borinn af leigutaka. Að mati Vodafone væri ekki eðlilegt að allur kostnaður af veitingu og viðhaldi aðgangs sé borinn af leigutaka.

Í bréfi Mílu, dags. 16. desember 2008, kom fram að hér væri átt við þann kostnað sem hlytist af því að veita og viðhalda aðgangi leigutaka að heimtaug. Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 26/2007 bæri Mílu að byggja verð fyrir aðgang að kostnaði af því að veita aðganginn og viðhalda honum.

#### **3.15.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

Eins og fram kemur í 2. mgr. 2. kafla viðmiðunartilboðsins skal kostnaður af veitingu og viðhaldi aðgangs að heimtaug borinn af leigutaka. Jafnframt að verðskrá fyrir hvern aðgang sé hluti af viðauka 1a. Í 5. tölul. 2. kafla viðauka 1a segir að verð fyrir aðgang að heimtaug sé háð í hvað aðgangurinn sé notaður, sbr. 8. kafla viðaukans. Í 8. kafla viðaukans er að finna verðskrá. Þar er fjallað um ýmis verð, t.d. mánaðarverð fyrir skiptan og fullan aðgang, stofngjöld og annar einskiptiskostnaður.

Að mati Vodafone er ekki eðlilegt að allur kostnaður af veitingu og viðhaldi aðgangs sé borinn af leigutaka og óskaði félagið skýringa á ofangreindu ákvæði 2. mgr. 2. kafla viðmiðunartilboðsins. Samkvæmt skýringum Mílu væri hér um að ræða þann kostnað sem hlytist af því að veita og viðhalda aðgangi leigutaka að heimtaug og skyldu verð fyrir aðgang byggjast á kostnaði af því að veita aðganginn og viðhalda honum.

Með ákvörðun nr. 26/2007 (M11) lagði PFS þá kvöð á Mílu um að ákveða gjaldskrá fyrir leigu á koparheimtaugum og tengda aðstöðu á grundvelli kostnaðar (þ.m.t.

eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni) og að sæta eftirliti PFS með gjaldskránni. Sundurliðun á leigu fyrir aðgang skyldi vera sem hér segir:

- Mánaðarlegt grunnverð sem ávallt má krefjast óháð notkun heimtaugarinnar.
- Mánaðarlegt aukagjald fyrir skiptan aðgang, þ.e. fyrir aðgang að efri hluta tíðnisviðs heimtaugarinnar með xDSL eða samsvarandi tækni.
- Gjöld fyrir hýsingu og aðgang að aðstöðu sem tengist aðganginum að koparheimtaugum.

Ekki er unnt að fallast á það með Vodafone að óeðlilegt sé að allur kostnaður af veitingu og viðhaldi aðgangs sé borinn af leigutaka. Samkvæmt aðgangskvöð þeirri sem PFS lagði á Mílu með ofangreindri ákvörðun ber félaginu að veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum aðgang að heimtaugum sínum. Umræddur aðgangur skal hins vegar veittur gegn verðum sem grundvallast á kostnaði að teknu tilliti til eðlilegrar arðsemi af bundnu fjármagni. Öll þau verð sem Míla krefst af fjarskiptafyrirtækjum fyrir aðgang að heimtaugum og viðhald þeirra skal því byggjast á kostnaðartengdum verðum, hvort sem það séu mánaðarverð, stofngjöld eða önnur aukagjöld. Það sama á við um gjöld fyrir aðstöðuleigu (hýsingu).

Samkvæmt ofangreindri ákvörðun PFS á markaði 11 ber Míla að kostnaðargreina öll verð sem fyrirtækið krefst vegna heimtaugaleigu og tengdrar þjónustu. Það er tiltekinn heildarkostnaður sem Míla hefur af rekstri heimtaugakerfisins sem þarf að skipta niður á hina ýmsu þjónustubætti (t.d. mánaðarverð, stofngjöld, önnur gjöld og aðstöðuleiga). Þegar PFS hefur samþykkt kostnaðargreiningu Mílu eða ákveðið ný verið með tilliti til verðsamanburðar er Mílu ekki heimilt að krefjast annarra gjalda en þeirra sem um er getið í viðmiðunartilboði um opinn aðgang að heimtaug og hafa verið kostnaðargreind eða ákveðin með verðsamanburði. PFS telur æskilegt að verðskrá Mílu sé eins einföld og kostur er og að vægi mánaðarlegra verða sé sem mest á kostnað stofngjalda og annarra aukagjalda. Þannig næst markmiðið um aukið gagnsæi, auk þess sem dregið er úr mögulegum samkeppnisvandamálum sem tengjast háum stofngjöldum og aukagjöldum sem falla fyrst og fremst á ný fjarskiptafyrirtæki sem eru í uppbyggingu.

### **3.16 Verðhækkanir í samræmi við byggingarvísitölu – Kaflar 4.2, 4.5 og 4.6 í viðauka 1b**

#### *Leiguverð fyrir tækjaskápa*

Í fyrsta viðmiðunartilboði Símans fyrir opinn aðgang að heimtaugum frá 2003 kom fram í kafla 4.2 (Leiguverð á einingu) í viðauka 1b að leigugjald fyrir lítinn tækjaskáp væri 17.000 kr. og 24.500 kr. fyrir stóran tækjaskáp. Þá kom fram að verðin breyttust samkvæmt byggingarvísitölu (265,7 stig í janúar 2002). Þá var boðið upp á 10-30% afslátt í samræmi við aukinn fjölda skápa og fjölda staða.

Í viðmiðunartilboði Símans frá 2005 hafa verð hækkað í 19.500 kr. fyrir lítinn skáp og í 28.000 kr. fyrir stóran skáp miðað við hækkun byggingarvísitölu (304,7 stig í janúar 2005). Ennþá voru sambærileg ákvæði og í viðmiðunartilboðinu frá 2003 um hækkun miðað við byggingarvísitölu og afslætti.

Í viðmiðunartilboði Mílu frá apríl 2007 hafa verð hækkað í 23.100 fyrir lítinn skáp og 32.600 kr. fyrir stóran skáp miðað við hækkun byggingarvísitölu (356,3 stig í janúar 2007). Ennþá eru sambærileg ákvæði og í viðmiðunartilboðinu frá 2003 um hækkun miðað við byggingarvísitölu og aflslætti.

Í kafla 4.2 í viðmiðunartilboði Mílu frá júlí 2008 hafa verð hækkað í 24.500 fyrir lítinn skáp og 34.580 kr. fyrir stóran skáp miðað við hækkun byggingarvísitölu (377,9 stig í janúar 2008). Ennþá eru sambærileg ákvæði og í viðmiðunartilboðinu frá 2003 um hækkun miðað við byggingarvísitölu og aflslætti.

#### *Leiguverð fyrir nágrennishýsingu*

Í fyrsta viðmiðunartilboði Símans fyrir opinn aðgang að heimtaugum frá 2003 kom fram í kafla 4.6 (Gjald fyrir aðgang strengja frá nágrennishýsingu) að gjald fyrir fyrsta strenginn í gegnum inntaksrör inn í hverja símstöð næmi 112.450 kr. og fyrir hvern viðbótarstreng í gegnum sama rör, sem lagðir eru á sama tíma, skyldi greiða 24.096 kr. Fyrir aðgang að múffugrind og lagnaleið innanhúss skyldi greiða 2.350 kr. á hverjar 100 línur í streng. Ekki var ákvæði um hækkun verða miðað við byggingarvísitölu. Í viðmiðunartilboði Símans frá 2005 var sambærilegt ákvæði en ofangreind verð höfðu hækkað í 128.956 kr., 27.633 kr. og 2.695 kr. Ákvæðið var svo samhljóða með sömu fjárhæðum í viðmiðunartilboði Mílu frá apríl 2007. Í viðmiðunartilboði Mílu frá júlí 2008 var sambærilegt ákvæði en verð höfðu hækkað í 153.870 kr., 32.972 kr. og 3.216 kr.

#### *Leiguverð fyrir tengigrind*

Í fyrsta viðmiðunartilboði Símans fyrir opinn aðgang að heimtaugum frá 2003 kom fram í kafla 4.6 (Gjald fyrir aðgang að tengigrind) að gjald fyrir aðgang að tengigrind væri 1.234 kr. á mánuði fyrir hverjar 100 línur. Þar að auki skyldu greiða fyrir tengilista og strengi í samræmi við gildandi verðskrá. Ekki var ákvæði um hækkun verða í samræmi við byggingarvísitölu. Í viðmiðunartilboði Símans frá 2005 var sambærilegt ákvæði en ofangreint verð hafði hækkað í 1.415 kr. Ákvæðið var svo samhljóða í viðmiðunartilboði Mílu frá apríl 2007 nema að verðið hafði lækkað í 760 kr. Í viðmiðunartilboði Mílu frá júlí 2008 var sambærilegt ákvæði en verðið hafði hækkað í 1.688 kr.

### **3.16.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Í bréfi Mílu, dags. 20. apríl 2007, kom fram að verð fyrir hýsingu hækkaði í samræmi við hækkun á byggingarvísitölu frá árinu 2005 til ársins 2007. Þá kom fram að verð fyrir aðgang að tengigrind í kafla 4.7 (kafla 4.6 í viðmiðunartilboðinu frá júlí 2008) hefði verið lækkað þar sem kostnaður hefði reynst ofáætlaður í fyrri útreikningum og hefði þar að auki ekki verið innheimtur. Gjaldið 760 kr. á mánuði fyrir hvern 100 línu tengihaus miðast við bókfærðan kostnað með 15% álagi.

Í bréfi Mílu, dags. 14. ágúst 2008, kom fram leiguverð fyrir tækjaskáp hækkaði í samræmi við hækkun byggingarvísitölu frá 1. janúar 2007 til 1. janúar 2008. Leiguverð hefði áður hækkað í viðmiðunartilboðinu frá 1. apríl 2007 miðað við hækkun byggingarvísitölu frá árinu 2005 til ársins 2007. Þá kom fram að breyting hefði verið gerð á kafla 4.7 varðandi verð fyrir aðgang að tengigrind (kafla 4.6 í

viðmiðunartilboðinu frá júlí 2008) þannig að það hækkaði í 1.688 kr. á mánuði fyrir hvern 100 línu tengihaus.

### 3.16.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

#### *Leiguverð fyrir tækjaskápa*

Ákvæði viðmiðunartilboða Símans/Mílu hafa frá upphafi miðað við að leiguverð fyrir tækjaskápa hækki í samræmi við hækkun byggingarvísitölu. Með ákvörðun PFS nr. 26/2007 frá 21. desember 2007 (M11) var sú kvöð sett á Mílu að öll verð fyrir aðgang að heimtaugum og tengdri þjónustu skyldu byggjast á kostnaðargreindum verðum. Sú kostnaðargreining er nú í vinnslu hjá Mílu og PFS. PFS telur að ákvæði um sjálfkrafa hækkun á verðum miðað við tiltekna vísitölu samræmist ekki umræddri kvöð um kostnaðargreind verð. Þar til kostnaðartengd leiguverð fyrir tækjaskápa hafa verið samþykkt af PFS (eða PFS ákveðið þau með verðsamanburði) skal Míla miða verð sín að þessu leyti við byggingarvísitölu eins og hún stóð í janúar 2008. Samkvæmt því er verð fyrir lítinn skáp 24.500 kr. og 34.580 kr. fyrir stóran. Félaginu er því frá 1. janúar 2008 óheimilt að krefjast hærri verða en að ofan greinir fyrir leigu á tækjaskápum.

Í þeirri kostnaðargreiningu á heimtaugum sem nú stendur yfir hjá Mílu ber félaginu að gæta þess að öll afsláttarkjör sem Míla hyggst bjóða upp á séu grundvölluð á kostnaðarlegum rökum. PFS hefur efasemdir um að afsláttarkjör þau sem Míla hefur boðið upp á til þess byggist á kostnaðarlegum rökum, auk þess sem telja verður að þau mismuni fjarskiptafyrirtækjum með tilliti til stærðar þeirra. Slíkt getur hæglega virkað sem aðgangshindrun á fjarskiptamarkaði.

Að ofangreindu virtu leggur PFS til að ákvæði 1. mgr. kafla 4.2, sem ber yfirskriftina „Leiguverð á einingu“ hljóði svo:

*„Leigugjald á mánuði án vsk er:*

*24.500 krónur / tækjaskáp (grunnflötur 60cm x 60 cm).*

*34.580 krónur / tækjaskáp (grunnflötur 80cm x 80cm).“*

Þá skal ákvæði 2. mgr. kafla 4.2 um að verð breytist í samræmi við byggingarvísitölu falla brott.

#### *Leiguverð fyrir nágrennishýsingu*

Eins og fram kemur hér að framan hefur ákvæði kafla 4.5 (áður 4.6) um nágrennishýsingu aldrei innihaldið ákvæði um að verð hækki í samræmi við hækkun á byggingarvísitölu. Því hefur Míla (áður Síminn) ekki haft heimild til að hækka verð fyrir nágrennishýsingu og hefur PFS aldrei formlega fallist á hækkun á þeim verðum.

Í fyrsta viðmiðunartilboði Símans frá 2003 kom fram að gjald fyrir fyrsta strenginn í gegnum inntaksrör inn í hverja sírstöð næmi 112.450 kr. og fyrir hvern viðbótarstreng í gegnum sama rör, sem lagðir væru á sama tíma, skyldi greiða 24.096 kr. Fyrir aðgang að múffugrind og lagnaleið innanhúss skyldi greiða 2.350 kr. á hverjar 100 línur í streng. Í viðmiðunartilboði Símans frá 2005 höfðu ofangreind verð hækkað í 128.956 kr., 27.633 kr. og 2.695 kr. Ákvæðið var svo samhljóða með sömu fjárhæðum í viðmiðunartilboði Mílu frá apríl 2007. Í viðmiðunartilboði Mílu frá júlí

2008 var sambærilegt ákvæði en verð höfðu hækkað í 153.870 kr., 32.972 kr. og 3.216 kr.

Eins og að ofan greinir hefur aldrei verið fyrir hendi ákvæði í viðmiðunartilboðum Símans/Mílu um hækkun ofangreindra gjalda fyrir nágreinishýsingu. Þá hefur PFS aldrei formlega fallist á slíkar hækkunir á verðum. Míla skal því þar til ný verð taka gildi í kjölfar yfirstandandi kostnaðargreiningar (eða verðsamanburðar) miða verð fyrir nágreinishýsingu við upphafleg verð fyrir umrædda þjónustu í viðmiðunartilboði Símans frá 2003. Símanum/Mílu hefur því frá því viðmiðunartilboð Símans var birt árið 2005 verið óheimilt að krefjast hærri verða en hér að neðan greinir.

Að ofangreindu virtu leggur PFS til að ákvæði kafla 4.5, sem ber yfirskriftina „Verð fyrir aðgang strengja frá nágreinishýsingu“ hljóði svo:

„Gjald fyrir strengi frá nágreinisaðstöðuleigu:

- a. Fyrir fyrsta strenginn í gegnum inntaksrör inn í hverja sírstöð greiðast 112.450 kr. Fyrir hvern viðbótarstreng sem lagður er samtímis í sama rör greiðast 24.096 kr.
- b. Fyrir aðgang að múffugrind og lagnaleið sbr. Gr. 2.5 greiðast 2.350 kr. á hverjar 100 línur.“

*Leiguverð fyrir tengigrind*

Í fyrsta viðmiðunartilboði Símans fyrir opinn aðgang að heimtaugum frá 2003 kom fram að gjald fyrir aðgang að tengigrind væri 1.234 kr. á mánuði fyrir hverjar 100 línur. Ekki var ákvæði um hækkun verða í samræmi við byggingarvísitölu. Í viðmiðunartilboði Símans frá 2005 var sambærilegt ákvæði en ofangreint verð hafði hækkað í 1.415 kr. Ákvæðið var svo samhljóða í viðmiðunartilboði Mílu frá apríl 2007 nema að verðið hafði lækkað í 760 kr. Í bréfi Mílu, dags. 20. apríl 2007 kom fram að verð fyrir aðgang að tengigrind hefði verið lækkað þar sem kostnaður hefði reynst ofátlaður í fyrri útreikningum og hefði þar að auki ekki verið innheimtur. Gjaldið 760 kr. á mánuði fyrir hvern 100 línu tengihausa miðast við bókfærðan kostnað með 15% álagi. Í viðmiðunartilboði Mílu frá júlí 2008 var sambærilegt ákvæði en verðið hafði hækkað í 1.688 kr.

Eins og fram kemur í ofangreindu bréfi Mílu frá 20. apríl 2007 hafði kostnaður sem var grundvöllur leiguverðs fyrir tengigrind verið ofátlaður í fyrri útreikningum, auk þess sem hann hafði ekki verið innheimtur. Skyldi umrætt leiguverð því nema 760 kr. Það skýtur því skökku við að umræddur kostnaður rýkur upp í 1.688 kr. í viðmiðunartilboði Mílu frá júlí 2008 án frekari skýringar. Svo virðist sem Míla ákveði að falla frá lækkuninni frá apríl 2007 og uppreikna fyrra verð miðað við hækkun á byggingarvísitölu. Ákvæði í viðmiðunartilboðum Símans/Mílu hafa aldrei innihaldið ákvæði um uppfærslu miðað við hækkun á vísitölu hvað þennan gjaldalið varðar. Mílu er því óheimilt að hækka umrætt leigugjald miðað við hækkun byggingarvísitölu.

Að ofangreindu virtu telur PFS að eðlilegt sé í tilviki þessu að miða við hið uppreiknaða verð Mílu frá apríl 2007, kr. 760, þar til kostnaðartengd verð liggja fyrir (eða verð byggð á samanburði).

Í umræddu ákvæði kafla 4.6 segir einnig að leigutaka beri að greiða leigusala fyrir tengilista og strengi í samræmi við gildandi verðskrá. PFS telur umrætt ákvæði mjög ógagnsætt og að slíkum kostnaði sé betur fyrir komið í hinu mánaðarlega leigugjaldi eða stofngjaldi. PFS minnir á að öll gjöld sem innheimt eru í tengslum við heimtaugaleigu skulu vera kostnaðartengd. Hyggist Míla viðhalda gjaldi þessu verður það að vera kostnaðargreint og fjárhæð þess verður að koma skýrt fram í viðmiðunartilboði. PFS hyggst því fella umrætt ákvæði niður að svo stöddu en Mílu er heimilt að bæta því við viðmiðunartilboð sitt þegar PFS hefur samþykkt kostnaðargrunn þess.

Að ofangreindu virtu leggur PFS til að ákvæði kafla 4.6, sem ber yfirskriftina „Verð fyrir aðgang að tengigrind“ hljóði svo:

*„Gjald fyrir aðgang að tengigrind er 760 kr. á mánuði fyrir hverjar 100 línur.“*

### **3.17 Umsjónarálag – Kaflar 4.3 og 4.4 í viðauka 1b**

Eftirfarandi ákvæði kafla 4.3 í viðauka 1b um stofnkostnað er að finna í viðmiðunartilboði Mílu frá júlí 2008, og hefur verið óbreytt frá fyrsta viðmiðunartilboðinu frá 2003:

*„Leigutaki greiðir allan raunkostnað sem hlýst af breytingum á húsnæði til að hýsing sé möguleg og kostnað við lagnir og lagnaleiðir að tækjaskápum. Stofnkostnaður greiðist með 15% umsjónarálagi.“*

Eftirfarandi ákvæði kafla 4.4 í viðauka 1b um rekstrarkostnað er að finna í viðmiðunartilboði Mílu frá júlí 2008, og hefur verið óbreytt frá fyrsta viðmiðunartilboðinu frá 2003:

*„Leigutaki greiðir allan rekstrarkostnað (t.d. rafmagnsnotkun). Stofnkostnaður greiðist með 15% umsjónarálagi.“*

#### **3.17.1 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

PFS telur að ofangreind ákvæði um umsjónarálag sé ekki í samræmi við þá kvöð sem lögð var á Mílu með ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11) að Míla skuli ákveða gjaldskrá fyrir leigu á koparheimtaugum og tengda aðstöðu á grundvelli kostnaðar. Að því leyti sem eðlilegt er að leigutaki greiði stofnkostnað er óeðlilegt að Míla innheimti svonefnd 15% umsjónarálag. PFS telur að kostnaður við flest ef ekki öll viðvik Mílu í tengslum við heimtaugaleigu og tengda aðstöðu eigi að dekkast af hinum mánaðarlegu leigugjöldum og e.t.v. stofngjöldum. Meginatriðið er að öll gjöld eigi sér skírskotun til kostnaðargreiningar sem PFS þarf að samþykkja. Það sama á hér við um 15% umsjónarálag vegna rekstrarkostnaðar. Eðlilegt getur verið að leigutaki greiði t.d. rafmagnskostnað en óeðlilegt er að Míla bæti við álagningu á slíka reikninga frá þriðja aðila.

Að ofangreindu virtu leggur PFS til að ákvæði 4.3 hljóði með þeim hætti sem segir í kafla 3.18 hér að neðan. Ákvæði 4.4 sem ber yfirskriftina „Rekstrarkostnaður“ skal hljóða svo:

*„Leigutaki greiðir þann rekstrarkostnað sem ekki er innifalinn í leigugjaldi fyrir aðstöðuleigu (t.d. rafmagnsnotkun).“*

### **3.18 Stofnkostnaður varðandi aðstöðuleigu – Kafli 4.3 í viðauka 1b**

Eftirfarandi ákvæði kafla 4.3 í viðauka 1b um stofnkostnað er að finna í viðmiðunartilboði Mílu frá júlí 2008, og hefur verið óbreytt frá fyrsta viðmiðunartilboðinu frá 2003:

*„Leigutaki greiðir allan raunkostnað sem hlýst af breytingum á húsnæði til að hýsing sé möguleg og kostnað við lagnir og lagnaleiðir að tækjaskápum. Stofnkostnaður greiðist með 15% umsjónarálagi.“*

#### **3.18.1 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

Í kafla 2.1 í ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11) segir að Míla skuli verða við öllum sanngjörnum beiðnum um samhýsingu tilheyrandi búnaðar sem tengist koparlínum og tengdrar þjónustu. Skylda til að bjóða samnýtingu eða samhýsingu legðist á Mílu varðandi þá aðstöðu sem fyrirtækið hefði yfir að ráða, þ.m.t. í byggingum og annarri aðstöðu. Míla bæri að heimila öðrum fjarskiptafyrirtækjum að setja nýja koparstrengi í rör félagsins sem ekki væru fullnýtt. Skylda til samhýsingar og samnýtingar næði til beiðna sem væru sanngjarnar og hefðu ekki í för með sér mikla aukningu á fjárhagslegri byrði fyrir félagið. Sanngjörn beiðni um samhýsingu teldist vera beiðni um laust rými í húsnæði Mílu en undir slíka skilgreiningu gæti einnig fallið beiðni sem hefði í för með sér stækkun/nýbyggingu húsnæðis. Ef skylda til samnýtingar eða samhýsingar krefðist breytingar eða stækkunar skyldi Míla koma til móts við eðlilegar og sanngjarnar beiðnir. Næðist ekki samkomulag milli aðila um samnýtingu eða samhýsingu gæti PFS ákveðið eðlileg og sanngjörn verð og skilyrði fyrir aðganginum.

Ljóst er að umrætt ákvæði kafla 4.3 í viðauka 1b um stofnkostnað er ekki í samræmi við umrædda aðgangskvöð í ákvörðun PFS nr. 26/2007. PFS hyggst því leggja til breytingar á umræddu ákvæði svo það samrýmist umræddri kvöð.

Að ofangreindu virtu leggur PFS til að ákvæði 4.3 sem ber yfirskriftina „Stofnkostnaður“ hljóði svo:

*„Leigutaki greiðir þann raunkostnað, sem hlýst af breytingum á húsnæði til að aðstöðuleiga sé möguleg, sem er umfram þann kostnað sem sanngjarnt er að leggja á leigusala og hefur ekki í för með sér mikla aukningu á fjárhagslegri byrði fyrir hann. Það sama á við um kostnað við lagnir og lagnaleiðir að tækjaskápum. Náist ekki samkomulag milli aðila getur PFS ákveðið kostnaðarskiptinguna.“*

### **3.19 Kostnaður vegna breytinga á húsnæði Mílu – 10. tölul. 2. kafla viðauka 1a**

Eftirfarandi ákvæði um kostnað vegna breytinga á húsnæði Mílu er að finna í 10. tölul. 2. kafla viðauka 1a en ákvæðið hefur verið óbreytt frá fyrsta viðmiðunartilboðinu frá árinu 2003:

*„Komi til þess, t.d. vegna sölu, endurnýjunar eða annarra ástæðna, að rýma þurfi eða breyta húsnæði á forræði Mílu ehf., þar sem strengir fjarskiptafyrirtækja liggja, bera eigendur viðkomandi strengja hver um sig þann kostnað sem af slíkum breytingum leiðir.“*



### 3.19.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

Í bréfi Vodafone, dags. 26. september 2008, kom fram að í 10. tölul. 2. kafla viðauka 1a væri gert ráð fyrir að eigendur viðkomandi strengja bæru hverjir um sig þann kostnað sem leiddi af breytingum sem til komnar væru vegna Mílu. Að mati Vodafone væri ósanngjarnt að leigutaki væri látinn bera þennan kostnað einn og því væri farið fram á að ákvæðinu væri breytt til samræmis við það.

Í bréfi Mílu, dags. 16. desember 2008, kom fram að í leiguverði vegna heimtaugar væri ekki innifalinn umræddur kostnaður vegna breytinga. Þetta væri sett til að auka gagnsæi kostnaðar. Míla benti á að þetta væri mjög sjaldgæft og eðlilegt að hver aðili um sig bæri sinn kostnað af eigin búnaði.

### 3.19.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

Í ákvörðun frá 23. júlí 2004 (Árbæjarstöð) bar Síminn fyrir sig plássleysi í símstöð sinni í Árbæ. Símanum var gert skylt að tryggja að Vodafone gæti tekið inn nýja viðskiptavini sem þörfuðust tenginga gegnum Árbæjarstöð, eins lengi og með sama fyrirvara og Síminn gæti tekið inn nýja viðskiptavini. Þá var kröfu Símans um að Vodafone tæki þátt í kostnaði vegna viðbyggingar við Árbæjarstöð var vísað frá þar sem slík krafa yrði ekki byggð á ákvæði 25. gr. fjarskiptalaga. Þá hefðu engin gögn verið lögð fyrir PFS sem sýndu fram að Vodafone eða önnur fjarskiptafyrirtæki hefðu tekið þátt í sambærilegum kostnaði og nú stæði til að leggja út í við stækkun símstöðvarinnar í Árbæ. Að mati PFS hefði ekkert komið fram sem styddi kröfu Símans um þátttöku Vodafone í kostnaði við umrædda stækkun.

Í kafla 2.1 í ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11) segir að Míla skuli verða við öllum sanngjörnum beiðnum um samhýsingu tilheyrandi búnaðar sem tengist koparlínunum og tengdrar þjónustu. Skylda til að bjóða samnýtingu eða samhýsingu legðist á Mílu varðandi þá aðstöðu sem fyrirtækið hefði yfir að ráða, þ.m.t. í byggingum og annari aðstöðu. Skylda til samhýsingar og samnýtingar næði til beiðna sem væru sanngjarnar og hefðu ekki í för með sér mikla aukningu á fjárhagslegri byrði fyrir félagið. Sanngjörn beiðni um samhýsingu teldist vera beiðni um laust rými í húsnæði Mílu en undir slíka skilgreiningu gæti einnig fallið beiðni sem hefði í för með sér stækkun/nýbyggingu húsnæðis. Ef skylda til samnýtingar eða samhýsingar krefðist breytingar eða stækkunar skyldi Míla koma til móts við eðlilegar og sanngjarnar beiðnir. Næðist ekki samkomulag milli aðila um samnýtingu eða samhýsingu gæti PFS ákveðið eðlileg og sanngjörn verð og skilyrði fyrir aðganginum.

Ljóst er að umrætt ákvæði 10. tölul. 2. kafla viðauka 1b um stofnkostnað er ekki í samræmi við umrædda aðgangskvöð í ákvörðun PFS nr. 26/2007. PFS hyggst því leggja til breytingar á umræddu ákvæði svo það samrýmist umræddri kvöð. PFS telur að varhugavert sé að heimila Mílu að innheimta hjá fjarskiptafélögum hlutdeild í fjárfestingarkostnaði þar sem fjarskiptafélög hafa almennt ekkert um slíkar ákvarðanir að segja. Fjarskiptafélög eiga að geta treyst því að þau gjöld sem þau greiða fyrir heimtaugaleigu og tengda aðstöðu, bæði mánaðargjöld og stofngjöld, séu fullnægjandi gjöld. Þess ber að geta að kostnaðargreind gjöld sem Mílu er heimilt að innheimta eiga að nægja félaginu til að reka, viðhalda og byggja upp heimtaugakerfið og tengda aðstöðu. Því verður að telja að gjaldtaka sem þessi sé eingöngu heimil ef hún á rót að rekja til atvika sem leigutaki ber ábyrgð á.

Að ofangreindu virtu leggur PFS til að ákvæði 10. tölul. 2. kafla viðauka 1a hljóði svo:

*„Komi til þess, af ástæðum er leigutaki ber ábyrgð á, að rýma þurfi eða breyta húsnæði á forræði Mílu ehf., þar sem strengir fjarskiptafyrirtækja liggja, bera eigendur viðkomandi strengja hver um sig þann kostnað sem af slíkum breytingum leiðir. Náist ekki samkomulag milli aðila getur PFS ákveðið kostnaðarskiptinguna.“*

### **3.20 Stofngjöld og flutningsgjöld – Kaflar 8.1-8.4 viðauka 1a**

Í köflum 8.1 (Grunnverð fyrir aðgang að heimtaug) og 8.2 (Verð fyrir fullan aðgang að heimtaug) í viðauka 1a í viðmiðunartilboði Mílu frá júlí 2008 eru gjaldaliðir fyrir stofngjald heimtaugar vegna nýttengingar að fjárhæð 6.381 kr. Þá er gjaldaliður í kafla 8.3 (Verð fyrir skiptan aðgang að heimtaug) í sama viðauka fyrir stofngjald heimtaugar að fjárhæð kr. 3.688. Sambærileg ákvæði voru í viðmiðunartilboði Mílu frá apríl 2007 nema að verðin voru lægri eða 5.105 kr. fyrir fyrri tvo liðina og 2.950 kr. fyrir síðasta liðinn. Í viðmiðunartilboðinu frá 2005 voru öll ofangreind gjöld að fjárhæð 2.155 kr.

Í kafla 8.1 (Grunnverð fyrir aðgang að heimtaug) í viðauka 1a í viðmiðunartilboðinu frá júlí 2008 er gjaldaliður fyrir flutning númers á heimtaug að fjárhæð kr. 2.550. Sambærilegt ákvæði var í viðmiðunartilboðunum frá 2005 og 2007 en að fjárhæð 2.040 kr. Í kafla 8.2 (Verð fyrir fullan aðgang að heimtaug) sama viðauka í viðmiðunartilboðinu frá júlí 2008 er gjaldaliður fyrir flutning númers á heimtaug að fjárhæð 3.688 kr. Sambærilegt ákvæði var í viðmiðunartilboðinu frá 2007 en að fjárhæð 2.950 kr.

Í kafla 8.4 (Flutningur á þjónustu á aðra heimtaug) í viðauka 1a í viðmiðunartilboðinu frá júlí 2008 er gjaldaliður fyrir flutning þjónustu á aðra heimtaug að fjárhæð 2.694 kr. Sambærileg ákvæði voru í viðmiðunartilboðunum frá 2005 og 2007 en að fjárhæð 2.155 kr.

#### **3.20.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Í bréfi PFS til Símans, dags. 26. mars 2007, óskaði stofnunin eftir skriflegri greinargerð Símans um allar breytingar sem til stæði að gera á fyrra viðmiðunartilboði um opinn aðgang að heimtaugum með viðmiðunartilboðinu sem til stóð að tæki gildi 1. apríl 2007, ásamt rökstuðningi fyrir breytingunum. Sérstaklega var óskað eftir útreikningum á þeim verðhækkunum sem til stæði að gera.

Svar Mílu (áður Símans) barst PFS með bréfi, dags. 20. apríl 2007. Engar skýringar eða útreikningar á verðhækkunum fylgdu bréfi Mílu.

#### **3.20.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

Með ákvörðun nr. 26/2007 (M11) lagði PFS þá kvöð á Mílu um að ákveða gjaldskrá fyrir leigu á koparheimtaugum og tengda aðstöðu á grundvelli kostnaðar (þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni) og að sæta eftirliti PFS með gjaldskránni. Áður en ofangreind ákvörðun var tekin 21. desember 2007 gildi einnig sú regla að Míla skyldi byggja gjöld fyrir aðgang að heimtaugum og tengdri aðstöðu á kostnaði, sbr. m.a. 34. gr. fjarskiptalaga. Í júlí 2008 skilaði Míla drögum að kostnaðargreiningu

til PFS og er sú greining í vinnslu hjá PFS um þessar mundir. Míla getur ekki hækkað verð nema með samþykki PFS í kjölfar slíkrar kostnaðargreiningar eða verðsamanburðar.

Ljóst er að ofangreindar hækkningar á stofngjöldum og flutningsgjöldum hafa ekki verið studd kostnaðarlegum rökum af hálfu Mílu og PFS hefur ekki fallist á þau. Umræddar hækkningar eru því ólöglegar. Því ber Míla að miða umrædd gjöld við fjárhæðir þær sem fram komu í viðmiðunartilboði félagsins frá 2005, sbr. neðangreint.

*Gjaldaliðurinn „Heimtaug – flutningur númers“ í kafla 8.1 skal nema 2.040 kr.*

*Gjaldaliðurinn „Heimtaug – stofngjald, ný tenging“ í kafla 8.1 skal nema 2.155 kr.*

*Gjaldaliðurinn „Heimtaug – stofngjald, flutningur númers“ í kafla 8.2 skal nema 2.950 kr.*

*Gjaldaliðurinn „Heimtaug – stofngjald, ný tenging“ í kafla 8.2 skal nema 2.155 kr.*

*Gjaldaliðurinn „Heimtaug – stofngjald“ í kafla 8.3 skal nema 2.155 kr.*

*Gjaldaliðurinn „Flutningur þjónustu á aðra heimtaug“ í kafla 8.4 skal nema 2.155 kr.*

### **3.21 Gjaldtaka fyrir útskiptingu og mælingar á línunum og flutnings lína af fjölsíma – Kaflar 8.1–8.5 viðauka 1a**

Í köflum 8.1 (Grunnverð fyrir aðgang að heimtaug), 8.2 (Verð fyrir fullan aðgang að heimtaug), 8.3 (Verð fyrir skiptan aðgang að heimtaug) og 8.4 (Flutningur á þjónustu á aðra heimtaug) í viðauka 1a í viðmiðunartilboði Mílu frá júlí 2008 er gjaldaliður fyrir útskiptingu á línu að fjárhæð 10.829 kr. Sambærilegt ákvæði var í viðmiðunartilboði Mílu frá apríl 2007 og fyrri viðmiðunartilboðum frá 2003 og 2005 nema að verðið var lægra eða 8.663 kr.

Í sömu köflum eru einnig ákvæði um gjaldtöku fyrir flutning á línu af fjölsíma að fjárhæð 10.829 kr. Sambærilegt ákvæði var í viðmiðunartilboði Mílu frá apríl 2007 og fyrri viðmiðunartilboðum frá 2003 og 2005 nema að verðið var lægra eða 8.663 kr.

Í kafla 8.5 í viðauka 1a í viðmiðunartilboði Mílu frá júlí 2008 er að finna eftirfarandi ákvæði sem er óbreytt frá fyrir viðmiðunartilboðum:

*„Óski leigutaki eftir mælingu á línu, skal leigusali verða við slíkum óskum. Leigutaki getur óskað eftir verðtilboði í mælingarnar.“*

#### **3.21.1 Athugasemdir hagsmunaaðila**

Í bréfi Vodafone, dags. 26. september 2008, kom fram að félagið gerði athugasemdir við gjaldtöku fyrir útskiptingu á línu sem væri að finna varðandi allar tegundir aðgangs að heimtaug í 8. kafla viðauka 1a (Verðskrá). Í mörgum tilvikum væri nauðsynlegt að óska eftir útskiptingu á línu vegna bilunar eða gruns um bilun. Ekki væri eðlilegt að leigutaki bæri þann kostnað sem til félli vegna útskiptingar línu í þessum tilvikum. Það sama ætti einnig að gilda um kostnað vegna mælingar á línu. Kostnaður vegna mælingar á línu ætti ekki í öllum tilvikum að falla á leigutaka, sérstaklega ekki í þeim tilvikum þegar línan væri biluð. Einnig væru gerðar

athugasemdir við gjaldtöku fyrir flutning á línu af fjölsíma. Vodafone liti svo á að þarna væri ekki um að ræða kostnað sem falla ætti á leigutaka.

Í bréfi Mílu, dags. 16. desember 2008, kom fram að athugasemdir Vodafone við gjaldtöku Mílu fyrir útskiptingu á línu ættu líklega við gjaldskrárákvæði 8.3 (Verð fyrir skiptan aðgang að heimtaug) og 8.4 (Flutningur á þjónustu á aðra heimtaug). Þetta hefði ekki verið praktíserað varðandi hefðbundnar línur og skoraði Míla á Vodafone að nefna dæmi um slíkt. Það væri þó rétt að fella þetta úr gjaldskránni. Varðandi fjölsíma þá væri þetta praktíserað þar sem verið væri að hagræða til að koma á netsambandi. Hvorki Síminn né Vodafone hefðu hingað til mótmælt réttmæti þess.

### 3.21.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar

#### *Gjaldtaka fyrir útskiptingu á línunum*

Eins og fram kemur hér að ofan hefur Míla fallist á að gjaldtökuákvæði varðandi útskiptingu á línunum í köflum 8.1–8.4 í viðauka 1a verði felld brott úr gjaldskránni þar sem slík gjaldtaka hefur ekki tíðkast í framkvæmd. PFS fellst á það enda er slíkt í samræmi við þá stefnumörkun PFS að einfalda gjaldskrár fyrir aðgang að heimtaug og tengdri þjónustu þannig að hið mánaðarlega leigugjaldi nái til flestra eða allra þátta sem tengjast heimtaugaleigu. Það er því til bóta að fækka hinum ýmsu aukagjöldum enda eykur það gagnsæi.

*PFS leggur því til að gjaldaliðurinn „Útskipting á línu“ falli brott í köflum 8.1, 8.2, 8.3 og 8.4 í viðauka 1a.*

#### *Gjaldtaka fyrir flutning á línu af fjölsíma*

Eins og fram kom hér að ofan gerði Vodafone athugasemdir við gjaldtöku fyrir flutning á línu af fjölsíma. Vodafone leit svo á að þarna væri ekki um að ræða kostnað sem falla ætti á leigutaka án þess að rökstyðja það frekar. Í svari Mílu kom fram að varðandi fjölsíma þá væri þessi gjaldtaka praktiseruð þar sem verið væri að hagræða til að koma á netsambandi. Hvorki Síminn né Vodafone hefðu hingað til mótmælt réttmæti þessa gjalds.

Ofangreint gjald fyrir flutning línu af fjölsíma hefur verið í gjaldskrá allra viðmiðunartilboða Símans/Mílu frá upphafi og að sögn Mílu hefur þetta gjald verið lagt á í framkvæmd sérstaklega þar sem verið væri að hagræða til að koma á netsambandi. Vodafone hefur ekki fært fram rökstuðning fyrir niðurfellingu gjalds þessa og hyggst PFS heimila Míla að innheimta það að svo stöddu þar til kostnaðartengd gjaldskrá hefur verið samþykkt af PFS (eða PFS ákvarðar verð með verðsamanburði). Hins vegar hafnar PFS þeirri hækkun sem varð á gjaldinu með viðmiðunartilboðinu frá júlí 2008 frá fyrri viðmiðunartilboðum þar sem hækkunin er ekki rökstudd af hálfu Mílu og ekki er til staðar heimild til hækkunar í samræmi við vísitöluhækkunarir. Því skal umrætt gjald vera 8.663 kr. en ekki 10.829.

*PFS leggur því til að gjaldaliðurinn „Flutningur á línu af fjölsíma“ í köflum 8.1, 8.2, 8.3 og 8.4 í viðauka 1a nemi 8.663 kr.*

### *Gjaldtaka fyrir mælingu á línunum*

Eins og fram kemur í kafla 8.5 í viðauka 1a skal leigusali verða við óskum leigutaka um mælingar á línunum og getur leigutaki óskað eftir verðtilboði í mælingarnar. Í athugasemdum Vodafone kom fram að félagið gerði athugasemdir við umrædda gjaldtöku. Í mörgum tilvikum væri nauðsynlegt að óska eftir mælingu á línu vegna bilunar eða gruns um bilun. Ekki væri eðlilegt að leigutaki bæri þann kostnað sem til félli í þessum tilvikum, sérstaklega ekki þegar línan væri biluð.

PFS telur að umrætt gjaldtökuákvæði sé mjög ógagnsætt og varhugavert þegar af þeirri ástæðu. Fjarskiptafyrirtæki sem leigir heimtaugar af Mílu getur með engu móti vitað hvað slík mæling kemur til með að kosta nema að fengnu verðtilboði frá Mílu. Þá er spurning hvort slíkar mælingar teljist ekki eðlileg þjónusta við leigutaka og ætti því að vera innifalin í heimtaugaleigugjaldinu. Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11) skulu öll verð Mílu fyrir heimtaugar og tengda þjónustu vera kostnaðartengd. PFS leggur það fyrir Mílu að kostnaðargreina umrætt gjald ef félagið hefur í hyggju að halda slíkri gjaldtöku. Þar til PFS hefur samþykkt kostnaðargreiningu Mílu (eða ákvarðað verð með verðsamanburði) er Mílu heimilt að innheimta umrætt gjald þegar bilun kemur ekki í ljós við mælingu.

Samkvæmt öllu ofangreindu leggur PFS til að ákvæði kafla 8.5 í viðauka 1a sem ber yfirskriftina „Mælingar á línunum“ orðist svo:

*„Óski leigutaki eftir mælingu á línu, skal leigusali verða við slíkum óskum. Leigutaki getur óskað eftir verðtilboði í mælingarnar. Reynist lína biluð er Mílu óheimilt að innheimta gjald fyrir mælinguna.“*

## **4.0 Gjald fyrir skráningu auðkenna á heimtaug í tengslum við netsímapjónustu (VoIP) – Kafli 4, 5. mgr. 8. kafla og kafli 8.2 í viðauka 1a**

Það nýmæli var sett í kafla 7.2 í viðauka 1a með viðmiðunartilboði Símans (nú Mílu) um opinn aðgang að heimtaug, sem taka átti gildi 1. júní 2006, að við bættist gjaldaliðurinn „Yfirtaka á heimtaug“ vegna breytingar í VoIP að fjárhæð 1.060 kr. Umræddan gjaldalið er að finna í kafla 7.2 í verðskránni, þ.e. varðandi verð fyrir fullan aðgang að heimtaug. Ákvæðið og fjárhæð þess var óbreytt í viðmiðunartilboði Mílu frá apríl 2007. Ákvæðið var svo óbreytt í kafla 8.2 í viðauka 1a með viðmiðunartilboði Mílu frá júlí 2008 nema að gjaldið var hækkað í 1.325 kr.

Nýtt ákvæði um „yfirtöku á heimtaug“ var bætt við viðauka 1a í viðmiðunartilboðinu frá júlí 2008 og varð að 4. kafla viðaukans. Þar segir í 1. mgr.:

*„Verði notkun á neðri hluta tíðnisviðsins hætt (t.d. þegar talsímanúmeri er breytt yfir í VoIP númer yfir efra tíðnisviðið), þarf leigutaki að efra tíðnisviðinu að taka yfir fullan aðgang að heimtauginni.“*

## 4.1 Athugasemdir hagsmunaaðila

### Bréf Símans til PFS, dags. 21. júní 2006

Með bréfi til PFS, dags. 21. júní 2006, tilkynnti Síminn um nýtt gjald fyrir skráningu símanúmera í staðbundna netsímaþjónustu (VoIP). Fram kom að gjaldið skyldi tilheyra verðskrá fyrir heimtaugar og væri ætlað að standa straum af kostnaði við skráningu númera á heimtaug. Pöntun á númeraflutningi skyldi berast frá ADSL þjónustuveitanda á viðkomandi heimtaug. Ef netsímaþjónustuveitandi væri ekki með beinan aðgang að heimtaug þyrfti hann að semja við ADSL þjónustuveitanda um aðgang að heimtauginni. Ef ekki væri um sama aðila að ræða væri ADSL þjónustuveitandi því bæði rukkaður fyrir fullan aðgang að heimtaug (1.147 kr.) og fyrir skráningu í netsímaþjónustu (1.060 kr.) en netsímaþjónustuveitandi væri rukkaður um númeraflutning (550 kr.).

Vinnuferlið væri með þeim hætti að pöntun um númeraflutning bærisk frá því fyrirtæki sem væri með skiptan aðgang að efra tíðnisviði heimtaugar (ADSL þjónustuveitandi). Heildsala Símans þyrfti að skrá tvær beiðnir í ICMS kerfið. Annars vegar pöntun á heimtaug sem skráð yrði með leigulínunúmeri og hins vegar pöntun á númeraflutningi. Nýja gjaldið ætti aðeins við um fyrri beiðnina þar sem þegar væri innheimt gjald fyrir númeraflutning kr. 550 án vsk. Þá tæki við skráning á nýrri heimtaug í NMS kerfið (línubókhaldið).

Tvær aðferðir væri notaðar við að finna eðlilegt gjald fyrir þessa aðgerð. Sú fyrri fælist í því að tekinn væri saman tími sem færi í hverja aðgerð. Skráning í ICMS kerfi, eftirlit og samskipti við fjarskiptafyrirtæki og staðfesting væri metin 7,5 mínútur fyrir hverja skráningu. Skráningartími í NMS væri metinn svipaður. Seinni aðferðin fælist í því að tekinn væri saman meðalfjöldi skráðra beiðna í ICMS á tímabilinu nóvember 2005 til apríl 2006 og deilt í hann með fjölda starfsmanna. Samkvæmt því væru unnar 10,7 beiðnir á klukkustund. Meðalskráningin hefði því tekið 5,6 mínútur. Gert væri ráð fyrir svipuðum tíma fyrir skráningu í NMS. Ákveðið hefði verið að miða við lægri töluna en samkvæmt því væri verð fyrir skráningu símanúmers í VoIP þjónustu hjá öðru fjarskiptafyrirtæki kr. 1.060.

### Bréf PFS til Símans, dags. 12. júlí 2006

Í bréfi PSF til Símans, dags. 12. júlí 2006, kom fram að PFS tæki að svo stöddu hvorki afstöðu til lögmætis álagningar umrædds gjalds né heldur til útreiknings þess. Hins vegar óskaði stofnunin eftir því að grein yrði gerð fyrir ástæðum þess að gjaldið væri fyrst tekið upp nú þar sem staðbundin netsímaþjónusta hefði verið veitt um margra mánaða skeið. Þá væri óskað skýringa á því hvers vegna nauðsynlegt væri að skrá pöntun á heimtaug í ICMS (ásamt skráningu á leigulínunúmeri) vegna flutnings á símanúmeri í netsímaþjónustu. Þá óskaði stofnunin eftir skýringum á því hvers vegna gjaldið væri ekki frekar lagt á þann aðila sem hefði í hyggju að veita netsímaþjónustuna til viðbótar við þær 550 kr. sem hann greiddi fyrir númeraflutning.

### Bréf Símans, dags. 30. ágúst 2006

Í svarbréfi Símans, dags. 30. ágúst 2006, kom fram að félagið væri ekki sammála því að staðbundin netsímaþjónusta hefði verið veitt um margra mánaða skeið. Síminn hefði hafið númeraflutning í staðbundinni netsímaþjónustu eftir að ákvörðun PFS frá 8. maí 2006 hefði legið fyrir. Ljóst væri að nokkur kostnaður fylgdi því að breyta

skráningu og innheimtu á heimtaug. Eðlilega tæki tíma að fara yfir það hvaða þættir væru eðlilegir hlutar gjaldsins og reikna út sanngjarnt verð. Það hefði legið fyrir frá upphafi af hálfu Símans að til stæði að rukka fyrir þeim sannanlega kostnaði sem félagið yrði fyrir.

Fram kom að ástæðan fyrir því að Síminn teldi nauðsynlegt að skrá heimtaug upp á nýtt í ICMS kerfið (ásamt skráningu á leigulínunúmeri) væri sú að þegar um væri að ræða númeraflutning í netsímaþjónustu gæti það fyrirtæki sem væri með netsímaþjónustuna breytt númerum, flutt númer yfir í óstaðbundna þjónustu og sett fleiri en eitt númer á sömu heimtaug án þess að Símanum væri tilkynnt um það. Því teldi Síminn nauðsynlegt að heimtaugar sem notaðar væru fyrir slíka þjónustu væru með sitt eigið auðkenni í stað þess að vera með auðkenni sem annar aðili gæti breytt án vitneskju félagsins. Þrátt fyrir að ekki yrði breytt um númer á línunum þyrfti að breyta innheimtu vegna leigu á heimtaugum sem væru með skiptan aðgang þannig að í stað þess að um skiptan aðgang væri að ræða yrði um fullan aðgang að ræða og einnig þyrfti að skrá tengipunkta upp á nýtt í línukerfið.

Þá kom fram að Síminn teldi eðlilegt að sá sem leigði heimtaugina og hefði yfirráð yfir henni greiddi gjaldið. Fljótt á litið gæti virst sanngjarnt að sá sem yrði til þess að breyta þyrfti skráningum greiddi gjaldið. Síminn teldi það hins vegar óframkvæmanlegt þar sem viðskiptavinur Heildsölu Símans væri sá sem leigði heimtaugina en ekki sá sem væri með netsímaþjónustuna. Þá þyrfti að breyta skráningum á heimtauginni og sú breyting þyrfti að vera leigutaka ljós. Um leið og leigutaki leigði fullan aðgang að heimtauginni væri umráðarétturinn á heimtaug hans. Það væri því illmögulegt fyrir Símann að beina innheimtu að öðrum en þeim sem hefði heimtaugina á leigu. Leigutaki heimtaugar gerði síðan upp við netsímafyrirtækið fyrir kostnaðinum. Síminn liti á þetta sem algjörlega sambærilegt við það að leigutakinn þyrfti að greiða gjald fyrir fullan aðgang að heimtaug í stað skipts aðgangs þegar notandinn flytti símaþjónustu sína úr POTS yfir í netsímaþjónustu sem leigutaki heimtaugar byði upp á. Þetta væri því kostnaður við leigu á heimtaug.

Eins og PFS hefði bent á væri það réttur notanda að halda símanúmeri sínu ákvæði hann að skipta um þjónustuveitanda. Hins vegar væri hér um nýja þjónustu að ræða og hefði þessi þjónusta áhrif á kostnað þriðja aðila, þ.e. leigutaka heimtaugar. Þá þyrfti ADSL þjónustuveitandi að skilgreina talsrás í ADSL búnaði ef tryggja ætti gæði símtala. Því væri eðlilegt að leigutaki heimtaugar veitti netsímafyrirtækinu heimild til afnota af heimtauginni.

### **Bréf IP-fjarskipta (Hive) til PFS, dags. 10. nóvember 2006**

Í bréfi Hive til PFS, dags. 10. nóvember 2006, kom fram að Síminn hefði í maí 2006 hafið að innheimta af félaginu sérstakt gjald þegar félagið hafi óskað eftir númeraflutningi í símanúmer sem áður höfðu verið notuð fyrir hefðbundna símaþjónustu. Rökstuðningur Símans hefði verið að nauðsynlegt væri að breyta í bókhaldskerfi félagsins skráningu heimtaugar sem áður hefði verið með skiptum aðgangi þannig að heimtaug væri tilgreind með leigulínunúmeri í stað símanúmers.

Að mati Hive fæli umrædd vinna eingöngu í sér skráningarvinnu í kerfum Símans og væri tilkomin vegna þeirrar hefðar að Síminn skráði koparlínur í kerfum sínum eftir símanúmerum. Síminn ætti sjálfur að bera ábyrgð á breytingum auðkenna í eigin bókhaldskerfum. Með tilkomu aðgangsneta, s.s. ljósleiðara og IP-aðgangsneta, væri

ljóst að notendur myndu vilja flytja símanúmer sín yfir á slík kerfi, enda væri það lögboðinn réttur þeirra. Þessi framþróun á fjarskiptamarkaðinum kallaði á að Síminn endurskoðaði númerakerfi það sem notað væri til að auðkenna heimtaugar.

Síminn hefði kosið að innheimta umrætt gjald af öðrum fyrir að framkvæma umræddar breytingar í eigin bókhaldskerfi. Umrætt gjald stæðist ekki í ljósi almennra kvaða sem lagðar hefðu verið á íslensk fjarskiptafyrirtæki um að þeim sé skylt að verða við beiðnum um númeraflutning og bera straum af þeim kostnaði sem til félli innan eigin fjarskiptaneta að breyta tilvísunum. Til samanburðar væri umrætt gjald ekki innheimt þegar númeraflutningur væri framkvæmdur milli aðila sem báðir veittu hefðbundna talsímaþjónustu. Umrætt gjald skapaði því samkeppnislega hindrun.

#### **Bréf PFS til IP-fjarskipta (Hive), dags. 23. Nóvember 2006**

Í bréfi PFS til Hive, dags. 23. nóvember 2006, kom fram að stofnuninni hefðu borist athugasemdir félagsins frá 10. nóvember í tengslum við markaðsgreiningu á markaði 11. Þar hefðu m.a. verið gerðar athugasemdir við hið sérstaka VoIP gjald. Var upplýst að stofnunin hefði haft umrætt gjald til skoðunar í sérstöku máli og að stofnunin áformaði að taka afstöðu til gjaldsins í tengslum við það mál fremur en sem hluta af áður nefndri markaðsgreiningu. Félaginu væri veitt tækifæri til að koma athugasemdum sínum að í því máli.

#### **Bréf IP-fjarskipta (Hive) til PFS, dags. 18. desember 2006**

Í bréfi Hive, dags. 18. desember 2006, kom fram að IP tækni hefði verið við lýði á fyrirtækjamarkaði um nokkurra ára skeið þótt hin hefðbundna POTS tækni hefði verið allsráðandi á heimasímamarkaði. Fyrirsjáanlegt hefði verið um nokkurra ára skeið að IP tæknin myndi smám saman hefja innreið sína fyrir almenna símaþjónustu. Starfandi fyrirtæki á markaðinum hefðu því haft allar forsendur til að uppfæra og endurskilgreina kerfi sín með tilliti til þessarar þróunar. Kvaðir þær sem með lögum hefðu verið settar á fjarskiptafyrirtæki (t.d. kvöð um númeraflutning) fælu í sér að starfandi fjarskiptafyrirtæki yrðu að uppfæra innri kerfi sín á eigin kostnað í þeim tilgangi að geta orðið við þessum kvöðum. Á sama hátt gerðu fjarskiptayfirvöld þær kröfur til nýrra aðila á markaði að þeirra kerfi uppfylltu sömu kröfur. Þetta sjónarmið kæmi m.a. fram í reglum nr. 401/2001 um númeraflutning þar sem fram kæmi að hvert fjarskiptafyrirtæki skyldi bera kostnað sem hlytist af breytingum á leiðarvali sem gera þyrfti í neti þess. Það væri brot á jafnræðisreglu að gera ríkari kröfur til nýrra aðila að þessu leyti.

Síminn innheimti umrætt gjald á grundvelli þess að heildsalan teldi sig þurfa að breyta skráningu heimtaugar í leigulínu í innri kerfum Símans (NMS og ICMS) áður en hægt yrði að flytja símanúmer frá almenna símkerfinu (POTS) yfir á netsímakerfi Hive. Með þessu væri Síminn bæði að brjóta gegn reglum um númeraflutning og jafnræðisreglu á þann hátt að láta samkeppnisaðila greiða fyrir þann kostnað sem hlytist af skráningarvinnu í innri kerfum Símans. Gjaldtakan skapaði aðgangshindrun þar sem hún stuðlaði að því að Síminn viðhélldi gömlum og úreltum UT kerfum og legði þannig óendurkræfan kostnað á önnur fjarskiptafyrirtæki.

Umrætt VoIP gjald hefði ekkert með hinn eiginlega númeraflutning að gera heldur væri það tilkomið vegna þess að Heildsala Símans kysi að viðhalda ákveðnu kerfi um skráningar á heimtaugum sem fæli í sér að heildsalan notaði símanúmer úr almenna símkerfinu sem auðkenni fyrir heimtaugar. Jafnframt áskildi Heildsalan sér rétt til



Þess að framkvæma fyrst breytingar á skráningu á heimtaug áður en hin eiginlega númeraflutningsbeiðni væri framkvæmd. Þetta verkferli hefði ítrekað valdið töfum á afgreiðslu númeraflutningsbeiðna.

Forsendur Símans fyrir umræddu VoIP gjaldi stæðust ekki. Gjaldinu væri ætlað að standa straum af *kostnaði við skráningar númers á heimtaug*. Hinn eiginlegi númeraflutningur væri einungis framkvæmdur í símsstöð og væri beiðni um hann ekki talin með í kostnaðarútreikningi Símans fyrir umrætt VoIP gjald. Samkvæmt lýsingu Símans væri verkferlið sem lægi til grundvallar gjaldinu tvískipt. Annars vegar væri um að ræða skráningu í ICMS kerfið sem væri *pöntun á heimtaug sem skráð yrði með leigulínunúmer*. Hins vegar væri um að ræða skráningu í NMS kerfið (línubókhald) sem fælist í *skráningu á nýrri heimtaug í NMS kerfið*. Umrætt verkferli horfði algjörlega fram hjá því að Hive væri með virka IP aðgangstengingu við viðskiptavin um efra tíðnisvið heimtaugar (ADSL). Því væri alls engin þörf á breytingum í heimtaugakerfi Símans við það að afgreiða beiðni um númeraflutning. Umræddar breytingar væru einungis til komnar vegna þess að Heildsalan kysi að breyta skráningu skiptrar heimtaugar í leigulínu áður en númeraflutningsbeiðnin væri afgreidd.

Það kynni að vera að númerakerfi það sem Síminn hefði notað í gegnum tíðina krefðist breytinga. Það væri alfarið á ábyrgð Símans að viðhalda auðkennum í sínum innri upplýsingakerfum á þann hátt að félagið gæti orðið við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um þjónustu eins og lög gerðu ráð fyrir án óeðlilegs kostnaðar. Því væri mótmælt að Síminn gæti lagt gjöld á samkeppnisaðila sína fyrir það eitt að breyta línuskráningu í innra bókhaldi sínu. Ef það væri niðurstaða Heildsölu Símans að auðkenni þau sem notuð væru til skráningar á heimtaugum krefðust breytinga vegna netsímaþjónustu væri eðlilegast að kerfinu væri breytt í heild sinni en ekki einungis fyrir einstakar heimtaugar. Ef viðskiptavinur flytti númer sitt til baka yfir á neðra tíðnisvið heimtaugar þyrfti Heildsalan að breyta til baka úr leigulínu í skipta heimtaug og setti þá væntanlega aftur símanúmerið sem auðkenni heimtaugarinnar. Ef slíkur viðskiptavinur flytti svo aftur númerið yfir í netsímaþjónustu þyrfti enn og aftur að breyta skráningu heimtaugarinnar og Heildsalan myndi innheimta gjaldið að nýju. Þetta fyrirkomulag sem Heildsalan kysi að viðhafa um skráningar heimtauga leysti ekki til frambúðar skráningu heimtauga.

Þegar hefðbundin símanúmer væru flutt yfir á netsímkerfi Hive væri ekki nauðsynlegt að breyta skráningu heimtauga. Þegar IP aðgangstenging um efra tíðnisvið heimtaugar væri þegar til staðar væri það eina sem gerðist við framkvæmd slíks númeraflutnings að hætt væri að nota neðra tíðnisvið heimtaugarinnar. Framkvæmd slíks númeraflutnings fæli heldur ekki í sér að aftengja þyrfti neðra tíðnisvið á símsstöðvarhlið né breyta öðrum tengingum í samhýsingu. Ef Síminn kysi að framkvæma slíka vinnu væri það alfarið á ábyrgð Símans og allri gjaldtöku vegna þess yrði hafnað. Einnig væru allar breytingar á skráningu heimtauga í innri kerfum Símans alfarið á ábyrgð félagsins sem og allur kostnaður.

Af öllu ofangreindu virtu hafnaði Hive því alfarið að umrætt gjald gæti talist til eðlilegrar gjaldtöku fyrir vinnu sem framkvæmd væri af hálfu Heildsölu Símans fyrir afnot af heimtaug.

### **Bréf Símans til PFS, dags. 14. febrúar 2007**

Í bréfi Símans, dags. 14. febrúar 2007, kom fram að forsendur gjaldtöku Símans hefðu verið raktar í bréfi félagsins, dags. 21. júní 2006. Samkvæmt því bréfi væri ljóst að Síminn væri einungis að *gjaldfæra kostnað sem fyrirtækið yrði fyrir vegna flutnings númers í netsímaþjónustu*. Öll fyrirtæki sætu við sama borð varðandi greiðslu gjaldsins þar sem gjaldið væri það sama fyrir öll fjarskiptafyrirtæki sem óskuðu eftir flutningi. Jafnræði væri því tryggt og forsendur gjaldtökunnar væru málefnalegar þar sem þær byggja á þeim kostnaði sem til félli við *númeraflutninginn*. Því krefðist Síminn þess að PFS hafnaði kröfum Hive og staðfesti að gjald fyrir númeraflutning í netsímaþjónustu byggði á lögmætum grundvelli.

### **Bréf Mílu til PFS, dags. 20. apríl 2007**

Með bréfi Mílu, dags. 20. apríl 2007, sem sent var í tengslum við fyrirspurn PFS í kjölfar nýs viðmiðunartilboðs frá 1. apríl 2007, kom fram að með bréfum Símans til PFS, dags. 21. júní 2006 og 14. febrúar 2007, hefði Síminn tilkynnt PFS um nýtt gjald fyrir flutning númers í netsímaþjónustu og hefði kostnaður verið tilgreindur og skýrður nánar.

### **Bréf Vodafone til PFS, dags. 14. ágúst 2007**

Í bréfi Vodafone, dags. 14. ágúst 2007, gerði félagið athugasemdir við nýja gjaldtöku Mílu fyrir skráningu símanúmera í staðbundna VoIP þjónustu. Ekki væri séð hvers vegna aðrar forsendur ættu að gilda um þennan númeraflutning en númeraflutning í öðrum kerfum. Gjald fyrir númeraflutning ætti að ná yfir allan kostnað við flutning á númeri og því ætti ekki að vera hægt að rukka fyrir kostnað vegna skráningar númers aukalega.

### **Bréf IP-fjarskipta (Hive) til PFS, dags. 18. ágúst 2007**

Í bréfi Hive, dags. 18. ágúst 2007, ítrekaði félagið fyrri mótmæli sín vegna sérstaks gjalds fyrir flutning númers í netsímaþjónustu.

### **Bréf PFS til Mílu, dags. 25. september 2007**

Með bréfi PFS til Mílu, dags. 25. september 2007, var félaginu tilkynnt að PFS hefði í hyggju að sameina mál það sem hér er til umfjöllunar varðandi VoIP gjaldið sérstöku máli sem PFS væri með til meðferðar varðandi yfirferð á viðmiðunartilboði Mílu frá apríl 2007.

### **Bréf Mílu til PFS, dags. 19. október 2007**

Í bréfi Mílu, dags. 19. október 2007, kom fram að umræddu gjaldi væri ætlað að standa straum af kostnaði við skráningu númers á heimtaug. Áður hefðu verið færð ítarleg rök fyrir töku þessa gjalds, sbr. bréf Símans, dags. 21. júní 2006, 30. ágúst 2006 og 14. febrúar 2007. Sjónarmiðum Vodafone og Hive væri því hafnað.

### **Bréf PFS til Mílu, dags. 17. júlí 2008**

Með bréfi PFS til Mílu, dags. 17. júlí 2008, var félaginu tilkynnt að þar sem í desember 2007 hefðu aðeins sex mánuðir verið í að Míla skyldi afhenda PFS nýtt viðmiðunartilboð í samræmi við ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11) hefði stofnunin ákveðið að bíða með yfirferð á breytingunum á viðmiðunartilboðinu frá apríl 2007 og að skera úr um hið sérstaka VoIP gjald. Því hefði PFS ákveðið að sameina ofangreind mál nýju máli sem stofnað hefði verið vegna yfirferðar á hinu nýja viðmiðunartilboði.

Í hinu nýja máli myndi PFS m.a. taka til skoðunar þær breytingar sem Míla hefði tilkynnt með viðmiðunartilboðunum frá 2007 og júlí 2008 og hið sérstaka VoIP gjald.

### **Bréf Vodafone til PFS, dags. 26. september 2008**

Í bréfi Vodafone, dags. 26. september 2008, kom fram að félagið ítrekaði fyrri athugasemdir varðandi gjaldtöku fyrir skráningu símanúmera í staðbundna netsímaþjónustu.

### **Bréf Mílu til PFS, dags. 16. desember 2008**

Í bréfi Mílu, dags. 16. desember 2008, kom fram að gjaldi þessu væri ætlað að standa straum af kostnaði við skráningu númera á heimtaug. Áður hefðu verið færð fram ítarleg rök fyrir töku þessa gjalds.

## **4.2 Álit Póst- og fjarskiptastofnunar**

### *Númeraflutningsgjald*

Í 52. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 með síðari breytingum kemur fram að notendum almennrar talsímaþjónustu skuli vera unnt að halda símanúmerum sínum óháð því hvaða fjarskiptafyrirtæki veiti þjónustuna. Gjöld fyrir númeraflutning skulu taka mið af kostnaði við að veita þjónustuna. Þá kemur fram að PFS geti sett nánari reglur um númeraflutning.

PFS setti reglur nr. 401/2001 um númeraflutning. Í 1. mgr. 1. gr. reglnanna var hugtakið „númeraflutningur“ skilgreint sem „*möguleiki áskrifenda að flytja með sér númer sín þegar þeir breyta um þjónustuveitanda, heimilisfang eða þjónustu*“. Í 1. mgr. 13. gr. reglnanna er skýrt kveðið á um að fjarskiptafyrirtæki skulu sjálf bera **kostnað af kerfisaðgerðum** til þess að gera númeraflutning mögulegan. Þá segir í 14. gr. reglnanna að hvert fjarskiptafyrirtæki skuli bera kostnað sem hlýst af breytingum á leiðarvali sem gera þarf í neti þess. Núgildandi reglur um númera- og þjónustuf lutning í almennum fjarskiptanetum eru nr. 949/2008. Efnislega samhljóða ákvæði og að ofan greinir er af finna í 2., 18. og 21. gr. þeirra reglna.

Með hliðsjón af ofangreindu er ljóst að fjarskiptafyrirtæki skulu sjálf bera þann kostnað sem hlýst af kerfisaðgerðum til þess að gera númeraflutning mögulegan. Hins vegar fellur umskráningarkostnaður á það fyrirtæki sem tekur áskrifanda í þjónustu sína. Því fyrirtæki er síðan frjálst að ákveða hvort það velti þeim kostnaði yfir á viðkomandi áskrifanda eða beri kostnaðinn sjálft. Almennt taka fjarskiptafyrirtækin umræddan kostnað á sig en gjaldið hefur á undanförunum árum numið 550 kr.

Í máli því sem hér er til umfjöllunar er óumdeilt að greiða beri ofangreint umskráningargjald hvort sem símanúmer er flutt í hefðbundna talsímaþjónustu (POTS) eða netsímaþjónustu (VoIP). Slíkt gjald fer á milli fjarskiptafyrirtækja sem veita talsímaþjónustu. Hið sérstaka VoIP gjald getur því ekki verið gjald fyrir númeraflutning þar sem það er innheimt af Mílu (áður Heildsölu Símans) sem ekki veitir talsímaþjónustu. Míla hefur haldið því fram að umrætt VoIP gjald sé tilkomið vegna vinnu við skráningar á heimtaugum hjá Mílu. Verður lögmæti þess gjalds nú tekið til skoðunar hér að neðan.

### *Gjald fyrir skráningu auðkenna á heimtaug í tengslum við netsímaþjónustu*

Eins og fram kom hér að ofan var það nýmæli sett í viðmiðunartilboð Símans (nú Mílu) um opinn aðgang að heimtaug, sem taka átti gildi 1. júní 2006, að við bættest gjaldaliðurinn „Yfirtaka á heimtaug“ vegna breytingar í VoIP að fjárhæð 1.060 kr. Umræddan gjaldalið er að finna í þeim hluta verðskrárinnar þar sem fjallað er um *fullan aðgang* að heimtaug. Ákvæðið og fjárhæð þess var óbreytt í viðmiðunartilboði Mílu frá apríl 2007 og í viðmiðunartilboði Mílu frá júlí 2008 nema að gjaldið var hækkað í 1.325 kr. Nýtt ákvæði um „yfirtöku á heimtaug“ var bætt við viðauka 1a í viðmiðunartilboðinu frá júlí 2008 og varð að 4. kafla viðaukans. Þar sagði að leigutaki að efra tíðnisviði heimtaugar þyrfti að taka yfir fullan aðgang að heimtaug ef notkun yrði hætt á neðra tíðnisviðinu. Í dæmaskyni kom fram að þetta gæti gerst þegar talsímanúmeri væri breytt yfir í netsímanúmer.

Samkvæmt ofangreindu grundvallast hið umþrætta gjald á þeirri einhliða tilhögun Mílu (áður Heildsölu Símans) að færa leigutaka af efri hluta heimtaugar (skiptur aðgangur) yfir í fullan aðgang að heimtaug þegar neðra tíðnisviði er sagt upp og talsími er fluttur yfir í netsíma. Í kafla 3.2 hér að framan þar sem fjallað var um tegundir aðgangs, yfirtöku heimtaugar og verð fyrir heimtaugaleigu var þessu fyrirkomulagi hafnað eins og rakið verður stuttlega hér að neðan.

Með ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11) lagði PFS þá kvöð á Mílu að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang að heimtaugum. Míla skyldi verða við umsóknum fjarskiptafyrirtækja um efri tíðnihluta koparheimtauga fyrir gagnaflutning jafnvel þó að neðri tíðnihlutinn væri ekki í notkun fyrir talsímaþjónustu. Kvöð um aðgang var lögð á Mílu í fjórum undirflokkum:

- *Fullur aðgangur* að neðra og efra tíðnisviði heimtaugarinnar.
- *Skiptur aðgangur* þar sem eitt fjarskiptafyrirtæki leigir neðri tíðnihlutann fyrir talsíma og annað efri tíðnihlutann fyrir gagnaflutning.
- *Strípaður talsími*, þ.e. heimtaugin er eingöngu notuð fyrir talsíma.
- *Strípað xDSL*, þ.e. heimtaugin er eingöngu notuð fyrir gagnaflutning.

Með heimild í 32. gr. fjarskiptalaga lagði PFS þá kvöð á Mílu að ákveða gjaldskrá fyrir leigu á koparheimtaugum á grundvelli kostnaðar. Sundurliðun á leigu fyrir aðgang skyldi vera sem hér segir:

- Mánaðarlegt *grunnverð* sem ávallt mætti krefjast óháð notkun heimtaugarinnar.
- Mánaðarlegt *aukagjald* fyrir skiptan aðgang, þ.e. fyrir aðgang að efri hluta tíðnisviðs heimtaugarinnar með xDSL eða samsvarandi tækni.
- Gjöld fyrir hýsingu og aðgang að aðstöðu sem tengdist aðgangi að koparheimtaugum.

Þá kom fram að þegar aðgangur skiptist á milli tveggja fjarskiptafyrirtækja skyldi sá greiða grunnverðið sem aðgang hefur að neðra tíðnisviðinu en hinn greiddi aukagjaldið. Þegar um strípað xDSL væri að ræða, þ.e. talsímabandið væri ekki í notkun, bæri leigjanda efra tíðnisviðsins að greiða grunnverðið engu að síður auk aukagjalds fyrir efra tíðnisviðið. Fram kom að þessi kostnaðaruppbygging varðandi

grunngjald og aukagjald fyrir skiptan aðgang hefði tíðkast undanfarin ár hér landi og því væri ekki um neina breytingu að ræða. Samkvæmt þessu var Mílu talið heimilt að innheimta gjald fyrir fullan aðgang að heimtauginni þegar leigutaki þarf aðeins að nota efra tíðnisviðið (strípað xDSL).

Síminn (nú Míla) tilkynnti PFS um nýtt viðmiðunartilboð í febrúar 2007. Með bréfi Mílu til PFS, dags. 20. apríl 2007, var fjallað stuttlega um yfirtöku á heimtaug. Þar sagði að yrði notkun á neðra tíðnisviði hætt, t.d. þegar talsímanúmeri væri breytt yfir í VoIP númer í efra tíðnisviði, þyrfti leigutaki efra tíðnisviðsins að taka *fullan aðgang* að heimtauginni. Umsóknir skyldu vera skriflegar eða rafrænar og reiknaðist stofngjald að nýju. Eftirfarandi ákvæði, sem fyrst var bætt inn í viðmiðunartilboð Mílu frá apríl 2007, er að finna í 5. mgr. 8. kafla viðauka 1a við viðmiðunartilboð Mílu um opinn aðgang að heimtaugum frá 11. júlí 2008.

*„Nú hættir leigutaki að leigja skiptan aðgang að neðra tíðnisviði heimtaugar og skal leigutaki að efra tíðnisviði heimtaugar þá greiða leiguverð fyrir fullan aðgang að heimtaug skv. töflu 8.2. Einnig fellur til gjald skv. töflu 8.2 (Yfirtaka á heimtaug), vegna breytingar á skráningu í upplýsingakerfum.“*

Umrætt gjald sem vísað er til hér að ofan er gjald vegna yfirtöku á heimtaug vegna breytingar í VoIP að fjárhæð 1.060 kr.

PFS telur ljóst að undir engum kringumstæðum geti Míla innheimt hjá leigutaka efri tíðnisviðsins nýtt stofngjald þegar notkun neðri tíðnisviðsins er hætt án þess að talsímanúmeri sé breytt í netsímanúmer á efra tíðnisviði. Þetta á við hvort sem umræddur leigutaki efra tíðnisviðsins var einnig leigutaki neðra tíðnisviðsins eða annað fjarskiptafyrirtæki. Leigutaki efra tíðnisviðs ber þó að greiða fyrir fullan aðgang að heimtaug þótt umrætt stofngjald reiknist ekki. Þá verður ekki talið að leigutaki efra tíðnisviðs þurfi að senda Mílu skriflega eða rafræna umsókn þegar notkun neðra tíðnisviðs lýkur án breytingar talsímanúmers í netsímanúmer, hvort sem sá leigutaki eða annað fjarskiptafyrirtæki hafi haft neðra tíðnisviðið á leigu.

Fram kom í kafla 3.2 hér að framan að PFS teldi ljóst að þær þrjár tegundir aðgangs sem fram kæmu í 1. kafla viðauka 1a í viðmiðunartilboðinu frá júlí 2008 væru ekki í fullu samræmi við þær fjórar tegundir aðgangs sem kveðið væri á um í aðgangskvaðakafla ákvörðunar PFS nr. 26/2007. Því skyldi Míla breyta umræddum 1. kafla viðaukans í samræmi við það. PFS fór fram á ofangreinda breytingu þar sem Míla virðist hafa blandað saman umræddum fjórþættum aðgangi og verði fyrir aðgang. Í umræddri ákvörðun kom fram að þegar aðgangur skiptist á milli tveggja fjarskiptafyrirtækja skyldi sá greiða grunnverðið sem aðgang hefði að neðra tíðnisviðinu en hinn greiddi aukagjaldið. Þegar um strípað xDSL væri að ræða bæri leigjanda efra tíðnisviðsins að greiða grunnverðið engu að síður auk aukagjalds fyrir efra tíðnisviðið. Umrætt verðfyrirkomulag gerði það ekki að verkum að leigjandi strípaðs xDSL leigði fullan aðgang þrátt fyrir að hann þyrfti að greiða fyrir ígildi slíks aðgangs.

Það var einnig niðurstaða PFS í kafla 3.2 hér að fram að af ofangreindu leiddi einnig að ákvæði 4. kafla viðauka 1a um yfirtöku heimtaugar (sem væri nýmæli í viðmiðunartilboðinu frá júlí 2008) skyldi falla brott þar sem það væri ekki í samræmi við ofangreinda ákvörðun PFS að leigutaki að efra tíðnisviðinu bæri að taka yfir fullan aðgang að heimtauginni yrði notkun á neðri hluta tíðnisviðsins hætt. Míla

skyldi því fella 4. kafla viðaukans brott og uppfæra önnur kaflanúmer til samræmis við þá breytingu.

Samkvæmt öllu ofangreindu er ljóst að sú tilhögun sem Míla hefur grundvallað hina umþrættu gjaldtöku á, þ.e. að færa leigutaka skipts aðgangs yfir í fullan aðgang og kalla það „yfirtöku“ heimtaugar, er ekki í samræmi við ofangreinda ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11). Þegar af þeirri ástæðu er hin umþrætta gjaldtaka Mílu fyrir skráningu auðkenna (símanúmera) á heimtaug í tengslum við númeraflutning yfir í netsímaþjónustu (VoIP) ólögmat frá og með uppkvaðningu umræddrar ákvörðunar hinn 21. desember 2007. Þar sem verðuppbygging sú sem staðfest var með ofangreindri ákvörðun og þær fjórþættu aðgangsleiðir sem kveðið var á um í henni fólu í raun og veru ekki í sér neinar breytingar frá þeirri framkvæmd sem viðhöfð hafði verið á árunum þar á undan verður að telja að umþrætt gjaldtaka sé ólögmat frá því hún hófst í maí 2006.

Fjöldmörg önnur sjónarmið í málinu styrkja þá niðurstöðu og að ofan greinir. Má þar helst nefna eftirtalin atriði:

- Vafasamt er að verklag það sem Síminn og Míla hafa viðhaft varðandi umrædda gjaldtöku standist. Samkvæmt 52. gr. fjarskiptalaga ættu notendur fjarskiptaþjónustu rétt á númeraflutningi á milli fjarskiptafyrirtækja og eða fjarskiptaþjónustu. Skýrt er tekið fram í reglum um númeraflutning að fjarskiptafyrirtækin skulu sjálf hvert um sig bera kostnað af kerfisaðgerðum til þess að gera númeraflutning mögulegan. Ekki verður séð að slíkur þjónustuflutningur sé háður samþykki eða skilyrðum þess fjarskiptafyrirtækis sem rekur viðkomandi aðgangsnét.
- Ein meginreglan í evrópskum fjarskiptarétti er reglan um tæknilegt hlutleysi (e. Technological neutrality). Hún felur í sér að fjarskiptafyrirtækjum beri að taka upp vinnubrögð og verkferla sem eru óháð þeirri tækni sem notuð er yfir heimtaugina. Netsímaþjónusta er einungis tiltekið efni (e. content) sem flutt er um efri hluta tíðnisviðsins.
- Telja verður að fjarskiptafyrirtækjum með umtalsverðan markaðsstyrk beri að sýna vissa fyrirhyggju við framþróun og uppbyggingu fjarskiptakerfa sinna svo þau geti veitt eðlilegan og sanngjarnan aðgang að kerfum sínum án þess að varpa óeðlilegum kostnaði á önnur fjarskiptafyrirtæki sem oftast en ekki er óafturkræfur og hamlar samkeppni.
- Það er einnig meginregla í fjarskiptarétti að fjarskiptafyrirtæki eiga ekki að greiða fyrir þjónustu sem þau óska ekki eftir. Ljóst er að Míla getur ekki einhliða flutt leigutaka skipts aðgangs í fullan aðgang og kallað það yfirtöku á heimtaug og innheimt ýmis stofngjöld og aukagjöld í kjölfarið.
- Þá verður að telja að þau mánaðarverð sem Míla innheimtir fyrir heimtaugaleigu og eiga að vera kostnaðartengd hljóta að dekkja ýmis konar „viðvik“ félagsins í tengslum við heimtaugaleiguna. Því er óeðlilegt að félagið innheimti ýmis ógagnsæ aukagjöld að auki. Í öllu falli er ljóst að aukagjaldið fyrir notkun efra tíðnisviðsins (285 kr. í dag), sem er hugsað fyrir aðgang að efri hluta tíðnisviðs heimtaugarinnar með xDSL eða samsvarandi tækni ætti að dekkja kostnað sem þennan sem sérstaklega beinist að efra tíðnibandi heimtaugarinnar.
- Þá verður ekki séð að þær ástæður sem Míla nefnir fyrir því fyrirkomulagi sem umrætt gjald byggist á séu mjög traustvekjandi eða kalli á hina umþrættu

gjaldtöku. Híve hélt því fram að umrætt fyrirkomulag varðandi endurskráningar á heimtaugum í tengslum við númeraflutning væri óþarft og ef Míla ákvæði samt sem áður að viðhafa slíkt fyrirkomulag bæri félagið ábyrgð á því og gæti ekki varpað kostnaði af slíku á önnur fjarskiptafyrirtæki. PFS hefur eins og áður sagði hafnað því að umrætt fyrirkomulag sé í samræmi við ákvörðun PFS nr. 26/2007 (M11).

Að öllu ofangreindu virtu er hin umþrætta gjaldtaka Mílu fyrir skráningu auðkenna (símanúmera) á heimtaug í tengslum við númeraflutning yfir í netsímaþjónustu (VoIP) ólögæt frá því hún hófst í maí 2006.

*Liðurinn „Yfirtaka á heimtaug vegna breytingar í VoIP“ að fjárhæð 1.325 (1.060 kr. fram til 11. júlí 2008) í kafla 8.2 (Verð fyrir fullan aðgang að heimtaug) í viðauka 1a skal felldur brott.*

Ákvæði 5. mgr. 8. kafla viðauka 1a skal hljóða svo:

*„Nú hættir leigutaki að leigja skiptan aðgang að neðra tíðnisviði heimtaugar og skal leigutaki að efra tíðnisviði heimtaugar þá greiða leiguverð eins og um fullan aðgang að heimtaug sé að ræða skv. töflu 8.2.“*

## Ákvörðunarorð

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir að viðmiðunartilboð Mílu ehf., kt. 460207-1690, fyrir opinn aðgang að heimtaugum, dags. 11. júlí 2008, taki gildi frá og með 1. apríl 2009, með þeim breytingum sem mælt er fyrir um í viðauka við ákvörðun þessa.

Við gildistöku viðmiðunartilboðsins skal Míla hafa lokið við að breyta því í samræmi við fyrirmæli Póst- og fjarskiptastofnunar samkvæmt ákvörðun þessari og birta það á aðgengilegan hátt á vefsíðu sinni.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

*Reykjavík, 19. febrúar 2009*

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Óskar Hafliði Ragnarsson